

**SKOÐUN** Hafnfirðingar vilja lausn um rafmagnslínur, skrifar Ófeigur Friðriksson. 13



**MENNING** Fyrsta leikhúskaffið í Gerðubergi fjallar um Ofsa. 20



**LÍFIÐ** Hulda Ólafsdóttir ákvað að þora og stofnaði fyrirtækið Hjartalag. 30



**SPORT** Daninn Rasmus Lauge spilar fyrir tvo íslenska þjálfara. 26


20 ÁFANGASTAÐIR 2015

WOW air



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
28. janúar 2015
23. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## MARKAÐURINN



### Lausn fyrir vefsíður

Sprotafyrirtækið Tagplay hleypir í dag af stokkunum nýrri veflausn sem hjálpar fyrirtækjum að halda vefsíðum og öppum lifandi og uppfærðum með hjálp samfélagsmiðla.

## FRÉTTIR

### Vilja lokaðan íbúafund

Boðuðum íbúafundi í Grímsey hefur verið frestað og nýr fundur ekki verið boðaður. Íbúar vilja ræða áhyggjuefni sín utan kastljóss fjölmiðla. 2

**Hlutir sem ekki mega gleymast** Um þrjú hundruð eftirlifendur helfararinnar komu saman í Auschwitz í gær. 8

**Starfsemi í óvissu** Ungbarnaleikskólanum Bjarma í Hafnarfirði verður lokað eftir hálft ár. 10




12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | | NA | 10 |
| Akureyri | -2° | | N | 4 |
| Egilsstaðir | -6° | | NV | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | -4° | | N | 5 |
| Reykjavík | -1° | | NA | 5 |

**STORMUR NV-TIL** Norðlæg átt víðast 5-10 m/s og él fyrir norðan en gengur í norðaustan storm NV-til í kvöld með snjókomu. Frost 0-10 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk




# Bláa lónið sagt góður kostur í Kauphöllina

Fjárfestingasjóðurinn Horn II horfir til þess að skrá fyrirtæki í sinni eigu á hlutabréfamarkað hér. Nefnd eru fyrirtækin Fáfnir Offshore, Bláa lónið og KEA Hotels.

**VIÐSKIPTI** Til greina kemur að skrá fyrirtæki í eigu fjárfestingasjóðsins Horns II í Nasdaq-kauphöllina hér á landi (Kauphöll Íslands). Þetta kemur fram í viðtali Markaðarins við Hermann Þórisson, framkvæmdastjóra Horns II.

Hermann segir að á meðal fyrirtækja sem eru í eigu sjóðsins og væri hægt að skrá á markað séu Fáfnir Offshore, Bláa lónið, Invest Farma og jafnvel KEA Hotels.

„Fáfnir er fyrirtæki sem væri mjög áhugavert að sjá fara á markað. Vissulega eru erfiðar markaðsaðstæður í olíugeiranum akkúrat í dag, en þær voru mjög góðar fyrir rúmum sex mánuðum,“ segir Hermann. Batni ytri aðstæður þá gæti félagið vel verið nógu stórt til þess að fara á markað.

Þá segir Hermann Bláa lónið vera stórt og öflugt félag í góðum rekstri. „Ég held að það sé alveg klárlega kandídat til að fara á markaðinn.“ Fyrirtækið hafi verið vel rekið og markaðssett undanfarin ár og þar hafi orðið mikil verðmætaaukning.

„KEA Hotels er ekki af sömu stærðargráðu og þú þarft að hafa ákveðna lágmarksstærð til þess að fara á markaðinn. Hugsanlega gæti það orðið kandídat á First North.“ Hermann bendir á að rætt hafi verið á Alþingi að rýmka fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða með bréf á First North. Það gæti gert þann markað ákjósanlegri.



**HERMANN ÞÓRISSON**

- jhh / sjá Markaðinn

Nýtt skipurit í Reykjanesbæ:

# Yfirmönnum öllum sagt upp

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Ákveðið hefur verið að segja öllum yfirmönnum Reykjanesbæjar upp störfum. Uppsagnirnar, sem ná til átta starfsmanna, voru samþykktar á fundi bæjarstjórnar í gærkvöldi.



**KJARTAN MÁR KJARTANSSON**

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir verið að endurskipuleggja stjórnskipulag bæjarins en nýtt skipulag var samþykkt á fundinum.

Nýja skipuritið tekur gildi 1. júní, en uppsagnirnar taka gildi 1. júlí. Kjartan segist vonast til þess að þeir sæki aftur um stöðurnar sem sagt var upp. - bá, óká



**Í GRÓÐURHÚSI LAMBHAGA** Ásmundur Þórisson hjá Lambhaga var á vaktinni þegar ljósmyndara bar að garði í gær. Fram kemur í umfjöllun blaðsins í dag að hlutfall innlendrar framleiðslu á grænmeti hafi undanfarin ár verið á milli 70 og 75 prósent af markaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stórfé í innflutt grænmeti:

# Mikið flutt inn sem rækta má

**LANDBÚNAÐUR** Hátt raforkuverð til garðyrkjubænda kemur í veg fyrir að bændur ráðist í uppbyggingu til að auka framleiðslu sína. Verðmæti innflutts grænmetis og berja sem hægt væri að framleiða á Íslandi með tiltölulega einföldum hætti er metið á 2,1 til 2,4 milljarða króna árin 2012 og 2013.



**BJARNI JÓNSSON**

Þetta er niðurstaða útreikninga Bjarna Jónssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Samtaka garðyrkjubænda, sem telur bændur einfaldlega ekki telja sig hafa hag af því að auka fjármagnskostnað sinn við núverandi aðstæður í rekstri.

Bjarni segir það deginum ljósara að þegar hvatar hafa verið til staðar í rekstrarumhverfi garðyrkjunnar hafi svörunin verið á einn veg. Framleiðsla eykst og neyslan eykst. - shá / sjá síðu 4






Talið að stjórnvöld hafi brugðist í að veita fórnarlömbum rétt úrræði:

# Fórnarlömb mansals í fangelsi

**DÓMSMÁL** Hreiðar Eiríksson, héraðsdómslögmaður og fyrrverandi rannsóknarlögreglumaður, telur að hann hafi rætt við á annan tug manns sem hér hafi verið seld mansali. Hann telur stjórnvöld hafa brugðist í að veita fórnarlömbum mansals úrræði sem henti og bendir á að vanþekking um málaflokkinn sé enn ríkjandi. Fólkið óttist mjög að vera sent heim eða fangelsað.

Hér hafa nokkur mansalsfórnarlömb verið fangelsuð. Árið 2003 voru fimm kínverskar manneskjur dæmdar í fangelsi á Íslandi þó að dómara væri fullljóst að um fórnarlömb mansals væri að ræða. Fleiri einstaklingar hafa verið dæmdir til fangelsisvistar þótt sterkur grunnur hafi kviknað um mansal.

> **Þeir eru bara að þrauka. Þeir eru líka hræddir við að bera vitni og eru almennt séð í vondri stöðu.**
>
> *Hreiðar Eiríksson, héraðsdómslögmaður.*

Hreiðar bendir á að vandi fólks sem selt hafi verið mansali sé flókinn. Þar spili inn í ótti við að fara aftur heim í vondar aðstæður og mæta breyttum veruleika. „Þeir eru bara að þrauka. Þeir eru líka hræddir við að bera vitni og eru almennt séð í vondri stöðu en úrheimtir þekkingu og samhæfingu margra aðila.“

- kbg, vh / sjá síðu 6



**SKORTIR ÞEKKINGU** Hreiðar Eiríksson segir vanda mansalsbrotaþola flókinn og útheimta þekkingu á málaflokknum. Hér á landi hefur skort á hana. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




## SPURNING DAGSINS



Jóhannes, hefur þú trú á þessu?

**„Já, maður verður að hafa trú á því sem maður gerir.“**

Jóhannes Haukur Jóhannesson leikur Tómas, lærisvein Jesú í nýrri bandarískri sjónvarpsþáttaröð sem kallast A.D.

Þrátt fyrir að eldgosið í Holuhrauni hafi staðið í tæpa fimm mánuði er það enn kröftugt:

# Nornahraun heldur áfram að þykkna

**NÁTTÚRA** Sýnileg virkni í eldstöðinni í Holuhrauni var með minnsta móti þegar vísindamenn dvöldu norðan Vatnajökuls við mælingar í liðinni viku. Ýtarlegar mælingar á hrauninu úr lofti á tímabilinu 30. desember til 21. janúar sýna að hraunið hefur þykknað mikið á þessum þremur vikum. Rúmmál þess er nú orðið 1,4 rúmkílómetrar.

Hraunrennslið á meðan mælingarnar stóðu yfir var tæplega hundrað rúmmetrar á sekúndu. Eins og komið hefur fram dregur því hægt úr ákafa gossins en vonast er til að hægt verði að mæla stærð hraunsins á ný seinna í þessari viku og fást þá nýjar tölur um hraunflæðið.

Mikil jarðskjálftavirkni er enn í Bárðarbungu. Alls hafa mælst um 150 skjálftar í Bárðarbungu frá því á föstudag þar til í gær. Ekki hefur mælst skjálfti yfir 5,0 að stærð frá 8. janúar.

Í kvikuganginum hafa mælst um 50 skjálftar frá því á föstudag. Flestir skjálftanna eru undir 1,0 að stærð.

GPS-mælingar við norðurjaðar Vatnajökuls sýna áframhaldandi hægar færslur í átt að Bárðarbungu. Enn dregur þó úr hraða samdráttarins. **- shá**



**NORNAHRAUN** Þykknar jafnt og þétt eftir að dregur úr eldgosinu í Holuhrauni. MYND/GROPEDERSEN



**ALLT Á FLOTI** Sjór gekk á land í bænum Scituate í Massachusetts vegna óveðursins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Borgir og bæir á austurströnd Bandaríkjanna á kafi í snjó:

## Veðurguðirnir sýndu mátt sinn

**BANDARÍKIN Bylur geisaði á norðausturströnd Bandaríkjanna í gær. Spáð hafði verið miklum snjó í New York en veðurofsinn hlífði borginni. Maine, New Jersey, Massachusetts og nágrannaríki þeirra voru ekki jafn lánsöm.**

**Snjór náði á sumum stöðum á annan metra og setti daglegt líf úr skorðum. Útgöngubann var í nokkrum ríkjum á meðan veðrið gekk yfir en því hefur nú verið aflétt.** **- jóe**

Skólaþing ekki fyrir alla:

## Vill jafnt aðgengi að þingi

**ALÞINGI** Enginn grunnskóli á Austurlandi hefur heimsótt Skólaþingið sem starfrækt er á Alþingi fyrir efstu bekki grunnskóla.

Frá þessu greindi Brynhildur Pétursdóttir þingmaður í þingræðu í gær. Hún velti í kjölfarið upp þeirri hugmynd hvort Skólaþingið gæti farið ferð um landið.

Frá 2007 hafa sjötíu grunnskólar heimsótt Skólaþingið en aðeins ellefu þeirra eru utan höfuðborgarsvæðisins eða næsta nágrennis við höfuðborgina.

Forseti þingsins, Einar K. Guðfinnsson, sagðist mundu taka málið upp á fundi forsætisnefndar þingsins til að bæta úr. **- sa**

Segir póstinn ekki týndan:

## Persónuvernd fær skeytið

**LÖGREGLUMÁL** Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri segir tölvupóst hennar til Gísla Freys Valdórssonar ekki týndan og mun hún senda hann Persónuvernd fyrir lok vikunnar.

Kjarninn greindi frá því að tölvupóstinn umrædda sé hvorki að finna í ráðuneytinu né hjá embætti lögreglu á Suðurnesjum.

Að mati Persónuverndar er umræddur tölvupóstur lykilgagn í rannsókn stofnunarinnar á samskiptum lögreglustjórans og aðstoðarmanns ráðherra og hvort lög hafi verið brotin um meðferð persónugreinanlegra gagna. **- sa**

# Grímseyingar vilja lokaðan íbúafund

Boðuðum íbúafundi í Grímsey hefur verið frestað og nýr fundur ekki verið boðaður. Grímseyingar vilja ræða hugðarefni sín án kastljóss fjölmiðla og vilja hafa fundinn lokaðan fjölmiðlum. Ástandið í eynni er talið vera grafalvarlegt.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Íbúar í Grímsey hafa látið bæjaryfirvöld á Akureyri vita að þeir vilji ekki ræða framtíð búsetu í eynni og sín hugðarefni undir kastljósi fjölmiðla. Boðuðum borgarafundi í Grímsey var frestað vegna óviðráðanlegra orsaka, eins og það var orðað í fréttatilkynningu frá Akureyrarbæ í gær, og hefur ekki verið boðaður nýr fundur meðal íbúa eyjarinnar. Fundurinn átti að vera opinn öllum þeim sem áttu kost á að komast til eyjarinnar.

„Fulltrúar hverfisráðs Grímseyjar hafa komið að máli við okkur og látið okkur vita af áhyggjum sínum af því að hafa fundinn opinn fjölmiðlum. Það skiptir miklu máli að fundurinn verði upplýsandi og að gott samtal náist,“ segir Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri.

Útgerð í eynni stendur á tímamótum, skuldir útgerðarfélaganna eru miklar og Íslandsbanki þrýstir á að félögin selji eignir til að standa straum af greiðslu skulda félaganna. Eiríkur Björn bæjarstjóri vonar að hægt verði að funda sem fyrst með Grímseyingum. „Það er mikilvægt að við náum að eiga samtal við heimamenn sem allra fyrst til þess að ræða stöðu atvinnumála í Grímsey. Staðan er krítísk og við viljum finna lausn eins fljótt og auðið er.“

Akureyrarkaupstaður og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar vinna að lausn á vandamálum útgerða í Grímsey með aðkomu Byggðastofnunar. Formaður stjórnar Byggðastofnunar, Þóroddur Bjarnason prófessor, hefur sagt að ef ekki næst samstaða allra aðila í eynni um veiðar og vinnslu sé líklegt að byggð í eynni leggist af. Atvinnulíf í eynni er afar einhæft, sjávarútvegur er grunnstoðin og því er mikið undir fyrir íbúa að rekstur útgerða, sem skulda um þrjá milljarða, verði tryggður.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélagsins, vinnur að því með útgerðum í eynni að leita lausna á sameiginlegum vanda þeirra og koma með hugmyndir sem gætu tryggt búsetu og mannsæmandi líf í eynni. „Ég er vongóður um að það takist að ná viðunandi lausn á málinu,“ segir Þorvaldur Lúðvík.

sveinn@frettabladid.is



**Í GRÍMSEY** Unnið er að því að finna lausn á atvinnumálum Grímseyinga þar sem útgerðir berjast í bökkum. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON



**ÞORVALDUR LÚÐVÍK SIGURJÓNSSON**



**„Fulltrúar hverfisráðs Grímseyjar hafa komið að máli við okkur og látið okkur vita af áhyggjum sínum af því að hafa fundinn opinn.**

*Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri.*

Lyfjaauglýsing




Allar stærðir og styrkleikar
Gildir til 31. Janúar

Apótekarinn+
- lægra verð

Aðstoðarlögreglustjóri segir úrskurði Hæstaréttar vissulega vera vonbrigði:

# Þrjú nálgunarbönn felld úr gildi

**LÖGREGLUMÁL** „Það er klárlega misræmi. Við höfðum ekki ákvarðað um nálgunarbann ef við teldum að dómsvaldið yrði okkur ekki sammála,“ segir Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðstoðarlögreglustjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Hæstiréttur hefur á þremur dögum fellt úr gildi þrjú nálgunarbönn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu gegn mönnum sem grunaðir eru um brot gegn fyrrverandi sambýliskonum sínum. Í öllum þessum þremur málum telur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu líklegt að friðhelgi kvennanna verði ekki vernduð með öðrum hætti en nálgunarbanni.

Fyrr í mánuðinum var undirritaður samstarfssamningur Reykjavíkurborgar, velferðarsviðs, Barnaverndar og lögreglu um átak gegn heimilisofbeldi. Við undirritun samningsins kom meðal annars fram að lögreglan myndi í auknum mæli beita nálgunarbanni og brottvísunum af heimilum.

Alda segir það vissulega vera vonbrigði að Hæstiréttur hafi komist að þessari niðurstöðu. „Þetta eru vonbrigði en við höldum bara ótrauð áfram. Það eru margar hindranir á veginum og við höldum áfram að kljúfa þær. Það er líka eitthvað í þessum dómum sem við getum breytt og bætt í okkar vinnu. Þetta er ekki heimsendir fyrir verkefnið.“

Alda segir að fleiri nálgunarbönnum hafi verið beitt undanfarið sem ekki hafi verið felld úr gildi. „Við vonum auðvitað að þetta verði ekki til þess að brotaþolar hætti að leita til okkar af því þeir haldi að þetta virki ekki. Þetta hefur hins vegar ekki áhrif á verkefnið sem slíkt en þetta hefur áhrif á þessi úrræði sem við beitum í þessum tilvikum.“ **- vh**



**HALDA ÓTRAUÐ ÁFRAM** Alda segir hindranir á veginum en haldið verði áfram að kljúfa þær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# KOMDU OG SKOÐAÐU **CITROËN C4 PICASSO** OG **GRAND C4 PICASSO** Í BRIMBORG Í DAG

Hvort sem þú velur 5 eða 7 manna útgáfu er tæknin framúrskarandi og rýmið nánast takmarkalaust. Með snertiskjánum stjórnar þú öllum aðgerðum og fylgist með lágri eyðslunni. Þökk sé óvenju hárri framrúðu er innanrýmið baðað ljósi og útsýnið óhindrað. Allar breytingar á sætum eru einkar fljótlegar og auðveldar. Þrjú sæti í fullri stærð eru í sætaröð fyrir aftan framsæti. Citroën Grand C4 Picasso var valinn fjölskyldubíll ársins af Top Gear og fjölnotabíll ársins af tímaritinu WhatCar. Bílarnir hlutu einnig eftirsóttu viðurkenninguna Gullna stýrið í flokki fjölnotabíla.

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

15 ára afmæli Citroën hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## SVONA ERUM VIÐ



**12.000** tonn af kartöflum framleiða íslenskir bændur að jafnaði, en 2013 var uppskeran aðeins 6.000 tonn vegna óhagstæðs veðurfars.

Verið að leggja lokahönd á greiningu kosta við afnám fjármagnshafta:

# Afnám hafta er sérfræðingavinna

**ALÞINGI** Verið er að leggja lokahönd á vinnu sérfræðinga við að kortleggja kosti sem uppi eru við afnám hafta að því er fram kom hjá Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra á Alþingi í gær. Bjarni segir að hingað til hafi meiri kraftur farið í að framfylgja höftum, en nú væri áhersla lögð á afnám þeirra. Aldrei hafi fleiri verið í fullri vinnu við að kortleggja undirliggjandi vanda og finna lausnir á þeim vanda sem afnám hafta geti haft í för með sér.

Í umræðunum kom fram að Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, legði áherslu á að afnám hafta myndi ekki valda almennri kjaraskerðingu hjá fólki og að bæði almenningur og þingmenn væru upplýstir um stöðu mála því ákvarðanir gæti þurft að taka fljótt.



**RÆDDU MÁLIÐ** Katrín Jakobsdóttir, Árni Páll Árnason og Bjarni Benediktsson, ræddu afnám hafta á Alþingi í gær.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sem var málshefjandi í umræðunni, lagði einnig áherslu á að málið yrði unnið í sátt og samráði. Fjármálaráðherra tók undir þau sjónarmið og sagði að vinna sérfræðinga verði brátt kynnt á pólitískum samráðsvettvangi. **- hkh**

Norðmenn á faraldsfæti:

# 5 þúsund fljúga daglega í vinnu

**NOREGUR** Um 5.000 Norðmenn fljúga daglega til og frá vinnu, að því er kemur fram í skýrslu Avinor sem rekur flugvelli í Noregi. Fjölgun slíkra ferðalanga hefur verið mikil á undanförnum árum og langmest vegna vinnu hjá fyrirtækjum í olíu- og gasgeiranum.

Fulltrúi Avinor segir góð tilboð gera það að verkum að hægt er að ferðast á þennan hátt til vinnu. Líklega greiði einnig atvinnuveitendur ferðirnar að fullu eða að hluta til fyrir marga. **- ibs**



**UNDIRRITUN** Helga Valfells, framkvæmdastjóri NSA, og Arnar Laufdal, framkvæmdastjóri Kaptio. MYND/NSA

Nýir fjárfestar með í Kaptio:

# Innspýting upp á 120 milljónir

**VIÐSKIPTI** Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) og Kaskur ehf., fjárfestingafélag í eigu Inga Guðjónssonar, hafa fjárfest í hugbúnaðarfyrirtækinu Kaptio fyrir um 120 milljónir króna.

Fram kemur í tilkynningu að hingað til hafi fyrirtækið verið fjármagnað af stofnendum og tekjum af ráðgjafarstörfum við innleiðingu á Salesforce CRM-hugbúnaði Kaptio. Aðkoma fagfjárfesta er sögð liður í að byggja undir vöruþróun og vöxt í sölu á Kaptio Travel-lausninni, en fyrirtækið framleiðir sérsniðinn hugbúnað fyrir ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur. **- óká**

Framlengt í sjúkrafluginu:

# Nýr samningur fyrir Mýflug

**SJÓRNSÝSLA** Sjúkratryggingar Íslands hafa framlengt samning um sjúkraflug við Mýflug til eins árs. Samningurinn gildir til ársloka 2015.

Samkvæmt samningi þarf Mýflug að hafa varaflugvél fyrir sjúkraflugið. Nývirði lauk samningi sem tryggði félaginu afnot af flugvél Flugmálastjórnar í þessu skyni. Sjúkratryggingar segja Mýflug nú hafa gert samning við flugfélagið Norlandair um varaflugvél sem uppfyllir kröfur samningsins. **- gar**

# Flutt inn milljarða virði af grænmeti sem rækta mætti

Árlega er flutt inn töluvert magn grænmetis og berja sem hægt væri að framleiða hérlendis án mikillar fyrirhafnar. Stjórnvöld hafa í hendi sér að hvetja bændur til að auka framleiðslu en lægra orkuverð skiptir mestu.



**KÓNGAFÆÐI** Íslensk jarðarber eru aðeins um 10% af markaðnum – en eru rifin úr hillunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**LANDBÚNAÐUR** Verðmæti innflutts grænmetis og berja sem hægt væri að framleiða á Íslandi með tiltölulega einföldum hætti er metið á 2,1 til 2,4 milljarða króna árin 2012 og 2013.

Þetta er niðurstaða útreikninga Bjarna Jónssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Samtaka garðyrkjubænda.



**BJARNI JÓNSSON**

„Margt af þessu gætum við að kalla framleitt á morgun. Það eru tegundir eins og tómatar og paprika – þessar stóru tegundir í ylræktinni. Við höfum þekkinguna og alla burði til þess,“ segir Bjarni sem bætir við, spurður hvað standi í veginum, að bændur tregist við fjárfestingar vegna gríðarlegs orkukostnaðar. Menn telja sig einfaldlega ekki hafa hag af því að auka fjármagnskostnað sinn við núverandi aðstæður í rekstri.

Bjarni segist hugsi yfir þeim hagrænu hvötum sem auðvelt væri að virkja. „Gefum okkur að ef stjórnvöld ákveða, t.d. af því þau vilja efna þann hluta stjórnarsáttmála sem er um heilbrigði, að raforkukostnaður verði lækkaður um 25% þegar 25% af rekstarkostnaði er rafmagn, þá þýðir sú ráðstöfun um 6% lækkun heildarkostnaðar.“

Bjarni segir það deginum ljósara að þegar hvatar hafa verið til staðar í rekstrarumhverfi garðyrkjunnar hafi svörunin verið á einn veg. Framleiðsla eykst og neyslan eykst. Allar rannsóknir sýni þess utan að með aukinni neyslu grænmetis eykst heilbrigði fólks. Það minnkar álag á heilbrigðiskerfið – til langs tíma með tilheyrandi sparnaði.

Barátta garðyrkjubænda fyrir lægra orkuverði hefur staðið áratugum saman. Hins vegar segir Bjarni það standa eftir í augnablikinu að RARIK, sem hefur einkarétt á dreifingu á rafmagni, ákvað að hækka gjaldskrá sína strax eftir hrun. Í byrjun árs 2009 hækkaði gjaldskrá til garðyrkjunnar um 15%. „RARIK hefur haldið uppteknum hætti síðan þá og hefur hækkað gjaldskrá sína langt umfram verðlagsvísitölu,“ segir Bjarni. Stjórnvöld juku einnig kostnað bænda þegar hlutdeild þeirra í kostnaði við dreifingu rafmagns var aukin verulega árið 2009.

Raforkuverð til garðyrkjubænda var síðast til umfjöllunar á Alþingi í nóvember síðastliðnum, en málshefjandi var Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar. Þar svaraði Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, því til að hún og Helgi væru sammála um að „gera gangskör að því“ að því að bæta umhverfi garðyrkjunnar – og það væri ætlun ríkisstjórnarinnar.

svavar@frettabladid.is

### ➜ Sjálfum okkur nóg um 75% af grænmeti

- Hlutfall innlendrar framleiðslu á grænmeti hefur undanfarin ár verið á milli 70-75% af markaðnum.
- Framleiðslan er um 18.500 tonn og innflutningur um 6.500 tonn nema 2013 er innlend framleiðsla var um 12.000 tonn [uppskerubrestur í kartöflum].
- Án kartöfluuppskeru hvers árs hefur hlutdeild íslensks grænmetis á móti innfluttu verið 47 til 51%.


## Mikið úrval mannbrodda

**Hjá okkur getur þú valið úr 18 tegundum af mannbroddum allt eftir því hvað þú ætlar að gera.**

Vilt þú rölta, ganga, skokka, hlaupa, ganga úti í náttúrunni, fara á fjöll eða jökla? Þú hlýtur að geta fundið eitthvað við þitt hæfi. Einnig getum við neglt í skósóla.

Bjóðum 10 - 30% afslátt á mannbroddum fram að helgi



**Skóvinnustofa Sigurbjörns**

**Háaleitisbraut 68 • 103 Reykjavík • s. 553 3980**

Líttu á úrvalið á heimasíðunni okkar

**www.skovinnustofa.is**

**Heildsala Smásala**


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Friedrichshafen | 2° | New York | -1° |
| Aþena | 13° | Gautaborg | 4° | Orlando | 15° |
| Basel | 7° | Kaupmannahöfn | 4° | Ósló | 4° |
| Berlín | 4° | Las Palmas | 19° | París | 10° |
| Billund | 5° | London | 10° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 5° | Mallorca | 16° | Stokkhólmur | 2° |

**Á MORGUN** 10-18 m/s.




**FÖSTUDAGUR** 10-15 m/s eystra annars hægari.




**VERSNAR FYRIR NORÐAN** Yfirleitt skaplegt veður og úrkomulítið á landinu í dag en í kvöld versnar veðrið norðan til með norðaustan hvassviðri og stormi á Vestfjörðum. Víða allhvasst eða strekkingsvindur á morgun.



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

heimkaup.is



# ÚTSÖLULOK

## Margar vörur langt undir kostnaðarverði!

| Afsláttur | Verð | Áður |
|---|---|---|
| 70% afsláttur | 447,- | 1.490,- |
| 55% afsláttur | 3.590,- | 7.990,- |
| 40% afsláttur | 2.990,- | 4.990,- |

| Vara | Afsláttur | Verð | Áður |
|---|---|---|---|
| Plastskálar | 51% afsláttur | 2.190,- | 4.490,- |
| Victory hlýrabolur | 36% afsláttur | 3.490,- | 5.490,- |
| 2.1 BluRay Heimabíó sett | 38% afsláttur | 36.990,- | 59.990,- |
| Rock-it 3.0 hátalarai | 70% afsláttur | 1.790,- | 5.990,- |
| Oregon Veðurstöð RAR501 | 65% afsláttur | 6.990,- | 19.990,- |
| Revlon Augnhár sjálflímandi | 47% afsláttur | 1.490,- | 2.690,- |
| Candy EVOC þurrkari barkalaus, 7 kg | 50% afsláttur | 44.990,- | 89.990,- |
| Kertaglös í mörgum litum | 47% afsláttur | 790,- | 1.490,- |
| GUSGUS Mexico | 52% afsláttur | 1.590,- | 3.290,- |
| Afhjúpun | 50% afsláttur | 2.990,- | 5.995,- |
| Tango Air hátalari | 50% afsláttur | 17.490,- | 34.990,- |
| Jens snagar stál í stál | 37% afsláttur | 1.890,- | 2.990,- |
| GoPro Hero 3+ black edition | 30% afsláttur | 48.990,- | 69.990,- |
| paul frank "Take Away" glas | 47% afsláttur | 1.490,- | 2.790,- |
| Xbox One | 25% afsláttur | 74.990,- | 99.990,- |
| Russell Hobbs Paninigrill | 36% afsláttur | 8.990,- | 13.990,- |
| Úrval af kaffibollum | 50% afsláttur | 990,- | 1.990,- |
| Lisbeth Dahl Handsnyrti-sett | 50% afsláttur | 990,- | 1.990,- |
| Sony Hljómtækja-stæða | 31% afsláttur | 44.990,- | 64.990,- |
| Lego wear Albertine 652 vettlingar | 30% afsláttur | 2.662,- | 3.790,- |
| xqisit LZ380 bluetooth heyrnatól | 38% afsláttur | 24.990,- | 39.990,- |
| Battlefield 4 fyrir PS3 | 42% afsláttur | 7.490,- | 12.990,- |
| Lego wear Alf 654 húfa | 40% afsláttur | 1.990,- | 3.290,- |
| Skálmöld Einar Kárasonl | 60% afsláttur | 2490,- | 6.299,- |
| Severin Kæliskápur 85CM | 50% afsláttur | 26.490,- | 52.990,- |
| Lego wear Joe 605 heilgalli | 31% afsláttur | 10.990,- | 15.990,- |
| Sony 40" R4 LED Motionflow | 30% afsláttur | 97.990,- | 139.990,- |
| Lisbeth Dahl Snyrtibudda | 49% afsláttur | 2.990,- | 5.890,- |
| Fjarstýrð Disney flugvél | 58% afsláttur | 4.990,- | 11.990,- |
| Magnum Opus Pre-Workout | 75% afsláttur | 1748,- | 6.990,- |
| Puddle barnastígvél | 37% afsláttur | 4.990,- | 7.990,- |
| Joseph Joseph Skálasett | 57% afsláttur | 1.690,- | 3.890,- |
| Nokia Bluetooth Headset BH-220W | 70% afsláttur | 4.790,- | 15.990,- |
| Under Armour Speedform XC hlaupaskór | 45% afsláttur | 10.990,- | 19.990,- |
| Acer Aspire V3-472PG-55SD | 25% afsláttur | 96.990,- | 129.990,- |

Tilboð gildir til 1. feb eða meðan birgðir endast og með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

## Meirihluti Íslendinga verslar á netinu!
## Komdu í hóp tugþúsunda ánægðra viðskiptavina Heimkaup.is

### Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

### Hægt að greiða við afhendingu

Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

### Frí heimsending samdægurs

Pantaðu fyrir kl. 17[00] og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000.- eða meira.

## Heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700

HEIMKAUP

# Mansalsfórnarlömb fangelsuð

**Hreiðar Eiríksson, héraðsdómslögmaður og fyrrverandi rannsóknarlögreglumaður, telur að hann hafi rætt við á annan tug mansalsbrotaþola á Íslandi. Að hans mati hafa stjórnvöld brugðist í því að veita brotaþolum úrræði sem henta og bendir á að vanþekking á málaflokknum sé enn ríkjandi. Fórnarlömb mansals óttast að vera send heim eða refsað. Á Íslandi hafa nokkur mansalsfórnarlömb verið fangelsuð.**


Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is




Hreiðar Eiríksson, héraðsdómslögmaður og fyrrverandi rannsóknarlögreglumaður, hefur víðtæka þekkingu í því að vinna gegn mansali. Árið 2002 var hann við störf í Bosníu þar sem hann starfaði í teymi gegn mansali. Þar starfaði hann á vegum íslensku lögreglunnar. Þá hefur hann sinnt lögfræðiráðgjöf hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands þar sem hann hefur rætt við fórnarlömb mansals á Íslandi. Hreiðar segir afar mikilvægt að fræða allt samfélagið um fjölbreyttar myndir mansals, hann trúir því að hér á landi sé hægt að uppræta vandann með samstilltu átaki. Þeir brotaþolar sem Hreiðar hefur helst gefið ráð eru fórnarlömb kynlífsþrælkunar og hann telur að úrræði handa þeim séu of fá og ómarkviss. Þá hafi stjórnvöld brugðist í því að uppfylla aðgerðaáætlun gegn mansali.

### Sprenging í mansali

„Í Bosníu varð mikil aukning á mansali og kynlífsþrælkun eftir að þar var gert vopnahlé. Friðargæsluliðar streymdu á svæðið, karlmenn sem misnotuðu sér bágar aðstæður kvenna. Einhverjir samverkandi þættir ollu því að þarna varð sprenging í mansali og þá helst því sem snertir kynlífsiðnað.“

Vegna starfa sinna í Bosníu öðlaðist Hreiðar mikinn skilning á líðan brotaþola kynlífsþrælkunar. Fólks, oftast kvenna, sem hafði orðið fyrir endurteknu kynferðisofbeldi yfir langt tímabil. Hann hefur sinnt lögfræðiráðgjöf hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands og reiknast til að hafa hitt á annan tug brotaþola hér á landi. Flest konur. Honum hefur skilist hversu erfitt það er að ávinna sér traust brotaþola.

„Ég þekki mest til fórnarlamba kynlífsþrælkunar. Þeirra sem hafa orðið fyrir endurteknu kynferðisofbeldi yfir langt tímabil. Þessi hluti skipulagðrar glæpastarfsemi er mjög skelfilegur og erfiðast í ferlinu er að vinna traust brotaþolans. Það er vegna þess að það er brotið markvisst niður með ákveðnum aðferðum. Það eru lagðar gildrur fyrir viðkomandi og mikil vinna lögð í að fá brotaþolann til að vantreysta öllum þeim sem teljast líklegir til að rétta hjálparhönd. Oftast er traustið til allra rofið þegar viðkomandi er kominn á áfangastað.“

Hreiðar nefnir að margir brotaþola séu haldnir áfallastreituröskun og þá hafi sumir þeirra ekki innsýn í skelfilegar aðstæður vegna þess að þeir hafa upplifað áföll margsinnis og um langt skeið. „Öll þessi áföll móta manneskjuna, hafa áhrif á hana og það tekur langan tíma að ná trausti viðkomandi. Til þess að viðkomandi treysti þeim sem rétta fram hjálparhönd þá þurfa að vera einhver úrræði til staðar sem eru traust. Þessi úrræði eru ekki til staðar í dag og það þarf ákveðið úthald til að skaffa þau,“ segir Hreiðar og segir bæði lögreglu og félagsyfirvöld reyna allt sem er í þeirra valdi til þess að leysa hvert mál með mannsæmandi hætti. Lítill fjárstuðningur og lélegt aðhald stjórnvalda geri þeim erfitt fyrir.

„Þetta eru oftast konur og stúlkur og þær eru illa farnar. Stundum af fíkn en stundum er vandinn tilfinningalegur. Í upphafi var verið að senda þær á áfangaheimili fyrir konur sem voru að koma úr vændi. Kristínarhús. Það er hins vegar að mínu viti algjörlega galið. Þetta er ekki vændi. Þetta eru kynferðisbrot og ofbeldisbrot. Það þarf sérúrræði sem hentar þessu fólki. Það hefur að mínu mati ekki verið staðið nægilega vel að aðgerðaáætlun gegn mansali á Íslandi og ef við getum ekki tryggt grundvallarmannréttindi fólks er varðar frelsi og mannlega reisn, þá erum við illa stödd,“ segir Hreiðar.

### Þora ekki heim

Hann bendir á að vandi mansalsbrotaþola sé flókinn. Þar spili inn í ótti við að fara aftur heim í vondar aðstæður og mæta breyttum veruleika. Óttinn raungerist á Íslandi þar sem brotaþolar þurfa raunverulega að óttast það að vera sendir heim.

„Óttinn við að fara heim gerir það líka að verkum að brotaþolar segja ekki frá. Berjast á móti eins lengi og þeir geta og reyna að lifa af í mjög óeðlilegu umhverfi við skelfilegar aðstæður. Öll langtímahugsun hverfur og þótt ég sé enginn sérfræðingur í áfallastreituröskun sé ég hvernig þeir taka fremur ákvörðun frá degi til dags. Þeir eru bara að þrauka. Þeir eru líka hræddir við að bera vitni og eru almennt séð í vondri stöðu sem útheimtir þekkingu og samhæfingu margra aðila. Það er mikil hætta á því að þolendurnir séu sviptir frelsi og seldir mansali að nýju eftir að þeir koma aftur til heimalandsins. Ég hitti nokkrar stúlkur í Bosníu sem sögðu frá slíku.“



Kínverjar streyma hingað frá Svíþjóð

Ellefu manns hafa verið stöðvaðir á Keflavíkurflugvelli undanfarið með fölsuð vegabréf. Flestir koma frá Svíþjóð. Starfsmenn sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli fóru til Svíþjóðar til að stöðva strauminn.

KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR Lögreglan á Keflavíkurflugvelli hefur stöðvað ellefu manns á síðustu dögum við komu hingað til lands en allt hefur fólkið verið með fölsuð vegabréf. Nú eru tíu Kínverjar í haldi lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli, fimm konur og fimm karlar.

Ástralskur karlmaður sem var handtekinn ásamt tveimur kínverskum konum 5. nóvember síðastliðinn, situr í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni til 21. þessa mánaðar. Grunur er um að maðurinn sé

## Viðurkennd fórnarlömb mansals dæmd í fangelsi

Fimm dómar féllu í Hæstarétti haustið 2003. Dómarnir voru gegn kínverskum ríkisborgurum sem allir voru teknir fyrir að framvísa fölsuðum skilríkjum við vegabréfaeftirlit á Keflavíkurflugvelli. Um var að ræða tvær konur, 20 og 25 ára, og þrjá karlmenn, 22, 28 og 56 ára, sem öll voru að fljúga frá Svíþjóð til Bandaríkjanna en millilentu hér á landi. Þau hlutu 30 og 45 daga fangelsi fyrir skjalafals og var gert að greiða sakarkostnað. Í dómsorði hjá þeim öllum er sagt að lýsing á ferðatilhögun þeirra og öll atvik að broti beri þess glögg merki að þau séu fórnarlömb mansals. Á undanförnum árum hafi það „færst í vöxt að einstaklingar og alþjóðlegir glæpahringir hafi gert örbirgð íbúa fátækra þjóða að féþúfu sinni“. Fólkið sé sent félítið til ókunnugra landa, yfirleitt fleiri en eins, þar sem það sé kynnt fyrir ónafngreindum tengiliðum sem útvegi fölsuð vegabréf og flugfarseðla gegn himinhárri greiðslu. Viðkomandi skuldbindi sig svo til að endurgreiða eftir að komið er á áfangastað. Bandaríkin séu vinsæl í þessu sambandi og fórnarlömbum sé talin trú um að þeirra bíði gull og grænir skógar. Hins vegar taki yfirleitt við vinna í „svokölluðum „sweat-shops“, á veitingastöðum og/eða við vændi, þar sem fólki er haldið nauðugu að störfum og þarf að vinna langan vinnudag, í þeirri von að geta endurgreitt tugþúsunda dala skuld við „velgerðarmenn“ sína. Slíkt kallast vinnuþrælkun,“ segir í dómnum.

### Útlendingastofnun og ótti

Þær konur sem Hreiðar telur falla undir skilgreininguna mansalsfórnarlömb leita eftir ráðgjöf um ýmsa þætti. „Þær koma þegar þær lenda í vandræðum og þurfa aðstoð. Þessi vandræði geta varðað vistráðningarsamninga, nauðungarhjónaband og þess háttar. Þær upplifa mjög sterka hótunina um að vera sendar úr landi. Ekki bara frá þeim sem heldur þeim í nauðung heldur líka frá stofnunum samfélagsins, þá sérstaklega Útlendingastofnun.

Þetta fólk getur fengið hjálp. En kerfið er ekki tilbúið til að taka á móti þeim. Ég hefði viljað ganga betur frá kerfinu þannig að það væri öruggt að þær fengju hjálp.“

### Mansalsfórnarlömb í fangelsi

Hreiðar nefnir að mansal hafi verið raunveruleiki á Íslandi um áratugaskeið, þótt umræða um mansal og þekking á málaflokknum sé fyrst að verða til nú á síðustu árum. Hann segir að hægt sé að lesa úr gömlum dómum grun um mansal sem á þeim tíma hafi ekki verið nægileg þekking á og nefnir minnisstæðan dóm frá árinu 2003 þegar fimm kínverskar manneskjur sem voru mansalsfórnarlömb voru fangelsaðar. Þá nefnir hann nokkra fíkniefnadóma þar sem grunur hefur kviknað um mansal. „Ég man eftir því þegar þetta kínverska fólk var stöðvað í Leifsstöð. Í dómnum yfir því var sértaklega tiltekið að það væri ekki tilefni til þess að efast um að þetta væri mansal. Þrátt fyrir það þyrfti að gefa skýr skilaboð til glæpasamtaka og því var fólkið fangelsað. Mér finnst það undarleg skilaboð en vonandi hefur þekking á málaflokknum aukist síðan þá.“



> Það er mikil hætta á því að þolendurnir séu sviptir frelsi og seldir mansali að nýju eftir að þeir koma aftur til heimalandsins.
>
> *Hreiðar Eiríksson*


KIA | Ábyrgð fylgir!

Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar



6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ

KIA Picanto EX

Árgerð 6/2014, ekinn 6 þús. km, bensín, 1285 cc, 85 hö, sjálfskiptur, eyðsla 5,6 l/100 km.

2.390.000 kr.



5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ

KIA Cee'd LX

Árgerð 5/2013, ekinn 73 þús. km, dísil, 1396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla 4,4 l/100 km.

2.590.000 kr.



5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ

KIA Sportage EX

Árgerð 11/2012, ekinn 29 þús. km, dísil, 1995 cc, 136 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 5,7 l/100 km.

4.690.000 kr.



4 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ

KIA Sorento EX Luxury

Árgerð 5/2012, ekinn 76 þús. km, dísil, 2199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7 l/100 km.

5.190.000 kr.

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

# ALLT BENSÍN Á AFSLÆTTI*

# ...EF ÞÚ SÆKIR

LYKILLINN AÐ LÆGRA VERÐI




Við seljum bensín fyrir fólkið. Það er ekki flókið.
Sæktu um dælulykillinn á **atlantsolia.is** eða í síma **591 3100**

** 3 kr. afsláttur ef þú dælir með dælulyklinum*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver eiga lágmarksmánaðarlaun að vera að mati Starfsgreinasambandsins?
**2.** Hvert er markmið samtakanna Stelpur rokka?
**3.** Með hverjum fer Ásgeir Trausti í tónleikaferðalag um Bandaríkin?

**SVÖR:**
**1.** 300 þúsund krónur. **2.** Að leiðrétta kynjahalla í íslensku tónlistarlífi. **3.** Írska tónlistarmanninum Hozier.

Vefuppboð hjá tollinum:

## Gucci-töskur og rakarastólar

**NOREGUR** Tollurinn í Noregi heldur nú vefuppboð á vöru sem lagt hefur verið hald á. Á uppboðinu, sem stendur fram á sunnudag, eru meðal annars ekta Gucci, Mulberry- og Louis Vuitton-töskur, gullarmbönd og demantshringar auk fjölda raftækja eins og til dæmis farsíma og spjaldtölva.
Saumavél og þvottavél eru á uppboðinu, rakarastólar og trampólín auk efnis fyrir byggingageirann og bílaviðgerðir. Hagnaðurinn rennur í ríkissjóð. Slóðin er qxl.no. - ibs



**LOUIS VUITTON-TASKA**

# Segja engan mega gleyma

Um þrjú hundruð eftirlifendur Helfararinnar komu saman í Auschwitz í gær til að minnast þess að 70 ár voru liðin frá því rússneskir hermenn frelsuðu fangana þar. Þeir vöruðu við gyðingahatri, sem enn er komið á kreik.

**PÓLLAND** Fyrir tíu árum, þegar 60 ár voru liðin frá því rússneski herinn opnaði hlið útrýmingarbúðanna í Auschwitz, tóku 1.500 eftirlifendur þátt í minningarathöfninni þar. Verulega hefur fækkað í röðum þeirra þennan áratug, en nú mættu 300 til athafnarinnar.

„Við sem eftir lifum viljum ekki að fortíð okkar verði að framtíð barnanna okkar,“ sagði einn þeirra, Roman Kent. Hann hvatti leiðtoga heimsins til þess að halda á lofti minningunni um þau voðaverk, sem framin voru í Auschwitz.

Hann sagði hverja mínútu í Auschwitz hafa verið eins og heilan dag, hvern dag eins og heilt ár, og hvern mánuð eins og heila eilífð: „Hve margar eilífðir komast fyrir í einni mannsævi?“ spurði hann svo.

„Enn á ný er verið að ráðast á gyðinga í Evrópu vegna þess að þeir eru gyðingar,“ sagði Ronald Lauder, sem er leiðtogi Alheimsráðs gyðinga.

Joachim Gauck Þýskalandsforseti og François Hollande Frakklandsforseti voru meðal þeirra þjóðarleiðtoga, sem tóku þátt í minningarathöfninni.

Fyrr um daginn hafði Gauck minnst helfararinnar í ræðu á þýska þinginu þar sem hann sagðist eiga eftir að þjást til æviloka út af því að þýska þjóðin hafi verið fær um að fremja svo hryllilega glæpi gegn mannkyni.

> **Hér er ógn fortíðarinnar nálægari og ábyrgðin gagnvart samtíð og framtíð meiri og skuldbinding hennar sterkari en annars staðar.**
> *Joachim Gauck, forseti Þýskalands*

„Þótt helförin teljist ekki lengur, í huga allra borgara landsins, grunnþáttur í þýskri sjálfsmynd, þá gildir engu að síður enn þetta: Án Auschwitz er engin þýsk sjálfsmynd til,“ sagði Gauck í ræðu sinni á þýska þinginu. „Hér í Þýskalandi, þar sem útrýmingin var ráðgerð og skipulögð, hér er ógn fortíðarinnar nálægari og ábyrgðin gagnvart samtíð og framtíð meiri og skuldbinding hennar sterkari en annars staðar.“

Athygli vakti að Vladímír Pútín Rússlandsforseti lét ekki sjá sig í Póllandi, og bar því við að hann hefði ekki fengið boðskort. Pólverjar segjast þó ekki hafa sent neinum þjóðhöfðingjum boðsbréf, heldur aðeins sendiherrum hvers lands. Pólska utanríkisráðuneytið segir að Pútín hefði mátt taka þátt, hefði hann viljað. Þetta var sett í samhengi við deilur evrópskra leiðtoga við Pútín um Úkraínu. Þess ber þó að geta að Barack Obama Bandaríkjaforseti mætti ekki heldur og David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, var einnig víðs fjarri.

Í Auschwitz var meira en 1,1 milljón manna myrt á árunum 1940 til 1945. Flestir þeirra voru gyðingar.

gudsteinn@frettabladid.is



**TVEIR EFTIRLIFENDA** Við hliðið alræmda, þar sem stendur: Vinnan gerir yður frjáls. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**RÁÐAMENN ÞÝSKALANDS** Joachim Gauck, forseti Þýskalands, minntist helfararinnar í ræðu á þýska þinginu í gær. Við hlið hans eru Angela Merkel kanslari og Andreas Vosskuhle, forseti þýska stjórnlagadómstólsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

www.volkswagen.is

Vinsælasti atvinnubíll á Íslandi síðastliðin ár!









**Caddy með nýju sniði**

Caddy City er enn einfaldari og hagkvæmari útfærsla af Volkswagen Caddy, sniðin að þörfum þeirra sem vilja traustan vinnufélaga til að létta sér lífið við dagleg störf. City er viðbót í sendibílalínu Volkswagen Caddy.

Það er engin tilviljun að Volkswagen Caddy hefur árum saman verið mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi. Með tilkomu City er enn auðveldara að bætast í hóp hæstánægðra Volkswagen-eigenda.

**Caddy City kostar aðeins frá**
**2.630.000 kr.**
**(2.120.968 kr. án vsk)**

**Atvinnubílar**

**Söluaðilar:** HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# DEBENHAMS

# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

## GÖTU-MARKAÐUR

HEFST Í DAG

**ENN LÆGRA VERÐ**

Síðustu forvöð að gera dúndurkaup!

**50-70%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM!

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**Opið** til kl. 19:00 í kvöld

Gildir út mánudag

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR




Hafðu samband við sérfræðinga okkar í Rekstrarlandi
í síma 515 1100 eða næsta útibú Olís og leitið tilboða.
REKSTRARLAND
– léttir þér lífið
Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Olíuverzlunar Íslands hf.
www.rekstrarland.is
Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

NÝ SÝNING EFTIR HUND Í ÓSKILUM


Öldin okkar
21. öldin á hundavaði í tali og tónum

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fös 30/1 kl. 20 UPPSELT | Sun 1/2 kl. 20 Aukasýn. | Lau 14/2 kl. 20 Aukasýn. |
| Lau 31/1 kl. 17 Aukasýn. | Lau 7/2 kl. 20 UPPSELT | Fös 20/2 kl. 20 örfá sæti |
| Lau 31/1 kl. 20 UPPSELT | Sun 8/2 kl. 20 örfá sæti | Lau 21/2 kl. 20 |

MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS
Borgarleikhúsið



**EIGANDI** Svava Björk Mörk segir ákvörðun bæjarins vera líkt og þruma úr heiðskíru lofti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Starfsemin sett í óvissu

**Hafnfirska ungbarnaleikskólanum Bjarma verður lokað eftir hálft ár. Ástæðan er fækkun leikskólabarna í bænum. Ákvörðunin kom eigendum mjög á óvart.**

**HAFNARFJÖRÐUR** Hafnarfjarðarbær hefur sagt upp rekstrarsamningi sínum við ungbarnaleikskólann Bjarma. Eigendum skólans var tilkynnt um þetta á fundi síðasta föstudag. Að öllu óbreyttu mun skólinn hætta rekstri að sex mánuðum liðnum. Áætlað er að aðgerðin spari bænum um 72 milljónir króna.

Tillaga um samningsriftunina var samþykkt í fræðsluráði á mánudag. Í fundargerð er tekið fram að ástæða breytingarinnar sé að hafnfirskum börnum á leikskólaaldri muni fækka um 300 á næstu fimm árum. Fulltrúar minnihlutans, Samfylkingar og Vinstri grænna, greiddu atkvæði gegn tillögunni og lögðu fram bókun þess efnis að þeir teldu ótækt að svigrúmið, sem við það myndast, væri ekki nýtt til að lækka inntökualdur á leikskóla bæjarins.

„Við erum í raun alveg orðlausar," segir Svava Björg Mörk en hún á Bjarma ásamt Helgu Björgu Axelsdóttur. Skólinn var stofnaður árið 2008 og sinnir 24 börnum á aldrinum hálfs til tveggja ára.

„Það sem við lesum út úr þessu er að stefna bæjarins sé á þann veg að æskilegt sé að halda hlutfalli fagmenntaðra sem lægstu," segir Svava. Þær hafi ekki fengið neinar ástæður fyrir uppsögninni á fundinum heldur lesið um þær síðar. Þá hafi því verið borið við að kostnaður við hvert barngildi á Bjarma sé tæpum fimmtungi hærri en á hinum tveimur einkareknu leikskólum bæjarins. Svava segir þann mun skýrast af því að hlutfall fagmenntaðra starfsmanna skólans sé hærra en hjá öðrum leikskólum Hafnarfjarðar.

„Við skerum okkur úr að því leyti að við uppfyllum lagaskilyrði um hlutfall fagmenntaðra," segir Svava. Hún bætir við að verið sé að skoða hvaða aðgerða hægt sé að grípa til vegna málsins en hvernig sem allt fari muni það vera í forgangi að starf leikskólans skerðist ekki sökum ástandsins.



**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR**

„Að svo stöddu er ekki hægt að lækka leikskólaaldurinn þótt viljinn sé fyrir hendi. Staða bæjarins býður einfaldlega ekki upp á það," segir Rósa Guðbjartsdóttir, formaður fræðsluráðs. Hún segir breytingarnar ekki á nokkurn hátt fela í sér nokkra skerðingu á þjónustu. Þau pláss sem Bjarmi býður upp á færist til annarra leikskóla.

„Markmiðið var að finna út hvaða einingar í kerfinu væru óhagstæðastar og hverjar hagstæðari. Samningurinn milli Hafnarfjarðar og Bjarma var mjög óhagstæður og því var honum sagt upp," segir Rósa. Uppsagnarfresturinn sé sex mánuðir og það hafi legið lengi fyrir að gera þurfi breytingar.

„Finnist önnur leið til að taka á málinu verður hún skoðuð þegar þar að kemur."

johannoli@frettabladid.is

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

**Kynningarfundur um rammaáætlun**

Verkefnisstjórn rammaáætlunar boðar til kynningarfundar um rammaáætlun þar sem farið verður yfir vinnuferlið, stöðu málsins og viðfangsefnin framundan.

**Fundurinn verður haldinn í sal Þjóðminjasafns Íslands fimmtudaginn 29. janúar 2015 kl. 14 – 15.**

Fundurinn er öllum opinn.

*Verkefnisstjórn rammaáætlunar*

Rammaáætlun

# ÚTSÖLULOK

## ENN MEIRI AFSLÁTTUR - LOKADAGUR 1. FEBRÚAR



Bora-sófi 139.900
SPARAÐU 50.000



Bora-sófi

*Hornsófi. 2 + 3 sæti. 100% pólýester. L 313 x D 248 cm. 189.900 kr. Nú 139.900 kr.*

VAR ÁÐUR 50% — NÚ 70%

Cookie-kökudiskur

*Kökudiskur á þremur hæðum. 49 cm. 5.995 kr. Nú 1.795 kr.*

Carma-sófi 99.900
SPARAÐU 40.000



Carma-sófi

*Legubekkur + 2½ sæti. Áklæði úr pólýester og akrýl. L 253 x D 74 cm. 139.900 kr. Nú 99.900 kr.*

VAR ÁÐUR 33% — NÚ 40%



Angel-hægindastóll

*Blár hægindastóll. 119.900 kr. Nú 69.900 kr.*

VAR ÁÐUR 50% — NÚ 60%



Douglas-hægindastóll

*Grár hægindastóll með svörtum fótum. 89.900 kr. Nú 35.900 kr.*

VAR ÁÐUR 35% — NÚ 45%



Silence®

Silence Classic 105

*Dýna í hæðarstillanlegt rafmagnsrúm. Extra stíf. Tvær 90 x 200 cm. 498 stk. 5 svæða fjölpokafjöðrun á hvern m². 40mm viscos yfirdýna og 20 cm stálfætur fylgja. Fjarstýring með snúru fylgir. 432.300 kr. Nú 237.765 kr.*



VAR ÁÐUR 25% — NÚ 45%

Kids-gítar

*Gítar, leikfang. L 44 cm. 3.995 kr. Nú 2.195 kr.*

# ÚTSÖLUMARKAÐUR

## SÝNISHORN, SÍÐUSTU EINTÖK OG SMÁVARA - ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



VAR ÁÐUR 50% — NÚ 70%

Organic-loftljós

*Svart loftljós. H 36,5 cm. 22.995 kr. Nú 6.795 kr. H27 cm. 14.995 kr. Nú 4.495 kr.*

VAR ÁÐUR 35% — NÚ 50%



Kicker-fótboltaspil

*Fótboltaspil. 145 x 118 x 90 cm. 99.900 kr. Nú 49.950 kr.*

VAR ÁÐUR 30% — NÚ 50%



Infinity-sófi

*Sófi með fallegu gráu pólýesteráklæði og grind úr eik. L 130 cm. 109.900 kr. Nú 54.900 kr.*

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is

laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Spenna er um hver verður framtíð Framsóknar:

# Sigmundur Davíð og heita kartaflan

Víglundur Þorsteinsson henti heitri kartöflu á loft. Án hiks greip Sigmundur Davíð Gunnlaugsson kartöfluna og heldur enn á henni. Samflokksfólki forsætisráðherrans fannst mikið til koma og hefur lofað hann og prísað allar götur síðan. Ekkert annað pólitískt klapp heyrist. Sigmundur Davíð virðist einn með heitu kartöfluna og engan annan virðist langa til að halda á kartöflunni.

Sigmundi Davíð er eflaust brugðið. Engar undirtektir koma frá stjórnmálunum. Lengi var beðið viðbragða Bjarna Benediktssonar, fjármálaráðherra og oddvita hins stjórnarflokksins, hvort hann myndi grípa hina heitu kartöflu, létta undir með Sigmundi. Það gerðist ekki. Þvert á móti. Bjarni efast um að lög hafi verið brotin og þá um leið að Steingrímur J. Sigfússon hafi gengið í lið með fjöndum Íslands í þeim tilgangi að hafa hundruð milljarða af okkur mörlöndunum.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Bjarni sem aðrir segir það ómaksins virði að kanna málið ögn betur. Brynjar Níelsson hefur þann starfa í eftirlitsnefnd Alþingis að setja sig inn í málið, að kanna ásakanir Víglundar og hvort þær séu þess eðlis að sérstaka rannsókn þurfi til.

Allt tekur þetta tíma. Á meðan er forsætisráðherrann með heitu kartöfluna og verður um stund þar sem enginn þess verður vill taka við henni, hvorki í skamma stund né til frambúðar. Sigmundur Davíð má illa við þessu. Hafi hann verið of fljótur til, sagt of mikið eða ætlað forverum sínum í ríkisstjórn eitthvað sem stenst ekki er nokkuð víst að hann mun brenna sig á kartöflunni heitu.

Framsóknarflokkurinn á nokkuð bágt um þessar mundir. Flokkurinn sem vann fínan kosningasigur snemmsumars 2013 tapar nú stöðugt frá sér fylgi. Þó að framsóknarmenn hafi heitið því að láta skoðanakannanir engin áhrif hafa á sig er lífsins ómögulegt að þær geri það ekki. Miðað við uppleggið ætti fylgi flokksins að vera í hámarki um þessar mundir.

Loforðið mikla skóp stóra kosningasigurinn. Nú segjast framsóknarmenn hafa uppfyllt það að fullu. Á þeim tímamótum gerist það að fylgi flokksins minnkar enn, er undir tíu prósentum. Sigmundur Davíð gerir hvað hann getur til að öðlast traust og trúnað þjóðarinnar. Ef staðan er viðkvæm er mikilsvert að vanda til verka. Hlaupa ekki á sig. Hvort Sigmundur Davíð gerði það þegar hann greip heitu kartöfluna Víglundar á lofti á eftir að koma í ljós. Biðin getur orðið löng og erfið. Það er grínlaust að halda sjóðandi heitri kartöflu á lofti í langan tíma. Án þess að brenna sig.

Fjöregg Framsóknarflokksins, sem verður 99 ára á þessu ári, er í höndum fleiri en formannsins. Það er líka í höndum borgarfulltrúanna sem hafa hlaupið á sig. Eins hefur annað áhrifafólk innan flokksins á stundum þvælst fyrir uppbyggingu ímyndarinnar. Því verr sem öðrum tekst upp mæðir meira á Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni. Hann einn ákvað að grípa heitu kartöfluna og nú er að bíða og sjá hvort það var rétt hjá honum eða ekki. Fyrir Framsóknarflokkinn skiptir það miklu máli.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hagvöxtur er fúsk

Jónas Kristjánsson ritstjóri skrifar um hagvöxt á bloggi sínu. Og segir: „Kíkjum á ýmis atriði, sem auka „hagvöxt.“ Eyðsla, sukk og sóun eykur hagvöxt. Slys og glæpir auka hagvöxt. Jarðskjálftar, eldgos og aðrar hamfarir auka hagvöxt. Umferðarteppur, drykkjuskapur og fjárhættuspil auka hagvöxt. Af þessu má sjá, hversu fáránlegt er að nota „hagvöxt“ sem mælikvarða á bættan efnahag. Ef fólk hjálpar hvert öðru með skiptivinnu, dregur það úr hagvexti. Á ótal sviðum er meira varið í að minnka hagvöxt eða hætta honum heldur en að auka hann. Þetta er skýrasta dæmið um, að hagfræði nútímans er að mestu glórulaust fúsk.“



### Elín einangruð

Elín Hirst, þingkona Sjálfstæðisflokksins, segist ekki vilja að Hanna Birna Kristjánsdóttir setjist aftur á þing og að hún hætti sem varaformaður Sjálfsæðisflokksins. Aðrir þingmenn hafa ekki talað eins skýrt og ákveðið. Annað úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins er, að Elín Hirst hefur ekki skrifstofu á sömu hæð og aðrir þingmenn flokksins. Skrifstofa Elínar er í næsta nágrenni við þingmenn Bjartrar framtíðar. Í húsaskipaninni er staðan sem sagt sú að Elín er einangruð frá öðrum þingmönnum síns flokks. Hvort það hefur eitthvað með sérstöðu hennar í máli Hönnu Birnu er annað mál og skal ósagt látið.



### Vonarneisti

Þrátt fyrir vonbrigðin með íslenska handboltalandsliðið eru enn tveir Íslendingar eftir í keppninni, landsliðsþjálfarar Danmerkur og Þýskalands, þeir Guðmundur Þ. Guðmundsson og Dagur Sigurðsson. Auðvelt verður fyrir okkur Íslendinga að fylgjast áfram spenntir með. Mikið hefur verið fjallað um mótið hér heima og þar hljóta þeir félagar Guðjón Guðmundsson, Gaupi, og Kristján Arason að teljast sigurvegarar. Greining þeirra á leikjunum og frammistöðu einstakra leikmanna hefur heppnast með fádæmum vel. Kristján hefur mikið lag á að skýra leikinn og opna augu okkar hinna upp á gátt. Fari svo að skipta eigi um landsliðsþjálfara hlýtur Kristján að koma helst allra til greina. sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Engin sátt var rofin

ORKUMÁL



**Gísli Sigurðsson**
íslenskufræðingur

Gústaf Adolf Skúlason skrifar í Fréttablaðið 26. janúar og endurtekur þar margtuggin ósannindi um að við samþykkt rammaáætlunar í tíð síðustu ríkisstjórnar hafi Alþingi rofið sátt um tillögur verkefnastjórnar. Alþingi er eftirlitsaðili með því að tillögur og ákvarðanir í tengslum við rammaáætlun byggist á lögboðnum aðferðum og rökréttum ályktunum sem taki tillit til upplýsinga og sjónarmiða sem mælt er fyrir um í lögum, þ. á m. umhverfissjónarmiða. Tímabundinn meirihluti á Alþingi hefur ekki heimild til að víkja til hliðar lögfestum leikreglum samfélagins með því að taka pólitískar ákvarðanir sem ganga þvert á rökstudd fagleg sjónarmið.

Samkvæmt lögum um rammaáætlun ber verkefnastjórn og Alþingi að taka tillit til umhverfissjónarmiða við röðun virkjanakosta. Ekki dugar að vísa til þess að allar virkjanir fari hvort sem er í umhverfismat ef til framkvæmda komi. Fagleg sjónarmið, sem byggðust á ráðgjöf færustu alþjóðlegu sérfræðinga í áhrifum virkjana á göngufiska, stóðu að baki þeirri ákvörðun Alþingis að setja virkjanir í Þjórsá í biðflokk. Sú ákvörðun var því í samræmi við varnaðarorð sem komu fram í lögmætum athugasemdum í lögboðnu umsagnarferli um að fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár myndu ganga af villtum og sjálfbærum fiskstofnum í ánni nær dauðum. Þegar eftir var leitað kom í ljós að Landsvirkjun vissi lítið um afdrif villtra fiskstofna ef til virkjana kæmi og hafði hugsað seiðaveitur við virkjanirnar sem brautryðjendaverk á heimsvísu – án nokkurra þekktra fyrirmynda sem hefðu virkað eins og vonast hefði verið eftir.

### Réttmætar athugasemdir

Eftir að Alþingi færði virkjanir í neðri hluta Þjórsár í biðflokk og óskaði eftir frekari rannsóknum á umhverfisáhrifum m.t.t. búsvæða og afdrifa fiskstofna fól verkefnastjórn óháðum sérfræðingum að fara yfir hættuna sem fiskstofnum í Þjórsá stafaði af virkjunum. Sérfræðingarnir voru á einu máli um að óvissa ríkti áfram um afdrif þeirra (http://www.ramma.is/.../Report_Thjorsa_SSk_HRI_11okt2013.pdf).

Víst væri að sjóbirtingur myndi þurrkast út en óvissan takmarkaðist við hversu stórt hrun laxastofnsins yrði. Hinar faglegu athugasemdir við upphaflega tillögu verkefnastjórnar reyndust því allar réttmætar og forðuðu Íslandi frá því að rjúfa skýrar og afdráttarlausar alþjóðlegar skuldbindingar sínar um að leyfa engar framkvæmdir sem ógni villtum dýrastofnum svo liggi við útrýmingu.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Landsnetmálið – Hafnfirðingar vilja skýr svör

ORKUMÁL



**Ófeigur Friðriksson**
bæjarfulltrúi í Hafnarfirði

**➜ Um er að ræða gífurlegt hagsmunamál fyrir Hafnarfjarðarbæ. Hin glæsilega Skarðshlíð liggur undir…**

Það er ekki nýtt að rafmagnslínur og slík mannvirki standi eðlilegri þróun byggðar í Hafnarfirði fyrir þrifum. Á árinu 2005 hófst undirbúningur Landsnets fyrir svokallaða suðvesturlínu en í tengslum við það opnaðist sá möguleiki að línumannvirki sem þá lágu í jaðri byggðar í Hafnarfirði yrðu færð í jörð. Skipulag nýrrar íbúðabyggðar á Völlum tók mið af þessum áformum Landsnets.

### Óvissa í kjölfar hruns

Vegna þeirrar óvissu sem skapaðist í kjölfar efnahagshrunsins lögðu bæjaryfirvöld í Hafnarfirði þunga áherslu á það við fyrirtækið að gert yrði skriflegt samkomulag um hvenær og hvernig Landsnet myndi standa að niðurrifi háspennulínanna og tengdra mannvirkja sem liggja í og við íbúðabyggðina á Vallasvæðinu. Árið 2009 féllst Landsnet á gerð slíks samkomulags þar sem kveðið var á um að framkvæmdirnar myndu hefjast í síðasta lagi árið 2011 og að þeim yrði að fullu lokið á árinu 2017. Full og þverpólitísk samstaða var um málið í bæjarstjórn á þessum tíma eins og reyndar frá upphafi, enda um augljóst og mikið hagsmunamál að ræða fyrir sveitarfélagið.

Á árinu 2012 varð ljóst að tímarammi samkomulagsins myndi ekki standast, enda framkvæmdir ekki hafnar og undirbúningur Landsnets ekki á veg kominn. Meginskýringin sem gefin var á töfunum var að áætlanir um uppbyggingu stóriðju á Suðurnesjum hefðu ekki gengið eftir. Var af þessum sökum enn á ný gengið til viðræðna við fyrirtækið um hvenær það myndi ráðast í framkvæmdirnar, enda málið orðið mjög brýnt, ekki síst fyrir nýja íbúa á þessu svæði sem höfðu treyst fyrri yfirlýsingum fyrirtækisins.

### Samstaða um hagsmuni

Samkvæmt nýju samkomulagi áttu framkvæmdir við niðurrif línanna að hefjast eigi síðar en á árinu 2016 og vera lokið í síðasta lagi árið 2020.

Fljótlega eftir gerð samkomulagsins komu hins vegar fram vísbendingar um að enn og aftur væri komið bakslag í áætlanir Landsnets. Í umsögn fyrirtækisins um drög að nýju aðalskipulagi fyrir Hafnarfjarðarbæ komu fram athugasemdir sem bentu til þess að samkomulagið frá árinu 2012 gæti verið í uppnámi. Enn og aftur sitja bæjaryfirvöld í Hafnarfirði því við samningaborðið og krefja stjórnendur Landsnets svara.

Um er að ræða gífurlegt hagsmunamál fyrir Hafnarfjarðarbæ. Hin glæsilega Skarðshlíð liggur undir og er hún nánast tilbúin til afhendingar. Gatnakerfi, göngustígar, lóðir og ljósastaurar bíða eftir því að fá hlutverk. Ljóst er að ásókn í þessar lóðir er engin ef rafmagnslínur gnæfa yfir hverfið. Verði þær hins vegar settar í jörðu, ofan í Ásvallarbrautina, þá er um að ræða stórglæsilega hlíð sem vísar til suðurs með útsýni til fjallgarðs Reykjaness.

Á dögunum áttu fulltrúar bæjarins og fyrirtækisins fund þar sem aðilar fóru saman og skoðuðu svæðið og áhrif mannvirkjanna á aðstæður íbúanna á Völlum. Í framhaldinu var farið yfir málið út frá sjónarhóli beggja aðila. Auk embættismanna sátu fulltrúar bæjarstjórnar fundinn. Fundurinn var á margan hátt gagnlegur og mun vonandi skila þeim árangri að hægt verði að skýra betur stöðu mála og flýta fyrir því að verkefnið komist í gang. Það sem skiptir ekki síst máli í því samhengi er að um málið sé full og þverpólitísk samstaða og við stöndum öll saman að því að knýja fram þannig lausn í þetta mál að við hana verði unað til framtíðar. Það er verkefnið núna og við hættum ekki fyrr en það er í höfn.

# Aumingja Strætó

SAMGÖNGUR



**Ásta Kristrún Ólafsdóttir**
foreldri fatlaðs barns og viðskiptavinur Strætó

**➜ Við foreldrar viljum gjarnan geta treyst því að ferðaþjónustan keyri börn okkar á rétta staði og við verðum að geta treyst því að öryggi þeirra sé ekki stefnt í voða.**

Júlía Þorvaldsdóttir, sviðsstjóri hjá Strætó, ber sig illa undan „óvæginni og ósanngjarnri umræðu“ um Ferðaþjónustu fatlaðra. Hún segir: „einstaka viðskiptavinir Ferðaþjónustu fatlaðra eru stressaðir og upplifa þjónustuna verri en hún raunverulega er“ og jafnframt að Strætó eigi „ótrúlega góð samskipti við flesta farþega og forstöðumenn sambýla og heimila“.

Júlía kallar þarna eftir samúð með aumingja Strætó sem allir eru vondir við og það að ósekju. Hún gefur í skyn að í raun sé Ferðaþjónustan að standa sig með prýði og að þar með sé eitthvað að hjá þeim sem kvarti. Þeir séu jú bara „einstaka viðskiptavinir“ en langflestir séu ánægðir með þjónustuna. Að lokum biður hún fólk pent um að þegja og ekki vera að tala svona um þetta úti úa allt.

Ég er móðir fatlaðs unglings og einn af þessum „einstöku viðskiptavinum“ en Strætó fær enga samúð hjá mér og þar held ég að ég tali fyrir munn margra foreldra fatlaðra barna. Tilraun Júlíu til að þagga niður í fólki virkar öfugt á mig og orð hennar hvetja mig til að tjá mig á opinberum vettvangi.

Júlía segir að starfsfólk Strætó eigi „ótrúlega“ góð samskipti við forstöðumenn sambýla og heimila. Ef samskiptin eru enn þá góð þá er það sannarlega ótrúlegt og segir meira um háttprýði okkar viðskiptavina og forstöðumanna sambýla en gæði þjónustunnar hjá Strætó.

Ég hef tekið þátt í umræðu um (óvissu)ferðaþjónustu fatlaðra í lokuðum hópi á fésbók. Þar deilum við, foreldrar fatlaðra barna og ungmenna, reynslu okkar og áhyggjum af öryggi barna okkar. Við „einstakir viðskiptavinir“ erum venjulegt og dagfarsprútt fólk og seinþreytt til vandræða en samkvæmt skilgreiningu Júlíu erum við „stressuð og upplifum þjónustuna verri en hún er“.

Hér er eitt dæmi af mörgum um þjónustuna sem við „upplifum að sé verri en hún er vegna streitu“:

Ung stúlka með þroskahömlun og einhverfu fór með Ferðaþjónustu fatlaðra í skólann sinn klukkan átta að morgni. Í stað þess að keyra hana í skólann er henni ekið að Hæfingarstöðinni við Háaleitisbraut. Þar er allt lokað og læst og það er skítakuldi og niðamyrkur. Þar er stúlkunni vísað út úr bílnum og hún skilin þar eftir!

Við foreldrar viljum gjarnan geta treyst því að ferðaþjónustan keyri börn okkar á rétta staði og við verðum að geta treyst því að öryggi þeirra sé ekki stefnt í voða. Þrátt fyrir hremmingar sem börn okkar hafa lent í af þessu tagi, höfum við sýnt starfsfólki Strætó kurteisi og umburðarlyndi og starfsfólk hefur, a.m.k. hvað mig varðar, ævinlega sýnt háttvísi og kurteisi og beðist afsökunar þegar mistök hafa orðið. Það sama verður ekki sagt um Júlíu sviðsstjóra.

„Að deyja með reisn – Líknardauði“ Málþing á vegum Siðmenntar



Siðmennt boðar til málþings um líknardauða fimmtudaginn 29. janúar næstkomandi kl. 17:00 til 18:30 á Hótel Sögu.
Markmiðið er að fjalla um þetta viðkvæma málefni út frá sjónarhóli heimspekinnar og út frá upplifun aðstandenda.

Frummælendur:
Jóhann Björnsson – heimspekingur & stjórnarmaður í Siðmennt.
Erindi: „Er einhver nokkurn tíma betur kominn iðinn en lífs? Um líf og dauða frá sjónarhóli heimspekinnar.“

Sylviane Pétursson Lecoultre – iðjuþjálfi
Erindi: Sylviane er ekkja manns sem var með ólæknandi krabbamein og valdi að deyja líknardauða í Sviss árið 2013. Sylviane fjallar um reynslu þeirra hjóna.

Ingrid Kuhlman – framkvæmdastjóri
Erindi: „Pabbi vildi fá að deyja“ - Faðir Ingridar, Ton Kuhlman sem var hollenskur ríkisborgari, var með þeim fyrstu til að fá ósk um líknardauða uppfyllta.

Fundastjórn: Sigurður Hólm Gunnarsson - iðjuþjálfi og stjórnarmaður í Siðmennt.

Fimmtudaginn 29. janúar kl. 17:00 – 18:30
Hótel Sögu – Salur: Snæfell
Aðgangur er heimill öllum og er ókeypis
Málþingið fer fram á íslensku

SIÐMENNT



Til hvers að flækja hlutina?

# LIFÐU í NÚLLINU!

365

Öll vitum við að margt af því besta í lífinu kostar ekki neitt. Það fer svo sannarlega ekki fram hjá þeim sem eru með Skemmtipakka 365 eða aðra valda pakka, því nú er GSM áskriftin líka innifalin. Þannig geta viðskiptavinir 365 talað í 60 mínútur og sent 60 SMS fyrir 0 krónur. Viðskiptavinir fá einnig 20 GB í interneti og 100 mín. í heimasíma á 0 kr. Allt þetta ásamt frábærri sjónvarpsdagskrá! Komdu í áskrift og lifðu í núllinu með okkur.

**0 kr.**
4 GSM áskriftir
**60 mín.** og **60 SMS**
(60 mín. og SMS fylgja hverri áskrift)

**0 kr.**
Internet
**20 GB**

**0 kr.**
Heimasími
**100 mín.***
*Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma.

Allar nánari upplýsingar um áskriftarleiðir er að finna á **365.is**




## SKEMMTIPAKKINN

Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar, GSM, internet og heimasími og aðild að Vild fyrir aðeins 9.290 kr. á mánuði.

**9.290 kr.**

HBO 3 Krakkastöðin BRAVO Vild

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

PIPAR\TBWA · SÍA



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**SIGURÐAR Þ. GUÐMUNDSSONAR**
**stýrimanns,**
**Eiðismýri 30.**

**Kristín Einarsdóttir**
**Sævar Sigurðsson** **Björg Þórarinsdóttir**
**Guðrún Sigurðardóttir** **Hallvarður Agnarsson**
**Einar Sigurðsson** **Auður Þorsteinsdóttir**
**Elvur Rósa Sigurðardóttir** **Smári Örn Baldursson**
**afa- og langafabörn.**



†

Ástkær faðir okkar og afi,

**JÚLÍUS CESAR OCARES ROMO**

sem lést í San Antonio, Chile, þann 22. janúar, var jarðsunginn í El Totoral, Chile þann 23. janúar sl. Minningarathöfn verður haldin í dag, miðvikudaginn 28. janúar kl. 16.00 í Fríkirkjunni Reykjavík.

**Sandra Hlíf Ocares** **Erlendur Egilsson**
**Júlía Heiða Ocares** **Kristján Þór Gústafsson**
**Victor Ocares** **Rakel Sölvadóttir**
**og barnabörn.**



†

Útför ástkærrar eiginkonu minnar, dóttur, tengdadóttur, móður, tengdamóður og ömmu,

**SÓLDÍSAR ARADÓTTUR**
**Kjarrási 8, Garðabæ,**

fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 30. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styrkja krabbameinsdeild Landspítalans.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jóhannes L. Harðarson**
**Sigríður Ólafsdóttir**
**Sesselja Laxdal Jóhannesdóttir**
**Ari Viðar Jóhannesson** **Sigrún Edda Sigurjónsdóttir**
**Hörður Smári Jóhannesson** **Björk Gunnarsdóttir**
**Hekla Aradóttir** **Arna Hlín Aradóttir**
**Birkir Orri Arason** **Hilmir Berg Harðarson**



†

Hjartans þakkir sendum við til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samhug og deildu góðum minningum með okkur við andlát og útför

**GUÐRÚNAR ÞÓRHALLSDÓTTUR**

Sérstakar þakkir til starfsfólks í Höfn og á Hrafnistu.

**Helga Jóhannesdóttir** **Halla Jóhannesdóttir**
**Þórhallur Jóhannesson** **Þorleifur Jóhannesson**
**Börkur Jóhannesson** **Pétur Bolli Jóhannesson**
**Grétar Anton Jóhannesson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðursystir okkar,

**GUÐRÚN INGIBJÖRG KRISTÓFERSDÓTTIR**
**(DÚNNA)**
**Sogavegi 168, Reykjavík,**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut miðvikudaginn 21. janúar. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 29. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á sumarstarf KFUK í Vindáshlíð eða Kristniboðssambandið.

**Guðmundur Ingi, Sigurður og Elías Halldór Leifssynir**



†

Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GYÐA (SKÍRNARNAFN GUÐNÝ) JÓHANNSDÓTTIR**
**frá Siglufirði,**

síðast til heimils að Brúnavegi 19, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 23. janúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 2. febrúar nk. kl. 13.00.

**Valtýr Sigurðsson** **Sigríður J. Hjaltested**
**Jóhann Ág. Sigurðsson** **Linn Getz**
**börn, barnabörn og fjölskyldur.**



**MIKIL GLEÐI** Það var mikil ánægja hjá börnunum á Barnaspítalanum sem fengu mjúkdýrin frá IKEA. MYND/ÞORKELL ÞORKELSSON

# Viðskiptavinir IKEA gáfu 400 mjúkdýr

IKEA afhenti Barnaspítala Hringsins mjúkdýr sem viðskiptavinir verslunarinnar höfðu safnað handa börnunum í nóvember og desember í fyrra.

Síðan 2003 hefur IKEA staðið fyrir söfnuninni Mjúkdýraleiðangrinum sem ætluð er til eflingar á menntun barna. Verkefnið er unnið með IKEA Foundation og hér á landi eru samstarfsaðilar Barnaheill og UNICEF.

Fyrir hvert mjúkdýr eða barnabók sem seldist í nóvember og desember 2014 gefur IKEA Foundation eina evru til söfnunarinnar. Samtals söfnuðust í ár, bara í verslun IKEA á Íslandi 10,1 milljón evra eða rúmar 1,5 milljónir íslenskra króna.

Eins og undanfarin ár bauðst viðskiptavinum IKEA á Íslandi einnig að gefa tvisvar með því að gefa mjúkdýr í söfnunarkassa í versluninni.

Þar söfnuðust tæplega 400 mjúkdýr sem síðan voru afhent Barnaspítala Hringsins til að gleðja þau börn sem þar þurfa að dvelja.

„Það er starfsfólki IKEA á Íslandi mikil ánægja að fá að afhenda Barnaspítalanum þessi mjúkdýr fyrir hönd viðskiptavina. Söfnunin gekk svipað og undanfarin ár, að minnsta kosti hjá okkur. Alls gáfu viðskiptavinir 400 mjúkdýr til Barnaspítalans, sem er sama magn og í fyrra,“ segir Kristín Lind Steingrímsdóttir, markaðsstjóri IKEA á Íslandi.

„Þau eru afskaplega þakklát fyrir að fá dýrin, en þannig geta öll börn sem koma á Barnaspítalann fengið mjúkdýr. Einhver hluti er gefinn í Rjóðrið, sem eru samtök fyrir langveik börn. Það er gaman að taka þátt í þessu og gaman fyrir börnin að fá mjúkdýr sem þau geta knúsað á meðan þau þurfa að dvelja á sjúkrahúsinu,“ segir Kristín.

> **Þau eru afskaplega þakklát fyrir að fá dýrin, en þannig geta öll börn sem koma á Barnaspítalann fengið mjúkdýr.**

Frá árinu 2003 hafa samtökin gefið alls 67 milljónir til UNICEF og Save the Children og hafa 11 milljónir barna í 49 löndum notið góðs af Mjúkdýraleiðangrinum, meðal annars í Víetnam, Kambódíu, Bangladess, Kína og Suður-Afríku.

adda@frettabladid.is



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**STURLA EIRÍKSSON**

lést mánudaginn 19. janúar síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 30. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á ABC barnahjálp.

**Solveig Thorarensen**
**Ingunn Ósk Sturludóttir** **Björn Baldursson**
**Steinunn Rósa Sturludóttir**
**Óskar Sturluson** **Þorgerður Jörundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, dóttur, systur og mágkonu,

**SIFJAR JÓNSDÓTTUR**
**nuddara,**
**Viðarási 21a, Reykjavík.**

**Guðmundur Ármann Eggertsson**
**Arnar Jón Guðmundsson** **Katrín Ósk Guðmundsdóttir**
**Jón Bjarnar Sigvaldsson**
**Þórunn Ellertsdóttir**
**Sigvaldi Jónsson** **Kristjana Jóhannesdóttir**
**Ellert Jónsson** **Kolbrún B. Snorradóttir**
**Bjarnar Jónsson** **Noreen Jónsson**
**og fjölskyldur.**



†

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, bróðir, tengdasonur og mágur,

**EYÞÓR FANNBERG**
**Þrastarási 4, Hafnarfirði,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 24. janúar. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 29. janúar kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans.

**Anna Þórunn Björnsdóttir**
**Brynjar Þór Eyþórsson** **Bjartur Freyr Eyþórsson**
**Salóme Herdís Fannberg**
**Áskell Bjarni Fannberg** **Þóra Kristjana Einarsdóttir**
**Kristjana Ólöf Fannberg** **Gestur Helgason**
**Björn Þór Jónsson** **Bryndís Steinþórsdóttir**
**Jón Þór Björnsson** **Júlíana Vilhjálmsdóttir**
**Steinþór Björnsson** **Andrea Sigurvinsdóttir**



†

Móðir okkar, amma og langamma,

**ODDNÝ ÞÓRARINSDÓTTIR**
**Kleppsvegi 132,**
**frá Starmýri, Álftafirði,**

er látin á 98. aldursári. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 28. janúar klukkan 13.00.

**Sigríður Hermannsdóttir**
**Stefán Ingi Hermannsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 28. janúar 2015 | 4. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

SVANSMERKIÐ SÍÐAN 2000!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




## FJÓRIR KOSTIR Á MARKAÐINN

- Horn II er 8,5 milljarða sjóður í stýringu hjá Landsbréfum
- Sjóðurinn hefur fjárfest fyrir um 80 prósent
- Bláa lónið, Fáfnir Offshore, KEA Hotels og Invent Farma gætu öll farið á markað

SÍÐUR 6 OG 7

## Lausn fyrir vefsíður fyrirtækja



Sprotafyrirtækið Tagplay hleypir í dag af stokkunum nýrri veflausn sem hjálpar fyrirtækjum að halda vefsíðum og öppum lifandi og uppfærðum með hjálp samfélagsmiðla. „Fyrirtæki voru að eyða háum upphæðum í að útbúa flottar vefsíður sem stóðu svo hálfóuppfærðar vikum saman. Einkum var það vegna þess hve flókið og tímafrekt er að uppfæra vefsíður,“ segir Sesselja Vilhjálmsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Tagplay, en hún starfaði við vefráðgjöf fyrir auglýsingastofur þegar hugmyndin að veflausninni kviknaði.

→ SJÁ SÍÐU 2

## Rúmur milljarður í hreinni eign

Velta kælismiðjunnar Frosts ehf. á Akureyri hefur áttfaldast á síðustu tíu árum. Fyrirtækið, sem er í meirihlutaeigu starfsmanna, er skuldlaust og hreinar eignir þess eru um 1,2 milljarðar íslenskra króna. „Það hefur verið stígandi í fyrirtækinu síðustu ár og sú mikla þekking og mannauður sem fyrirtækið býr yfir í starfsmönnum sínum eru gríðarlega verðmæt,“ segir Gunnar Larsen, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

→ SJÁ SÍÐU 4

## Afahlutverkið skemmtilegt



Skarphéðinn Berg Steinarsson er nýr framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofu Íslands en hefur starfað í ferðabransanum árum saman. Hann á stóra fjölskyldu. „Fjölskyldan fer sístækkandi og þetta hlutverk sem við hjónin erum í, orðin amma og afi, er mjög skemmtilegt,“ segir Skarphéðinn.

→ SJÁ SÍÐU 8

**STJÓRNARMAÐURINN**
@stjornarmadur

Er það stjórnmálamönnum um megn að stunda kalt hagsmunamat og beita fyrir sig almennri skynsemi?

→ SÍÐU 12


# Fríar sjónmælingar með öllum seldum gleraugum



Tímapantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500
Optical Studio í Keflavík, 4213811
Optical Studio í Leifsstöð, 4250500

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

# Umboðssvik ráðherra – Landsdómur kallaður saman?

Skjóðan

**LENGI HEFUR** verið vitað að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hvarf strax í upphafi valdatíðar sinnar frá þeirri stefnu sem fylgt var í tíð ríkisstjórnar Geirs H. Haarde, um að afsláttur á lánum heimila og fyrirtækja sem færð voru frá gömlu bönkunum í hina nýju skyldi ganga áfram til lántakenda.

**Í GÖGNUM** Víglundar Þorsteinssonar er komin fram staðfesting á að því sem Steingrímur J. Sigfússon, Gylfi Magnússon og fleiri hafa ávallt þvertekið fyrir. Nú er staðfest að ráðherrarnir tóku beinlínis ákvörðun um að láta afsláttinn af lánunum ekki ganga áfram til skuldara heldur skyldu kröfuhafar njóta hans.



**SAMKVÆMT GÖGNUM** Víglundar virðast 400 milljarðar, sem áttu að ganga til lántakenda, hafa verið afhentir kröfuhöfum. Það mun hafa verið að ráði JP Morgan og fleiri ráðgjafa, sem ríkisstjórn Geirs H. Haarde tók ákvörðun um að reyna að tryggja að afslátturinn á lánum heimila og fyrirtækja yrði látinn ganga til lántakenda. Það var talin forsenda fyrir hraðri endurreisn hagkerfisins að lækka þessi lán og minnka skuldsetningu einkageirans.

**ÞESS Í STAÐ** var búið til hvatakerfi í bönkum til að tryggja sem bestar heimtur umræddra lána auk þess sem tveimur bönkum var komið í hendur kröfuhafa með vafasömum hætti. Þá er ótalið það tjón sem orðið hefur vegna þeirrar ákvörðunar Steingríms og væntanlega Gylfa einnig að láta nýja Landsbankann gefa út 300 milljarða skuldabréf í erlendri mynt í uppgjöri við gamla Landsbankann. Þetta skuldabréf setur mikla pressu á gengi krónunnar.

**STEINGRÍMUR OG GYLFI** voru sérstakir áhugamenn, ásamt flestum ráðherrum síðustu ríkisstjórnar, um að gera þjóðina ábyrga fyrir Icesave. Það hefði kostað skattgreiðendur 300 milljarða ef þeir hefðu fengið vilja sínum framgengt.

**OFANGREINDAR STJÓRNARATHAFNIR** Steingríms J. og Gylfa Magnússonar hafa kostað skattgreiðendur 400 milljarða hið minnsta. Með Icesave hefði upphæðin verið 700 milljarðar. Er þá ótalinn kostnaður við vafasamar og misheppnaðar aðgerðir til bjargar völdum fjármálafyrirtækjum á borð við Sp Kef og VBS. Stöðnun ríkir í hagkerfinu og drjúgur hluti fyrirtækja og heimila er enn allt of skuldsettur.

**RÁÐHERRARNIR** höfðu ekki umboð til þessara verka. Umboðsleysið kom glögglega í ljós þegar þjóðin hafnaði Icesave-ríkisábyrgð í tvígang. Steingrímur hafði ekki umboð til að afhenda kröfuhöfum 400 milljarðana sem áttu að ganga til íslenskra lántakenda. Hann hafði heldur ekki umboð frá Alþingi þegar hann afhenti kröfuhöfum tvo banka sem ríkið átti.

**HLÝTUR EKKI LANDSDÓMUR** að verða kallaður saman nú? Hann hefur verið kallaður saman af minna tilefni.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**7** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**4** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**3** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**
**HB GRANDI** 15,1% frá áramótum
**HB GRANDI** 6,6% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**
**NÝHERJI** -3,5% frá áramótum
**HAGAR** -3,0% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 101,0 | -2,9% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 238,00 | 0,4% | 0,0% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 37,70 | 7,7% | -0,5% |
| Hagar | 41,90 | 3,6% | -3,0% |
| HB Grandi | 38,90 | 15,1% | 6,6% |
| Icelandair Group | 23,00 | 7,5% | 0,7% |
| Marel | 142,50 | 3,3% | 0,0% |
| N1 | 23,55 | 1,5% | 0,6% |
| Nýherji | 5,00 | -3,5% | -1,0% |
| Reginn | 14,48 | 6,9% | -0,1% |
| Sjóvá | 11,80 | -1,3% | 0,7% |
| Tryggingamiðstöðin | 27,70 | 5,3% | 0,5% |
| Vátryggingafélag Íslands | 9,25 | 2,2% | 1,0% |
| Össur | 397,00 | 10,0% | 0,5% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.382,94 | 5,5% | 0,6% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 25,50 | 12,8% | 11,4% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,85 | 0,0% | 0,0% |

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 28. JANÚAR**
**Þjóðskrá** Fjöldi útgefinna vegabréfa

**FIMMTUDAGUR 29. JANÚAR**
**Hagstofan** Kjötframleiðsla í desember 2014
**Hagstofan** Útungun alifugla í desember 2014
**Hagstofan** Vísitala neysluverðs í janúar 2015
**Kauphöllin** Ársuppgjör Nýherja 2014

**FÖSTUDAGUR 30. JANÚAR**
**Hagstofan** Nýskráningar og gjaldþrot í desember 2014
**Hagstofan** Vöruskipti við útlönd, janúar-desember 2014, bráðabirgðatölur
**Hagstofan** Vísitala framleiðsluverðs í desember 2014
**Hagstofan** Verðmæti sjávarafla janúar-október 2014

**MÁNUDAGUR 2. FEBRÚAR**
**Hagstofan** Skráð fyrirtæki og félög
**Hagstofan** Íslyklar og innskráningarþjónusta Ísland.is

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

# Sparar tíma við uppfærslu heimasíðna

***Tagplay er nýtt sprotafyrirtæki sem í dag setur nýja veflausn af stað sem hjálpar fyrirtækjum að uppfæra vefsíður sínar og öpp.***

**UPPLÝSINGATÆKNI**
**Fanney Birna Jónsdóttir** | fanney@frettabladid.is



**FRUMKVÖÐULL** Sesselja Vilhjálmsdóttir er vön frumkvöðlaumhverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tagplay er nýtt sprotafyrirtæki sem hleypir í dag af stokkunum nýrri veflausn sem er sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum.

„Veflausnin hjálpar fyrirtækjum að halda vefsíðum og öppum lifandi og uppfærðum með hjálp samfélagsmiðla,“ segir Sesselja Vilhjálmsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Tagplay.

Sesselja hefur starfað í hugbúnaðargerð síðustu ár og er vel kunn frumkvöðlaumhverfinu. Hún gaf meðal annars út heimildarmyndina The Startup Kids sem fjallar um veffrumkvöðla í Bandaríkjunum og Evrópu.

Hugmyndinn að veflausn Tagplay kviknaði þegar Sesselja kom að vefráðgjöf fyrir auglýsingastofur.

„Fyrirtæki voru endurtekið að eyða háum upphæðum í að útbúa flottar vefsíður sem stóðu svo hálfóuppfærðar vikum saman. Einkum var það vegna þess hve flókið og tímafrekt er að uppfæra vefsíður,“ segir hún.

Sesselja segir tilboð, opnunartíma og jafnvel símanúmer enda á því að verða úrelt og missa fyrirtæki því af mögulegum viðskiptum.

Fyrsta vara Tagplay er fyrir vefforritara til að koma upp heimasíðum sem stjórnað er af samfélagsmiðlum; Facebook, Instagram, Twitter og tölvupósti.

„Tagplay sparar forriturum tíma við að koma upp heimasíðu og að þurfa að eyða tíma í að kenna viðskiptavinum á flókin kerfi til að uppfæra heimasíðuna.“

Þróun á hugbúnaði Tagplay hefur staðið yfir undanfarna mánuði í samvinnu við viðskiptavini Tagplay og helstu vef- og auglýsingastofur á Íslandi.

Fyrirtækið hefur fram að þessu verið fjármagnað af eigin fé og sölu vörunnar en Sesselja stendur nú í lokaferli við að fjármagna félagið með aðkomu bandarískra og íslenskra fjárfesta. Fjárfestingunni verður að hennar sögn varið í að stækka teymið enn frekar og markaðssetningu erlendis.

Sesselja mun kynna Tagplay á Mannamótum Ímark, markaðsfólks á Íslandi, á Kexi hosteli í dag klukkan 17.00.


ÍSLENSKA SIA.IS ICE 70163 08/2014



ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

Njóttu hlunninda fyrirtækjasamningsins. Þar má nefna:

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem Icelandair býður er veittur af öllum fargjöldum á því farrými sem fyrirtæki óska eftir hverju sinni.
- Hægt er að nálgast nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar má finna á www.icelandair.is/fyrirtaeki
Eins má senda fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR

# NÝR DACIA DOKKER

**Til afgreiðslu strax!**

## "tæplega milljón kílómetrar og ekki ein einasta bilun„

**UMMÆLI**

Fáir viðskiptavinir gera meiri kröfur um rekstraröryggi og rekstrarhagkvæmni og bílaleigur. KúKú Campers er íslensk bílaleiga sem sérhæfir sig í rekstri ferðabíla sem hægt er að ferðast í og gista.

"Við keyptum nýjar Dacia Dokker sendibifreiðar til prufu á síðasta ári. Þær eru nú keyrðir samanlagt tæplega milljón kílómetra. Enn hefur ekki komið upp ein einasta bilun. Frábær kaup og við pöntuðum fleiri fyrir þetta ár."

Steinarr Lár, annar eigandi
KúKú Campers ehf.



**DACIA DOKKER 1,6 BENSÍN BASE** **1.823.580 án vsk.**

# 2.260.000

**Dacia Dokker 1,5 AMBIANCE dísil / Kr. 2.660 þús. / 2.145 þús. án vsk.**
**Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri aðeins 4,5l/100km***

**STAÐALBÚNAÐUR DOKKER AMBIANCE**

Hiti í bílstjórasæti - Sex aðgerða aksturstölva - Þokuljós að framan - Aðgerðarhnappar við stýri - Handfrjáls símabúnaður - Bluetooth Útvarp, CD, 4 hátalarar og MP3 tenging - Útihitamælir - USB tengi fyrir MP3 spilara/ipod - Rúður í afturhurðum - Upphituð afturrúða Rúðuþurrka á afturrúðu - Rafknúnar rúður - Rafknúnir speglar - Hæðarstilling á stýri - 15" hjólkoppar - Fjarstýrðar samlæsingar - Rennihurð á hægri hlið Litaðar rúður - 180° opnun á afturhurðum án glugga - Geymsluhólf í framhurðum - ABS hemlakerfi - Stöðugleikastýring ESC - Loftpúði fyrir ökumann - Forstrekkjarar á sætisbeltum - Hæðarstilling á höfuðpúðum - Ræsivörn - Varadekk - Gólfmottur framm í - Áminningarljós fyrir sætisbelti - Þriggja hraða rúðuþurrkur - Þriðja hemlaljósið - Þægindaljós við framsæti - Ljós í farangursrými - 4ra hraða miðstöð með kælirásum

Dacia eco²
www.dacia.is

*Miðað við uppgefna eldsneytisnotkun framleiðanda í blönduðum akstri.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

Mennirnir að baki fyrirtækinu Medilync voru viku í Seattle. Þeir funduðu með starfsmönnum og samstarfsaðilum Microsoft og segja mjög mikilvægt að hafa myndað tengsl þá:

# Fengu mikla ráðgjöf frá starfsmönnum Microsoft

„Við fórum út föstudaginn 9. janúar og byrjuðum mánudaginn 12. að kynna verkefnið fyrir fimm manna teyminu sem vann með okkur alla þessa viku,“ segir Sigurjón Lýðsson hjá nýsköpunarfyrirtækinu Medilync. Hann og samstarfsmenn hans fóru í höfuðstöðvar Microsoft í Seattle fyrr í mánuðinum til að kynna nýja uppfinningu. Medilync hefur að undanförnu þróað og hannað tæki sem er ætlað að halda og safna saman upplýsingum um lyfjagjöf sykursjúkra.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá gengur tækið undir nafninu Insulync og mun mæla blóðsykur og gefa insúlín. Svo verður hægt að geyma á tækinu upplýsingar um insúlíngjafir og blóðsykursmælingar sem síðan eru sendar í miðlæga gagnageymslu í skýinu Cloudlync.

„Strax á fyrsta degi fengum við mjög góða og gegna ráðgjöf um það hvernig við getum gert þetta enn betur,“ segir Sigurjón. Hann segir að sérfræðingar hafi komið víða að úr Bandaríkjunum til að hitta þá félagana. „Það voru þrír sem búa ekki í Seattle sem komu að hitta okkur. Bæði starfsmenn Microsoft og samstarfsmenn,“ segir hann.

Sigurjón og félagar hittu síðan Scott Guthrie, aðstoðarforstjóra Microsoft Cloud & Enterprise, og kynntu Insulync fyrir honum. „Hann er búinn að tengja okkur við aðra starfsmenn Microsoft sem geta hjálpað okkur,“ segir Sigurjón. - jhh



**Í SEATTLE** Sigurjón Lýðsson og félagar hans hittu mikinn fjölda fólks sem getur hjálpað þeim við þróun vörunnar.



**VIÐ LEIT** Árni Friðriksson er enn þá við loðnuleit. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjárfestar bregðast vel við tilkynningum Hafró um mikið magn loðnu:

# Níu prósent hækkun

Gengi bréfa í HB Granda hefur hækkað um tæplega níu prósent frá því á fimmtudagsmorgun. Í lok miðvikudagsins var gengi bréfa 36,15 en eftir hádegi í gær stóðu þau í 39,23. HB Grandi er eina sjávarútvegsfyrirtækið sem er skráð í Kauphöll Íslands.

Hækkunina má líklega rekja til þess að Hafrannsóknastofnun tilkynnti á föstudaginn að mikið magn loðnu hefði fundist í leit stofnunarinnar. Hafró myndi leggja til að loðnukvótinn yrði aukinn að minnsta kosti um 100 þúsund tonn.

Hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson er nú að endurtaka mælingar og mun þeim ljúka í þessari viku. Í kjölfar mælinga á stærð loðnustofnsins í september og október síðastliðnum lagði Hafrannsóknastofnun til að heildaraflamark vertíðarinnar yrði 260 þúsund tonn.

Gengi bréfa í HB Granda hefur hækkað um 34 prósent á hálfu ári. - jhh




**Viðskiptatækifæri**

**Veiðivöruverslun**

Til sölu ein vinsælasta veiðivöruverslun landsins. Verslunin hefur verið rekin um nokkura ára skeið og notið mikilla vinsælda. Hafa eigendur lagt áherslu góða þjónustu og hágæða vörur fyrir vandláta veiðimenn. Verslunin nýtur sérstöðu meðal annars vegna góðra umboða í veiði- og útivistarvörum, sérstaklega tengdum fluguveiði.

Reksturinn hefur gengið vel, er í stöðugum vexti og hefur skilað góðum hagnaði.

Spennandi tækifæri fyrir áhugamenn um veiði og útivist. Stærsti sölutíminn framundan.

Áhugasamir aðilar hafi samband við Guðna Halldórsson sími 414 1200, gudni@kontakt.is

**Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is**

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200

globalM&A Iceland

Haukur 01.15




**KÆLISMIÐJAN FROST** Allt frá árinu 2005 hefur fyrirtækið verið í meirihlutaeigu starfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

# Velta Frosts áttfaldast á einungis tíu árum

***Kælismiðjan Frost ehf. á Akureyri hefur stækkað gríðarlega á síðustu tíu árum. Vöxtur fyrirtækisins á árinu 2014 var um 25%.***

**IÐNAÐUR**

Sveinn Arnarsson | sveinn@frettabladid.is

Velta kælismiðjunnar Frosts ehf. á Akureyri hefur áttfaldast á síðustu tíu árum. Fyrirtækið, sem er í meirihlutaeigu starfsmanna, er skuldlaust og hreinar eignir þess eru um 1,2 milljarðar íslenskra króna. „Það hefur verið stígandi í fyrirtækinu síðustu ár og sú mikla þekking og mannauður sem fyrirtækið býr yfir í starfsmönnum sínum eru gríðarlega verðmæt,“ segir Gunnar Larsen, framkvæmdastjóri kælismiðjunnar.

Fyrirtækið á sér sögu aftur til ársins 1985 en frá 2005 hefur það verið í meirihlutaeigu starfsmanna. Sextíu prósent eru í eigu starfsmanna en KEA og Samherji eiga sinn fimmtungshlutinn hvort í fyrirtækinu. Frost vinnur að uppsetningu og hönnun á frysti- og kælikerfum fyrir fyrirtæki í matvælaframleiðslu víðs vegar um heiminn. Að mati Gunnars er Frost þekkingarfyrirtæki sem vinnur að hönnun og uppsetningu. Tæknilausnir við frystingu og kælingu afurða skipta miklu máli í nútímamatvælaframleiðslu og kröfur um gæði vörunnar verða æ meiri með hverju ári sem líður. Langflestar fisk- og kjötvinnslur landsins eru með kæli- og frystikerfi sem fyrirtækið hefur sett upp og þjónustar. „Einnig höfum við verið að gera ágæta hluti erlendis. Færeyjar eru til að mynda mjög stór markaður hjá okkur en einnig höfum við verið að vinna í Tyrklandi, Kína, Kanada, Skandinavíu og á sumum svæðum í Afríku, svo dæmi séu tekin.“

**Mannauður mikilvægur**

„Frost hefur vaxið og dafnað síðastliðin ár. Nú er svo komið að fyrirtækið skuldar ekki krónu í banka og allar framkvæmdir þess eru fjármagnaðar með eigin fé,“ segir Gunnar. „Reksturinn síðastliðin ár hefur verið góður og stígandi í verkefnum. Hagnaður hefur verið góður af rekstri. Nú er svo komið að árin 2012 og 2013 var veltan rúmir tveir milljarðar en verður rétt undir þremur milljörðum árið 2014. Það er vöxtur um 25 prósent og við erum mjög ánægðir með þennan árangur.“

Gunnar þakkar starfsmönnum fyrst og fremst þessum góða árangri síðustu ár. „Það er í raun teymisvinna starfsmanna sem skapar þetta að miklu leyti. Við búum yfir mikilli þekkingu í starfsfólki. Hér eru starfsmenn sem hafa starfað hjá fyrirtækinu frá upphafi og búa orðið yfir mikilli þekkingu. Einnig höfum við verið að bæta við okkur mjög öflugum tæknimönnum og tækniteiknurum með mikla færni.“

Að mati Gunnars er innlend þekking að verða til í þessum geira og fyrirtækið hefur getið sér gott orð á erlendum vettvangi. Á þessari innlendu þekkingu sækir fyrirtækið fram á erlenda markaði. „Þar eru vaxtarmöguleikarnir að okkar mati. Við erum að sjá mikla möguleika í Afríku þar sem spennandi tímar eru fram undan á ýmsum stöðum. Það er því áhugvert að sjá hvort við getum hoppað á þann vagn að einhverju ráði.“

**Mikið samstarf á Akureyri**

Stór verkefni kælismiðjunnar krefjast þess að mikið sé unnið með undirverktökum og öðrum fyrirtækjum. Síðustu ár hafa fyrirtæki á Akureyri notið góðs af góðri stöðu kælismiðjunnar. „Við gerum okkur grein fyrir því að við erum í raun bara lítið fyrirtæki og höfum alls ekki verkefni til að reka eigin deild í rafmagni. Þess vegna nýtum við okkur sérhæfð fyrirtæki í þeim efnum. Við höfum unnið náið með tveimur fyrirtækjum hér á Akureyri sem vinna að rafmagnshlutanum og forritun og stýringu. Þetta hefur heppnast vel og samstarfið hefur verið mjög gott.“

> Frost hefur vaxið og dafnað síðastliðin ár.

Að mati Gunnars er ekki um að ræða eiginlega stefnu fyrirtækisins í þessum efnum, að eiga viðskipti við fyrirtæki á Akureyri og þar með styrkja heimabyggðina. Hins vegar er það svo að stjórnendur fyrirtækisins geri sér grein fyrir mikilvægi þess að styrkja nærsvæði sitt og finnst á einhvern hátt að þeim renni blóðið til skyldunnar í þeim efnum.

**Erfitt að fá menntað fólk.**

Starfsmenn fyrirtækisins eru 45 talsins, langflestir þeirra vélvirkjar eða vélstjórar. Einnig starfa þar tæknifræðingar og tækniteiknarar. Á Akureyri starfa 25 starfsmenn og 20 í starfsstöð fyrirtækisins í Garðabæ. „Í stórum framkvæmdum hjá okkur erum við oft með fleiri aðkeypta menn en okkar eigin. Reksturinn er háður sveiflum að því marki að þessi stóru verkefni eru þannig að við getum ekki búið yfir slíku allt árið um kring. Því eru oft margir undirverktakar hjá okkur, líkt og í Færeyjum þar sem við höfum sett upp verksmiðjur sem geta fryst allt að eitt þúsund tonn af uppsjávarfiski á sólarhring.“

Gunnar segir erfitt oft á tíðum að fá vana menn til vinnu, þá sérstaklega vélstjórnarmenntaða menn og vélvirkja. Þar sé samkeppni hörð. „Þetta getur oft reynst okkur flöskuháls. Einstaklingum með þessa menntun bjóðast oft á tíðum góðar tekjur á sjó og geta einnig fengið vinnu hvar sem er erlendis.“

# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR
BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ
FLAKKARAR • SSD DISKAR • NETBÚNAÐUR • SJÓNVARPSFLAKKARAR
HÁTALARAR • ÍHLUTIR • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR • GEISLADISKAR
VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR • STÝRIPINNAR
HLJÓÐNEMAR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR • SKRIFARAR
MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • MÝS • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR OG FLEIRA

## SÍÐUSTU ÚTSÖLUDAGARNIR !

**15,6" LAGFÆRÐAR**
**FARTÖLVUR FRÁ 39.990 !**

NÁNAR UM ALLAR
WWW.TL.IS
ÚTSÖLUVÖRUR

EINA ÚTSALA ÁRSINS !

MEIRI LÆKKUN Á
YFIRFÖRNUM FARTÖLVUM

**1.000 TÖLVUR**
**OG TÖLVUVÖRUR!**

tl.is
TÖLVU LISTINN




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |



**VILL RÁÐDEILD Í FJÁRFESTINGUM** Hermann segir að lítið hafi verið fjárfest árið 2013 vegna þess hve háar verðvæntingar seljendur höfðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bláa lónið og Fáfnir gætu farið í Kauphöll Íslands

***Hermann Þórisson, framkvæmdastjóri fjárfestingasjóðsins Horns II, segir að menn verði að sýna aga í viðskiptum og halda verðvæntingum hóflegum. Hann telur að Bláa lónið og Fáfnir gætu orðið góðir kostir á markaði.***

**VIÐTAL**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



Eftir bankahrunið 2008 stofnaði Landsbankinn fjárfestingafélagið Horn. Félagið tók yfir hlutabréfaeignir bankans, skráðar og óskráðar, í félögum sem voru vel fjármagnaðar og í góðum rekstri. Horn fjárfestingafélag fylgdi þannig eftir bók eigin viðskipta Landsbankans. Hermann Þórisson, sem hafði starfað í eigin viðskiptum Landsbankans fyrir hrun tók við stöðu framkvæmdastjóra Horns árið 2009.

Var skynsamlegra að setja eignir Landsbankans inn í sér félag heldur en að hafa þær inni í efnahagsreikningi bankans?

„Ég held að reynslan og sagan sýni að það hafi komið mjög vel út. Horn fjárfestingafélag hefur gengið vel og skilað bankanum góðri arðsemi,“ segir Hermann í samtali við Markaðinn.

### Áttu hlut í Intrum

Hermann segir að eignir Horns árið 2009 hafi bæði verið innlendar og erlendar. „Svo maður nefni eitthvað, þá var eignarhlutur í Intrum sem er skráð í Kauphöllinni í Svíþjóð. Það var eignarhlutur í Marel. Svo var talsvert af óskráðum eignum,“ segir Hermann. Þessar eignir hafi nú verið seldar.

Landsbréf tók við eignastýringu af Horni 2012 og þar með fluttist starfsfólk Horns yfir til Landsbréfa. Hermann stýrði áfram Horni, sem þá var félag í eignastýringu innan Landsbréfa, en varð jafnframt staðgengill framkvæmdastjóra Landsbréfa.

Í dag eru engar eignir innan Horns en Landsbréf rekur tvo aðra framtakssjóði, Horn II sem er átta og hálfs milljarðs sjóður og ITF I, tveggja milljarða króna sjóður, sem sérhæfir sig í nýjum fyrirtækjum í afþreyingartengdri ferðaþjónustu.

### Byrjuðu á Bláa lóninu

Eina fjárfestingin sem var ráðist í árið 2013 af Horni II var hluturinn í Bláa lóninu „Árið 2014 var mikið fjárfest hjá Horni II, þá byrjuðum við árið í því að fjárfesta í viðbótareignarhlut í Bláa lóninu. Þannig að við stækkuðum hlut okkar þar,“ segir Hermann og bætir við að Horn II eigi nú um 20 prósent í Bláa lóninu. „Við fjárfestum svo í fyrirtæki sem heitir Fáfnir Offshore sem sérhæfir sig í þjónustu við olíuvinnslu,“ segir Hermann. Hann segir að félagið sé jafnframt með mjög góðan langtímasamning við sýslumanninn á Svalbarða, um leit og björgun á hafi, og það hjálpi þeim mjög mikið á þeim umbrotatímum sem séu núna á olíumarkaði.

Horn II fjárfesti einnig í 60 prósent hlut í KEA Hotels árið 2014, sem rekur sex hótel á Íslandi. Það eru Hótel Borg, Apótek hótel sem var opnað í Austurstræti rétt fyrir jól og Reykjavík Lights í höfuðborginni. Á Norðurlandi eru það KEA hótel, Hótel Norðurland og svo Hótel Gígur. Hermann segir að KEA Hotels sé mjög fjárhagslega sterkt og öflugt félag og geti bætt við sig hótelum. Núna sé verið að vinna í því að stækka Hótel Borg. „Sú stækkun á að vera tilbúin núna í sumar. Svo er verið að byggja hótel á Hverfisgötu sem bætist í safnið á haustmánuðum,“ segir Hermann. KEA Hotels á ekki fasteignir heldur gerir samning um rekstur hótelanna við fasteignaeigendur.

Í haust réðst Horn II svo í fjárfestingu í spænska samheitalyfjafyrirtækinu Invent Farma. Sjóðurinn er því búinn að fjárfesta fyrir 80 prósent af áskriftaloforðum.

### Passað verði upp á verðið

Landsbréf er ekki eina félagið á markaðnum sem rekur verðbréfasjóði. Önnur þekkt félög eru, svo dæmi séu nefnd: Stefnir, í eigu Arion banka, Íslandssjóðir í eigu Íslandsbanka, GAMMA og Virðing. Hermann segir ljóst að það sé samkeppni á meðal þessara rekstrarfélaga.

„Auðvitað er samkeppni á milli aðila sem ég held að heilt á litið sé jákvætt. Margir hafa velt því fyrir sér, af því að hluthafarnir í þessum sjóðum eru ekkert ósvipaðir, að þeir séu þá að keyra upp verðið á markaðnum. Það á eftir að koma í ljós. En hver og einn metur fjárfestinguna út frá þeim forsendum sem hann hefur. Út frá þeirri ávöxtunarkröfu sem hann setur sér,“ segir Hermann. Mikilvægt sé að menn hlaupi ekki út í það að borga of hátt verð fyrir handahófskenndar eignir bara til þess að geta fjárfest í einhverju. „Þú verður að sýna aga í fjárfestingum og hleypa ekki verðinu upp,“ segir Hermann. Aðalmálið sé því ekki hversu margir sjóðir séu á markaði heldur að þeir sem stýri sjóðunum sýni aga í rekstri.

Hermann segist ekki geta fullyrt um hvort það sé meiri þrýstingur á verð hlutabréfa núna en var áður. „Það var rosalegur þrýstingur fyrir tveimur árum. Þá var náttúrlega minna umfang á skráða markaðnum. Það hefur aukist. Markaðurinn með skráðu bréfin hefur ekki verið að sýna að hann sé verðlagður eitthvað umfram aðra norræna eða evrópska markaði sem við höfum verið að horfa til,“ segir Hermann. Hann bætir því við að þeir hjá Landsbréfum hafi skoðað fjölda verkefna þar sem verðhugmyndir voru of háar og ekki hægt að ganga að kaupum vegna þess. Þetta hafi meðal annars orðið til þess að Horn II fjárfesti ekki mikið á árinu 2013. „Það var of mikið af verkefnum þar, þar sem verðvæntingar voru of háar, þannig að við gengum frá borði,“ segir Hermann.

Þannig að menn hafa verið að passa sig á því að búa ekki til bólu?

„Ég vona það, auðvitað er það vandamál að vera að vinna í svona ofboðslega litlu kerfi, eins og Ísland er. Það er alltaf sú hætta, þegar þú ert að vinna í svona litlu kerfi, að það myndist ákveðinn spírall í verðþrýstingi upp á við. En maður sér það ekki í kennitölum á skráða markaðnum og ég vona að við náum að halda okkar verðvæntingum nokkuð hóflegum,“ segir Hermann

> **Það er alltaf hætta þegar þú ert að vinna í svona litlu kerfi að það myndist ákveðinn spírall í verðþrýstingi upp á við.**

Ferðasjóðurinn, Landsbréf ITF I, tók til starfa á svipuðum tíma og Horn II. Helgi Júlíusson er framkvæmdastjóri sjóðsins en Hermann er formaður stjórnar. „Sá sjóður er búinn að vera mjög virkur að skoða verkefni og hefur fjárfest nokkuð,“ segir Hermann. Sjóðurinn fjárfestir í afþreyingartengdri ferðaþjónustu. Það þýðir að hann er ekki að fjárfesta í bílaleigum og hann er ekki að fjárfesta í hótelum.

„Þeir hafa m.a. fjárfest í Fákaseli, sem er ný hestatengd ferðaþjónusta á Suðurlandi. Þeir standa fyrir byggingu Ísganga á Langjökli og einnig stendur fyrir að opna Hvalasýninguna í febrú-



## FERÐAMENN EYÐA MEIRU

**Greiðslukortavelta erlendra ferðamanna hér á landi var 112,2 milljarðar króna á árinu 2014 sem er aukning um rúma 22 milljarða á milli ára, samkvæmt tölum Rannsóknasetur verslunarinnar. Veltuaukningin var 25 prósent á milli ára.**












**STEMNING** Æskuvinirnir úr Reykjanesbæ: Ólafur Thordersen, Hafsteinn Ingibergsson, Gísli H. Jóhannsson og Einar Sigurpálsson. MYND/EVA BJÖRK

# BESTA JÓLAGJÖFIN

**ÆVINTÝRI Í KATAR** *Þrátt fyrir misjafnt gengi landsliðsins á HM í handbolta skemmta íslensku stuðningsmennirnir sér vel í hitanum í Katar.*

Lífið í Katar hefur að mörgu leyti verið ævintýralegt fyrir stuðningsmenn íslenska handboltalandsliðsins. Fyrir flesta þeirra er þessi heimshluti nokkuð framandi og því hefur dvölin þar verið mikil upplifun í bland við rysjótt gengi liðsins. Handboltasamband Katar bauð tuttugu íslenskum stuðningsmönnum á mótið og er einn þeirra handboltadómarinn kunni, Gísli H. Jóhannsson, sem hefur lengi verið harður stuðningsmaður landsliðsins. „Við erum hér saman fjórir æskufélagar úr Reykjanesbæ og allir miklir stuðningsmenn landsliðsins ásamt því að hafa unnið mikið fyrir handboltahreyfinguna undanfarin ár."

Ferðalagið til Katar tók um 18 klukkustundir en gekk þó mjög vel að sögn Gísla. „Þrátt fyrir langt ferðalag var frábær stemning í hópnum enda ekki við öðru að búast þegar hópur gallharðra stuðningsmanna ferðast saman á heimsmeistaramót til að fylgjast með liðinu sínu." Hótelið sem stuðningsmenn liðsins gista á er fimm stjörnu hótel með nær öllum hugsanlegum þægindum. Hann segir allan aðbúnað til fyrirmyndar fyrir utan áfengisleysið en ströng lög gilda í Katar um sölu áfengis.

Dagarnir í Katar byrja yfirleitt í ræktinni eða með léttu hlaupi í morgunhitanum. Ekki veitir af hreyfingunni því maturinn á hótelinu er að sögn Gísla óviðjafnanlegur. „Hér er allt innifalið og borðin svigna undan girnilegum ▶

**VEISLA**
„Hér er allt innifalið og borðin svigna undan girnilegum kræsingum, hvort sem um er að ræða morgunmat, hádegismat eða kvöldmat. Maður verður heldur betur að passa sig við svona aðstæður."





















**VEL KLÆDDIR** Íslenskir stuðningsmenn settu skemmtilegan svip á mótið. Gísli er í bol merktum „S“. MYND/EVA BJÖRK

▶ kræsingum, hvort sem um er að ræða morgunmat, hádegismat eða kvöldmat. Maður verður heldur betur að passa sig við svona aðstæður og það hefur alveg komið fyrir að við félagarnir höfum einfaldlega sleppt úr máltíð.“ Að öðru leyti er lífið í Katar að mörgu leyti gjörólíkt lífinu heima og nefnir Gísli til dæmis bílaumferðina sem getur verið ansi skrautleg. Veðrið sé þó gott og heimamenn vingjarnlegir.

Íslenski hópurinn hefur mætt mikilli gestrisni heimamanna og var honum til dæmis boðið í partí fyrir einn leikinn snemma móts. „Það fór fram á 58. hæð á hóteli hér í borg og var útsýnið stórkostlegt. Íbúðin sjálf var á þremur hæðum og lyfta var inni í íbúðinni til að flytja fólk milli hæða. Svona lagað hélt ég að væri bara til í kvikmyndum. Þar var sannarlega vel veitt eins og svo sem alls staðar sem okkur hefur verið boðið.“

Stuðningsmannahópurinn íslenski hittist fyrir hvern leik, annaðhvort í heimahúsi eða á krá. „Þar fáum við okkur stuðvatn, hlustum á íslenska tónlist og syngjum. Þetta tekur yfirleitt um tvo klukkutíma og svo keyrir rúta okkur á leikina. Það myndast alltaf frábær stemning fyrir leikina. Við erum með þrjár tegundir af borðum, sérmerkta boli og annað til að gera hópinn meira áberandi á leikjum. Öryggisgæslan hér gengur reyndar út í algjöra öfga. Lúðrar hafa verið teknir af okkur og einn borðinn var tekinn en reyndar skilað aftur. Þrátt fyrir allt látum við vel í okkur heyra á leikjum og höldum uppi góðri stemningu allan leikinn.“



**SULTUSLAKIR** Heimamenn eru misspenntir fyrir handboltanum. MYND/EVA BJÖRK

Gísli og félagar hafa brallað ýmislegt milli leikja enda margt í boði. „Við kíkjum í heita pottinn og gufu, förum í verslunarmiðstöðvar og kvikmyndahús. Síðan er gaman að kíkja á markaðinn og rölta um miðbæinn og fá sér sterkan kaffibolla. Fyrir nokkrum dögum fórum við út í eyðimörkina og leigðum fjórhjól í klukkutíma sem var frábær upplifun. Seinna skelltum við okkur á bak á úlföldum og fórum niður á strönd. Þannig að hér leiðist engum enda er bannað að leiðast úti á götu!“

Gísli vill að lokum koma á framfæri þakklæti til HSÍ en símtalið kom rétt fyrir jól. „Maður fær varla betri jólagjöf en þetta. Það er líka gaman að koma til landa sem maður heimsækir nær aldrei. Við erum allir búnir að kaupa á okkur alfatnað, til dæmis slæður, höfuðfat og galla sem við eigum eftir að klæðast á næsta þorrablóti heima.“

■ starri@365.is



**ÚT AÐ LEIKA** Klukkutími á fjórhóli í eyðimörkinni var eftirminnilegur. MYND/ÚR EINKASAFNI

# HLAÐBORÐ Á VIÐRÁÐANLEGU VERÐI

**MÍNIR MENN KYNNA** *Löng og farsæl reynsla og sérstaklega hagstætt verð er lykillinn að vinsældum veisluhlaðborðanna hjá Mínum mönnum.*

Mínir menn er alhliða veisluþjónusta sem byggir á meira en 30 ára reynslu Magnúsar Inga Magnússonar veitingamanns. Veisluþjónustan býður upp á heit og köld hlaðborð, smáréttaborð, þorraveislur, pottrétti, súpur og fleira fyrir hin ýmsu tilefni. „Við leggjum áherslu á klassísk hlaðborð með gæðin í fyrirrúmi en á eins hagstæðu verði og mögulegt er, eða 1.990 kr. á mann,“ segir Magnús Ingi. „Við höldum verðinu niðri með því að hafa réttina heldur færri en fleiri og leggjum áherslu á að veita viðskiptavinunum faglega ráðgjöf.“

Nú er rétti tíminn til að huga að veitingunum í fermingarveisluna og þar er Magnús Ingi og hans fólk á heimavelli. „Ég veit ekki til þess að nokkur bjóði betur en við, 1.990 kr. fyrir heitt og kalt fermingarhlaðborð. Ánægðir viðskiptavinir hafa bent mér á að dýrara hefði verið fyrir þá að sjá sjálfir um veisluna, fyrir utan álagið sem því fylgir.“ Svo er þorrinn að hefjast og margir búnir að panta þorraveislu hjá Mínum mönnum, sem kostar líka aðeins 1.990 kr.

Nánari upplýsingar eru á vef Minna manna, minirmenn.is, og á Facebook.



**MAGNÚS INGI MAGNÚSSON**

# Tilboðsdagar

## Frábær tilboð - komdu núna!

**Tilboð gilda til 31. jan. 2015**




### Dekkjatilboð

Bjóðum fjölda tegunda af vetrar- og heilsársdekkjum á frábæru tilboðsverði. Komdu núna og gerðu bestu kaupin á frábærum dekkjum.

BFGoodrich · PIRELLI · TOYO TIRES · SAILUN · MAXXIS · HERCULES TIRES · IRONMAN




### Smurtilboð

**25% afsláttur** af vinnu við smur. Komdu til okkar og láttu fagaðila sjá um verkið. Notum aðeins hágæða vörur frá Olís.

Tökum Olískort

Castrol · Havoline




### Bremsutilboð

**25% afsláttur** af vinnu við bremsuklossaskipti. Komdu til okkar og láttu fagaðila sjá um verkið. Þú getur gert góð kaup strax í dag!

mintex BREMSUKLOSSAR

Mundu eftir að finna
**BESTA VERÐIÐ**
áður en þú kaupir þjónustu fyrir bílinn!




**Rafgeymar**
Bjóðum einnig upp á hágæða rafgeyma á frábæru verði!

**BÍLKÓ**
Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

## 5 góðar ástæður til að taka Active Liver

- Eykur virkni lifrarinnar og gallsins
- Eykur fitubrennslu
- Stuðlar að daglegri hreinsun líkamans
- Bætir meltinguna
- inniheldur aðeins náttúruleg jurtaþykkni ss. Mjólkurþistil, Ætiþistil. Túrmerik, Svartan pipar og Kólín.

*„Finn mikinn mun á mér, eftir að ég byrjaði að nota Active Liver. Hef minni löngun í óhallan mat, sætindi, kaffi og áfengi. Ég hef líka léstog er mjög ánægð með árangurinn“.*

-Kirsten





## YFIR EINN MILLJARÐUR Í HAGNAÐ

Bláa lónið er eitt þekktasta vörumerki Íslendinga. Stærsti eigandi þess er samlagshlutafélagið Hvatning, en Horn II á tæpan helming í Hvatningu og Grímur Sæmundsen, framkvæmdastjóri félagsins, á rúman helming. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2013 nam hagnaður af rekstri móðurfélagsins 8,1 milljón evra, tæpum 1,3 milljörðum króna á gengi lokaviðskiptadags ársins 2013. Rekstrarhagnaðurinn (EBITDA) nam 12,7 milljónum, rúmum 2 milljörðum króna. Eigið fé félagsins nam 16,1 milljón evra, eða 2,6 milljörðum króna í lok árs 2013. Það er 36 prósent af heildarfjármagni. Samkvæmt ársreikningnum er stærsti hluthafi í félaginu á eftir Hvatningu HS Orka hf. Aðrir hluthafar eiga minna en tíu prósent hlut. Félagið hefur ekki skilað ársreikningi fyrir árið 2014.



**FJÁRFEST Í FERÐAÞJÓNUSTU** Hermann Þórisson segir að markmið með ITF I sé að fjárfesta í afþreyingatengdri ferðaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ar þar sem ITF I er kjölfestufjárfestir en sjóðurinn er einnig að fjárfesta í öðrum verkefnum,“ segir Hermann. Markmið sjóðsins er að auka fjölbreytnina í ferðaþjónustu á Íslandi.

Hluthafar í Horni II eru að stærstu leyti lífeyrissjóðir og fjármálafyrirtæki en hluthafar í ferðasjóðnum eru Icelandair, lífeyrissjóðir og fjármálafyrirtæki.

> **KEA Hotels er ekki af sömu stærðargráðu og þú þarft að hafa ákveðna lágmarksstærð til að fara á markaðinn.**

### Vilja skýra útgönguleið

Hermann segir að líftími Horns II sé út árið 2018, en ferðasjóðurinn muni lifa nokkuð lengur því þar séu verkefnin eðlisólík. Þó sé hægt að framlengja starfsemi Horns II til 2019 eða í síðasta lagi 2020. Horn II fjárfestir því einungis í eignum þar sem er skýr útgönguleið fyrir þann tíma. Sé slík útgönguleið ekki fyrir hendi þá er ekki fjárfest í eignunum.

Horn II fjárfestir jafnframt í eignum sem mögulegt er að skrá á markað með tímanum. „Fáfnir er fyrirtæki sem væri mjög áhugavert að sjá fara á markað. Vissulega eru erfiðar markaðsaðstæður í olíugeiranum akkúrat í dag, en þær voru mjög góðar fyrir rúmum sex mánuðum,“ segir Hermann. Ef ytri aðstæður batni þá geti félagið vel verið nógu stórt til þess að fara á markað.

Hann segir að Bláa lónið sé jafnframt stórt og öflug félag í góðum rekstri. „Ég held að það sé alveg klárlega kandídat til að fara á markaðinn,“ segir Hermann. Bláa lónið hafi verið vel rekið og vel markaðssett undanfarin ár og þar hafi verið mikil verðmætaaukning.

„KEA Hotels er ekki af sömu stærðargráðu og þú þarft að hafa ákveðna lágmarksstærð til þess að fara á markaðinn. Hugsanlega gæti það orðið kandídat á First North, ég veit það ekki,“ segir Hermann. Invest Farma sé jafnframt mjög stórt félag sem gæti endað á hlutabréfamarkaði.

Þegar þú talar um skráningu á markað, erum við þá að tala um á aðallista Kauphallar Íslands?

„Þá erum við að tala um Kauphöllina. Ekkert endilega aðallistann. Við getum líka verið að tala um First North ef sá markaður er með þeim hætti að það sé hægt að fara inn á hann,“ segir Hermann.

Hann bendir á að umræður hafi verið um það á Alþingi að rýmka fjárfestingaheimildir lífeyrissjóðanna með bréf á First North og það gæti gert þann markað ákjósanlegri.



Tekur sæti í ráði sem þróar nám fyrir alþjóðlega fyrirtækið CISCO:

# Valið mikill heiður

**TÆKNI** Ómar Henningsson, þjónustustjóri hjá Sensa, sem er dótturfélag Símans, hefur verið valinn í CCIE Advisory Counsil. Í þessu ráði sitja 25 manns frá öllum heiminum og er Ómar sá eini sem er frá Norðurlöndunum og einn af fimm frá Evrópu.

Tæknifyrirtækið Cisco er með alls kyns prófgráður og CCIE er efsta gráðan í því. Þeir ákváðu að reyna að fá í lið með sér aðila á markaðnum til þess að þróa menntunarstefnuna og CCIE-gráðuna og þannig varð ráðgjafaráðið til.

Ómar segist hafa fengið áskorun um að sækja um og ákveðið að bregðast við því. „Ég bjóst nú ekkert við því að þetta myndi gerast. En ég sótti um og mér til mikillar furðu þá buðu þeir mér að taka þátt í þessari nefnd,“ segir Ómar.

Ómar segir að tilgangur ráðsins sé að tryggja áframhaldandi virði þessarar gráðu og einnig að þróa hana í þá átt sem hjálpar markaðnum. Hann segir að það sé mikill heiður að fá að vera með í þessu starfi.

„Sérstaklega sem Íslendingur þar sem markaðurinn okkar er mjög lítill, en við höfum alltaf verið mjög



> Mér til mikillar furðu þá buðu þeir mér að taka þátt.
>
> **Ómar Henningsson**

framarlega í tækninni og verið að gera hluti sem að fáir aðrir eru að gera. Og það hefur komið fyrir að á stórum ráðstefnum hefur verið minnst sérstaklega á það sem við höfum verið að gera á Íslandi,“ segir Ómar.

Ómar segir að Sensa hafi verið í samstarfi við Háskólann í Reykjavík þar sem mikil væntun hafi verið á þekkingu á þessu sviði inni í skólunum en á sama tíma aukist eftirspurnin eftir þessari þekkingu úti á markaðnum. Segja megi að eitt helsta áhyggjuefni þessara stóru tækniframleiðenda sé skortur á hæfu tæknifólki og þess vegna sé Cisco að taka þessa hluti svona alvarlega. - jhh

EYKT

Skrifstofu og lager húsnæði til leigu

Lyngháls 4, 110 Reykjavík 2 hæð (jarðhæð)

Um 106 m² óinnréttað rými.
Mikið af bílastæðum við húsið þar að meðal bílstæðahús.



Ármúli 23, 108 Reykjavík (kjallari bakatil)

Um 700 m² * 3,1 salarhæð opið lagerrými.



Frekari upplýsingar fást hjá Pétri Guðmundssyni
Sími: 822-4488 Póstfang: petur@eykt.is eða Róbert A Reynissyni
Sími: 822-4421 Póstfang: robert@eykt.is

Eykt ehf. Stórhöfða 34-40. 110 Reykjavík S: 595-4400

# Maður býr til tíma fyrir áhugamálin

***Skarphéðinn Berg Steinarsson er nýr framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofu Íslands en hefur starfað í ferðabransanum árum saman.***

**SVIPMYND**

**Fanney Birna Jónsdóttir** | fanney@frettabladid.is

„Nú erum við að selja sól og sumar á öllum þessum sólaráfangastöðum,“ segir Skarphéðinn Berg Steinarsson, sem nýverið tók við stjórnartaumunum hjá Ferðaskrifstofu Íslands, einni stærstu ferðaskrifstofu landsins.

Skarphéðinn var um árabil forstjóri flugfélagsins Iceland Express þannig að hann er ekki ókunnugur ferðabransanum.

„Ég var í stjórn þessa félags hér áður fyrr þannig að ég þekki það aðeins. Það er virkilega gaman að koma inn og vera almennilegur þátttakandi í þessu. Svo var ég í fluginu fyrir nokkrum árum og hef síðan þá verið í ferðaþjónustu vestur í Stykkishólmi. Ég hef því starfað lengi í þessum geira og með þessu nýja starfi þá hef ég kynnst ferðaþjónustunni frá nokkuð mörgum sjónarhornum,“ segir hann.

Skarphéðinn segir sumarferðirnar fyrirferðarmestar þessa dagana en Ferðaskrifstofa Íslands rekur meðal annars Plúsferðir og Sumarferðir og síðan það sem hann kallar „Rolls Royce-inn“ í ferðaskrifstofunum sem er Úrval Útsýn.

„Núna stendur salan á sumarleyfisferðum sem hæst. Að auki höfum við verið að styrkja okkur í annars lags ferðum, til dæmis siglingum, og Ferðaskrifstofan hefur síðan verið að fikra sig inn á það að flytja ferðamenn hingað til landsins. Þó það sé ekki stórt í sniðum þá ætlum við að vera þátttakendur í því.“

Skarphéðinn hefur undanfarin tvö ár starfrækt lítið ferðaþjónustufyrirtæki í Stykkishólmi þar sem hann er með lögheimili og eyðir miklum tíma.

„Ég er kominn með svolitlar rætur þar. Þar erum við með lítið gistihús og ég er mikið fyrir vestan og finnst gott að vera þar. Ég eyði miklum tíma úti við, skoða Breiðafjörðinn og allt sem þar er. Næst á dagskrá er að koma mér inn í hestamennskuna. Mig langar að kaupa mér hest í stað þess að vera alltaf að sníkja að komast á bak hjá einhverjum öðrum,“ segir hann léttur.

Skarphéðinn er fjölskyldumaður, á þrjú uppkomin börn og tvö barnabörn.

„Fjölskyldan fer sístækkandi og þetta hlutverk sem við hjónin erum í, orðin amma og afi, er mjög skemmtilegt.“

Það er nóg við að vera hjá Skarphéðni sem segir að þrátt fyrir annríki nái hann að sinna bæði áhugamálunum og fjölskyldunni vel.

„Maður kemst bara yfir það sem maður ætlar sér. Auðvitað þarf alltaf að forgangsraða en maður býr til tíma fyrir það sem maður hefur áhuga á. Það er svo margur óþarfinn sem maður er að gera og þá er hann bara skorinn niður,“ segir Skarphéðinn að lokum.



**SIGLDUR** Skarphéðinn Berg Steinarsson tók nýverið við framkvæmdastjórastöðu hjá Ferðaskrifstofu Íslands. Hann hefur starfað lengi við ferðamennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## DÚLLULEGUR SKIPSTJÓRI



„Við vinnufélagarnir kölluðum Skarphéðin alltaf Skarpa og sjaldan man ég eftir að gælunafn hafi átt eins vel við, því hann er skarpskyggn með afbrigðum. Það kom ekki síst fram í því að hann var eldsnöggur að skilja kjarnann frá hisminu, fljótur að átta sig á aðalatriðum og taka skynsamlegar ákvarðanir. Þetta er fágætur eiginleiki sem þyrfti að prýða alla stjórnendur, ekkert er meira ergjandi en ákvarðanafælinn leiðtogi með höfuðlausan her. Skarphéðinn er líka einarður og þorir að taka óvinsælar ákvarðanir, en þar sem hann er svo hlýr og kátur í leik og starfi kyngja menn þeim með brosi á vör fullvissir um að engar aðrar leiðir séu færar.

Engum manni hef ég kynnst sem líður jafn vel og Skarphéðni í þremur lögum, það er í lofti, á láði og legi. Hann slappar hvergi betur af en uppi í loftinu um borð í flugvél, á jörðu niðri er hann í fullkomnu jafnvægi og úti á sjó konungurinn í ríki sínu, skipstjórinn sem stígur ölduna eins og ballerína á sviði.

Loks verður að koma fram að Skarpi er afburða húmoristi með svo hraðan og hvellan hlátur að ómögulegt er annað en að hrífast með, ekki síst þegar gleðin skín úr augunum og spékopparnir dansa í kinnunum. Svo er hann líka svo dúllulegur.“

**Páll Benediktsson**
upplýsingafulltrúi slitastjórnar Landsbankans.



„Skarphéðinn er drengur góður. Hér tala ég af reynslu því ég hef þekkt hann frá því að við vorum drengir. Leiðir okkar lágu saman í skátum þegar við vorum 10 ára og allar götur síðan, í 40 ár, höfum við verið góðir vinir.

Mannkostir hans eru góð og jöfn blanda af ábyrgð, skynsemi, tilfinningagreind, metnaði, jákvæðu viðmóti og léttri lund, kannski smá dass af húmor þarna einhvers staðar. Þetta staðfestir farsæll ferill hans, fyrst sem háttsettur embættismaður í bæði fjármála- og síðar forsætisráðuneytinu og síðan sem stjórnandi stórra fyrirtækja innan einkageirans. Alls staðar koma starfskraftar hans sér í góðar þarfir hjá þeim sem njóta. En það sem ég dáist þó mest að í fari Skarphéðins eru viðbrögð hans við mótlæti, hann hefur fengið sinn skammt af því eins og gengur. Hann tekst á við breytingar af hugrekki og festu, leitar lausna frekar en að líta á nýjar áskoranir sem vandamál. Það þarf reyndar ekki að koma á óvart. Hann er af ætt sjómanna og skipstjóra, með pungaprófið sjálfur. Hann er skipstjórinn og siglir fleyinu heilu í höfn.“

**Þórður Bogason**
hæstaréttarlögmaður.



Twitter hefur tekið margvíslegum breytingum á liðnum árum til þess að auka vinsældir vefjarins. Notendur hafa getað deilt myndum á vefnum og nú er gengið skrefi lengra:

# Notendur geta birt myndskeið sín á Twitter

Notendur Twitter geta núna birt sín eigin myndskeið á samfélagsmiðlinum. Vonast stofnendur síðunnar til þess að þetta muni auka vinsældir hennar.

Á vef Wall Street Journal segir að hægt sé að birta allt að 30 sekúndna löng myndskeið. Myndskeiðin birtast ekki sjálfkrafa þegar smellt er á þau. En þegar notandinn ýtir á play-takkann birtist stór mynd og myndskeiðið byrjar að rúlla.

Wall Street Journal bendir á að Twitter hafi átt erfitt uppdráttar þangað til að notendum gafst möguleiki á því að birta ljósmyndir á vefnum. Það hafi aukið vinsældir hans og rennt enn einni stoðinni undir borgaralega blaðamennsku þar sem notendur gátu miðlað fréttum af stórum viðburðum.

Í fyrstu hönnuðu þriðju aðilar ljósmyndaforrit til þess að deila á Twitter, eins og Twitpic. Árið 2011 gaf Twitter svo út sitt eigið innbyggða ljósmyndaforrit. Sú þjónusta hefur sífellt verið að þróast.

Twitter hefur á liðnum árum tekið margvíslegum breytingum til þess að auka vinsældir vefjarins. Til dæmis hefur verið hægt að fella inn myndskeið á Twitter (e. embed) í mörg ár. Í fyrra byrjaði vefsíðan svo að þróa sig áfram í auglýsingum á myndskeiðum. **- jhh**



**Í SNJALLSÍMA** Nú geta notendur Twitter birt eigin myndskeið á Twitter. NORDICPHOTOS/GETTY



**RÆDDU HRUNIÐ** Tryggvi Þór Herbertsson segir að stefnt hafi verið að því að taka lán hjá Rússum. Guðni Th. Jóhannesson segir mönnum þó ekki hafa þótt þetta vera góða hugmynd. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Guðni T. Johannesson og Tryggvi Herbertsson ræða ný gögn:

# Rússalánið var engin þjóðsaga

› klinkið
Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@365.is



Færri komust að en vildu á fyrirlestur sem félag stjórnmálafræðinga og Rannsóknarsetur um nýsköpun og hagvöxt héldu um nýjar heimildir um bankahrunið en þar voru framsögumenn Guðni Th. Jóhannesson og Hannes Hólmsteinn Gissurarson. Í nýjasta Klinkinu ræða Guðni Th. og Tryggvi Þór Herbertsson, hagfræðingur og fyrrverandi efnahagsráðgjafi Geirs H. Haarde þáverandi forsætisráðherra, þessar nýju heimildir sem eru annars vegar skjöl sem Wikileaks láku og hins vegar gögn úr vörslu breskra stjórnvalda sem Guðni Th. aflaði í krafti bresku upplýsingalaganna. Hannes var fjarri góðu gamni í Lundúnum.

**Guðni Th.: Við pössuðum ekki inn í módel Bandaríkjamanna. Við báðum um gjaldmiðlaskiptasamninga og það kom upp úr kafinu að okkur var hafnað. Í bankakrísu er traust gulls ígildi. Þau skilaboð sem voru send um allan heim voru þau að Bandaríkjamenn vildu ekki verða Íslandi að liði.**

**Tryggvi Þór: Sendiherra Rússa segir við mig, ég er búinn að hringja í Davíð. Þetta er frágengið. Seinna um daginn er þetta dregið til baka af Rússunum og sagt að þetta væri ekki jafn klárt og gefið var í skyn.**

**Tryggvi Þór: Seinna þegar ég talaði við sendiherrann þá kom það skýrt í ljós að það að við hefðum leitað til AGS og hallað okkur meira til vesturs hafi breytt hlutunum.**

**Guðni Th.: Þegar til kastanna kemur, eru embættismenn í þessari ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar ekkert endilega á því að það sé skynsamlegt, þegar bankakerfið er að hrynja og við eigum mikið undir góðum samskiptum við vinaþjóðir á Vesturlöndum, að fara í faðm rússneska bjarnarins.**

**Guðni Th.: Menn vilja líta á þetta sem glatað tækifæri og það hafi verið feigðarflan að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.**

**Tryggvi Þór: Um leið og tilkynnt var um (Rússalánið) þá byrjaði síminn að hringja í forsætisráðuneytinu. Þetta var geo-pólitískur leikur.**

Viðtalið við Guðna og Tryggva Þór er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is.**



Ísland þarf hugrakka stjórnmálamenn – tilbúna að skoða breytingar:

# Klæðlausu keisarar bankakerfisins

Það er mat tveggja af virtustu prófessum Vesturlanda í fjármálum og hagfræði að bankakerfi hins vestræna heims hafi í grundvallaratriðum ekkert breyst frá alþjóðlegu fjármálakreppunni og að bankamenn séu enn þá fastir í hjólförum nákvæmlegu sömu aðferða og hugmyndafræði og leiddu til hrunsins. Þetta kemur fram í bókinni The Bankers New Clothes eftir Anat Admati, prófessor í hagfræði og fjármálum við Stanford-háskóla, og Martin Hellwig, prófessor við Max Planck Institut í Bonn. Það er mat þeirra að bankamenn og þrýstihópar þeirra hafi staðið nauðsynlegum umbótum á fjármálamarkaði fyrir þrifum.



**Markaðshornið**

**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@stod2.is

**Bankakerfið er stórgallað enn þá og áhættusæknin er allt of mikil.**

Eitt frægasta dæmið er auðvitað Frank-Dodd-löggjöfin vestanhafs frá 2010. Hin svokallaða Volcker-regla, sem átti að banna viðskiptabönkum að kaupa hlutabréf fyrir eigin reikning og var í frumvarpinu, var útþynnt í endanlegri löggjöf ekki síst vegna áhrifa frá þrýstihópum sem fengu sitt fram.

Ein helsta ástæðan fyrir því að þrýstihópar bankanna hafa náð árangri, að mati þeirra Admati og Hellwig, er sú dulúð sem fylgir bönkum. Sú goðsögn hefur lengi þrifist að bankar séu „sérstakar stofnanir“ í samfélaginu, ólíkar öðrum fyrirtækjum og atvinnugreinum í hagkerfinu. Og þeir sem voga sér að gagnrýna bankana eða ríkjandi kerfi eru umsvifalaust afgreiddir óhæfir til að taka þátt í umræðunni um fjármálakerfið.

Hvers vegna gerum við ekki sömu kröfur til banka og annarra fyrirtækja í hagkerfinu? Hvaða fyrirtæki geta um jafn frjálst höfuð strokið þegar kemur að fjármögnun með lánveitingum, öðru en innstæðum, en bankar? Hvers vegna gilda ekki sömu lögmál um banka og önnur fyrirtæki um fjármögnun með framlagi eiginfjár? Stærsta fyrirtæki heims, Apple, tekur aldrei lán. Helmingur allra fyrirtækja í Bandaríkjunum er rekinn án lántöku.

Við eigum ekki að gera minni kröfur til fjármálafyrirtækja en annarra. Þvert á móti ætti lærdómur hrunsins að vera grundvöllur hins gagnstæða.

Eitt skýrt dæmi um breytingu sem væri til batnaðar í fjármálakerfinu lýtur að kröfunni um að bankar og aðrar fjármálastofnanir séu minna háðar lánsfé við fjármögnun fjárfestinga sinna. Breytingum, sem ráðist hefur verið í í regluverki fjármálamarkaðarins frá hruni, hefur mistekist að ná þessu markmiði. Áhættusækni banka vegna gríðarlegs lánsfjár var ein af helstu ástæðum þess að hjarta kapítalismans hætti að slá haustið 2008. Samt hefur öllum tilraunum til að skerða lántöku fjármálastofnana, með það fyrir augum að draga úr áhættusækni þeirra, verið hrundið af þrýstihópum bankanna sjálfra.

Josef Ackermann, fyrrverandi forstjóri Deutsche Bank, sagði í viðtali að allar tilraunir til að draga úr lántöku banka myndu draga úr getu þeirra til að veita lán til annarra fyrirtækja í hagkerfinu, það myndi draga úr vexti og hafa neikvæð áhrif fyrir allan almenning. Málið er að þessi rök halda ekki vatni því bankar gætu vaxið með því að reiða sig í auknum mæli á fjármagn frá hluthöfum sínum. Það myndi draga úr áhættusækni og stuðla að aukinni ábyrgð í útlánum.

Ísland þarf hugrakka stjórnmálamenn sem eru tilbúnir að skoða breytingar á bankakerfinu óháð veru og stöðu okkar í EES. Í slíkri vinnu þurfa íslensk stjórnvöld að njóta erlendrar ráðgjafar. Því eins og Willem Buiter, aðalhagfræðingur Citigroup, sagði á ráðstefnu í Hörpu árið 2011 þá er fjöldi sérfræðinga (e. talent pool) á Íslandi álíka mikill og í bresku borginni Coventry. Horfumst bara í augu við það af auðmýkt.

## NASA segist munu spara á farþegafluginu út í geim




**STYTTIST Í FARÞEGAGEIMFLUG** Talsmenn fyrirtækjanna Spacex og Boeing sögðu á mánudag að þau væru á beinu brautinni með að senda fyrstu mönnuðu eldflaugarnar til alþjóðlegu geimstöðvarinnar árið 2017. Sérfræðingar NASA gera ráð fyrir að spara sér milljónir dollara í stofnkostnað þegar farþegageimferðirnar hefjast. „Spaces Dragon V2“ geimflaugin var kynnt þann 29. maí í fyrra í höfuðstöðvum Spacex í Kaliforníu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bílnum refsað fyrir glæfraakstur

**Skoðun**



**Jóhannes Ingi Kolbeinsson**
framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar hf.

Ímyndum okkur mann sem ekur bíl sínum yfir gatnamót á rauðu ljósi. Lögreglan grípur hann og sendir málið til dómstóla. Niðurstaða þeirra er sú að bíllinn skuli sektaður en ökumaðurinn kemur frá atvikinu með hreinan skjöld og getur áfram brotið umferðarlög í trausti þess að bíllinn fái skellinn.

Því miður er ástandið svona í samkeppnismálum á Íslandi. Ef upp kemst um samkeppnislagabrot, jafnvel ítrekuð, eru það fyrirtækin sem fá sektina. Stjórnendur sem skipuðu fyrir um samkeppnislagabrotin eða létu þau viðgangast eru stikkfríir og eina vandamál þeirra er að finna leiðir til að velta sektum Samkeppniseftirlitsins yfir á viðskiptavini sína.

Þetta þýðir að stjórnendur geta vegið og metið kostnaðinn við samkeppnislagabrot og ef þeim sýnist svo að ávinningur af brotunum verði meiri en mögulegar sektir er ákvörðunin einföld. Þessu væri öfugt farið ef stjórnendur væru gerðir persónulega ábyrgir fyrir gjörðum sínum við rekstur fyrirtækja og brotum á samkeppnislögum sem þeir, eða starfsfólk í þeirra umboði, fremja. Ef þeir gætu átt von á persónulegum sektum eða sviptingu starfsleyfis í kjölfar slíkra dóma væri ákvörðunin um að brjóta samkeppnislög ekki eins auðveld.

### Dauður lagabókstafur

Ég hef horft upp á þetta í mínum rekstri í rúm tólf ár. Keppinautar Kortaþjónustunnar ásamt eigendum þeirra, bönkunum, hafa verið sektaðir um samtals 2.855 milljónir króna í þremur aðskildum málum, nú síðast í desember. Einstök brot á samkeppnislögum í þessum málum hafa verið um það bil 40 talsins. Á meðan Valitor og Borgun voru að semja við Samkeppniseftirlitið í fyrsta málinu árið 2008 voru þau að fremja þau brot sem Samkeppniseftirlitið var loks að sekta þau fyrir í lok síðasta árs.

### Dauður lagabókstafur

Enginn stjórnandi hefur fengið svo mikið sem krónu í sekt fyrir öll þessi brot sem framin voru gegn neytendum í landinu. Þeir starfa áfram sem stjórnendur í fyrirtækjunum margir hverjir. Einn er bankastjóri Arion banka. Þetta viðgengst þrátt fyrir að í tiltölulega nýjum lögum um fjármálaþjónustu sé sérstaklega tilgreint að stjórnendur fjármálafyrirtækja megi ekki hafa gerst brotlegir við samkeppnislög. Sá lagabókstafur virðist algerlega dauður af því að það eru fyrirtækin en ekki stjórnendurnir sem eru dæmd brotleg.

### Breytingar eru nauðsynlegar!

Því miður höfum við skapað það umhverfi í íslensku viðskiptalífi að það er alltof auðvelt fyrir stjórnendur markaðsráðandi fyrirtækja að ákveða að brjóta samkeppnislög. Úrskurðir Samkeppniseftirlitsins um brot á samkeppnislögum eru orðnir svo daglegt brauð að fjölmiðlar eru næstum hættir að gefa jafnvel milljarðasektum gaum. Stjórnvöld horfa í hina áttina, Fjármálaeftirlitið er ekki til viðtals um þessa hluti þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og Samkeppniseftirlitið hefur ekki tólin til að gera stjórnendur ábyrga fyrir gjörðum sínum.

Þetta gengur ekki lengur. Á meðan skuldinni er skellt á bílana munu ökumennirnir halda áfram að aka eins og hálfvitar. Alþingi verður að taka á málunum og endurskoða samkeppnislög sem stjórnendur virkilega forðast að brjóta.

# Vertu til því lífið kallar á þig!

**Hin hliðin**

**Guðrún Högnadóttir**
Managing Partner
FranklinCovey



Hvað dregur þig á fætur á morgnana? Er það glamrið í snjallsímanum á náttborðinu: 20 nýir póstar og fimm fundarboð fyrir 8.00? Er það stimpilklukkan sem krefst þinnar nærveru klukkan sjöfimmtíuogfimm stundvíslega? Eða – er það skýr tilgangur og mikilvægt lífsframlag sem lokkar þig að heillandi verkefnum dagsins (að ógleymdum ljúfum ilmi af hafragraut)?

Frumkvöðullinn Richard Branson var í Davos í vikunni og varð tíðrætt um mikilvægi þess að fólk og fyrirtæki tengdu sig við mikilvægt langtímaframlag frekar en fjárhagsleg skammtímamarkmið („Focus on improving lives and communities“). Hann minnti okkur á að fyrirtæki sem byggðu á tengslum starfsfólksins við sterkan tilgang döfnuðu vel og týndust ekki með tímanum. Hann nefndi t.d. að Barclays-bankinn vísar stöðugt í rætur sínar á 17. öld sem er að „… fjármagna metnað og tækifæri“. Stofnendur bankans töldu hlutverk sitt vera að halda hagkerfinu í góðum gír og að gera líf fólks betra.

Georg Merck, stofnandi lyfjarisans Merck, sagði: „… gleymum því aldrei að lyf eru fyrir fólkið. Ekki fyrir hagnaðinn. Hagnaðurinn fylgir réttri hugsun og þegar við munum þetta hafa hlutirnir alltaf gengið vel.“

Fleiri góðir menn minna okkur á mikilvægi tilgangs. Fræðimaðurinn og forgöngumaðurinn Victor Frankl miðlaði lærdómi sínum úr útrýmingarbúðum nasista – og taldi að skýr tengsl við sinn tilgang gerðu fólki kleift að lifa af mestu hörmungar mannkyns. Af tilgangi og æðruleysi má yfirstíga ómögulegar hindranir og skapa gjöfult samfélag. Arfleið Frankl er okkur öllum verðmæt – þekktu tilgang þinn: þaðan kemur ástríða þín og endalaus orka!

- Hvort ert þú stöðugt með hugann við EBIDT-una eða fólkið sem þú þjónar?
- Hvort getur þú betur svarað spurningunni „hvað á ég að gera?“ eða „af hverju er ég að þessu?“.
- Veist þú með hvaða hætti þín vinna þjónar fólki, samfélögum og plánetunni okkar til lengri tíma?
- Hvað munu barnabörn þín segja um framlag þitt stórt og smátt eftir þinn tíma?

Mundu að það að gera góða hluti gerir þér kleift að lifa góðu lífi. Branson sagði einnig: „Ef ég væri aftur 22 ára myndi ég skemmta mér konunglega við að uppgötva minn tilgang. Þaðan kæmi tækifæri mitt til að skilja þennan heim eftir aðeins betri en ég tók við honum!“

Hvernig væri að leiða þitt teymi inn í farsæla nýja tíma með skýrum svörum við spurningunni „af hverju“. Ég hvet ykkur til að sækja aftur heim sögurnar um af hverju vinnustaðir ykkar voru stofnaðir og finna gleðina í göfugum tilgangi. Vertu til að leggja hönd á plóg.








Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004

Beltone **First**™

# Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First**™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**.
Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

Framleitt fyrir iPod iPhone iPad

**Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is**

**HEYRNARSTÖÐIN**

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi.
Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 133,19 | DKK 20,34 | NOK 17,24 | CHF 147,52 |
| GBP 202,44 | EUR 151,40 | SEK 16,30 | JPY 1,13 |

**FTSE 100**
6.811,61 -40,79
(0,60%)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## 25% AUKNING

**Veltan tæpir 7 milljarðar**

Greiðslukortavelta erlendra ferðamanna hér á landi var 6,5 milljarðar króna í desember sem er 1,3 milljarði króna meira en í sama mánuði árið áður. Aukningin nam því 25 prósentum á milli ára. Þetta er sama hlutfallslega aukning og þegar borin er saman erlend kortavelta hér á landi allt árið 2014 við allt árið 2013.

**23. janúar 2015** Það er jú þannig að vörugjöldin voru aflögð um áramótin. Þá var fullt af birgðum hér og þar í versluninni sem voru augljóslega leystar úr tolli með fullum vörugjöldum. Það mun taka einhvern tíma, vikur og í einhverjum tilfellum lengri tíma, að full niðurfelling vörugjalda komi fram. Það fer svolítið mikið eftir veltuhraða vörunnar en það mun taka einhvern tíma. Þetta er sameiginlegt hagsmunamál verslunarinnar og alls almennings í landinu að einfalda allt skattkerfið almenningi til hagsbóta.

*Andrés Magnússon,*
*framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu*



## 5,5% VANSKIL

**Færri í vanskilum en áður**

Í lok árs 2014 voru 5,49% þeirra heimila sem eru með fasteignalán sín hjá Íbúðalánasjóði með lán sín í vanskilum. Sambærilegt hlutfall í lok desember 2013 var 7,23% og hefur því heimilum í vanskilum fækkað um 24% á árinu. Sambærileg vanskilahlutföll lána til heimila hafa lægst farið rétt niður undir 2% á besta tíma í hagsveiflunni.

## STJÓRNARMAÐURINN

### Kreddur frekar en hagsmunamat

Stjórnarmaðurinn á erfitt með að gera upp hug sinn gagnvart ESB. Einn daginn vill hann inngöngu, þann næsta prísar hann sig sælan fyrir að Ísland er ekki statt á sömu vegferð og Grikkland, Írland, Spánn eða Portúgal.

**STJÓRNARMAÐURINN** er þó á því að ýmis rök hnígi að því að Íslendingar hefðu gott af því að undirgangast þann aga sem fylgir því að vera með alvöru mynt, og ekki síður komast í tæri við embættismannakerfi og vinnustaðla sem teljast faglegir – ekki gegnsýrðir af frændhygli eða sannfæringu lítt sigldra besservissera.

**HVAÐ SEM PRÍVATPÆLINGUM** um fýsileika ESB-inngöngu líður, þá skilur stjórnarmaðurinn ekki á hvaða vegferð ríkisstjórnin er með því að leggja slíka áherslu á viðræðuslit. Yfirlýsingar ESB í tengslum við viðræðuhlé benda til þess að sambandið sé viljugt til að sýna þolinmæði og langlundargeð gagnvart Íslandi. Frumkvæði að viðræðuslitum er því einhliða og séríslenskt.

**ER ÞAÐ STJÓRNMÁLAMÖNNUM** um megn að stunda kalt hagsmunamat og beita fyrir sig almennri skynsemi í stað þess að nálgast mál með kreddur og ályktanir flokksfélaga úr Skagafirði eða Garðabæ í farteskinu?

**HVAÐ ER ANNARS UNNIÐ** með viðræðuslitum annað en loka á „mikilvægan kost í efnahagsmálum, einkum hvað varðar framtíðarskipan peningamála", svo vísað sé í ályktun viðskiptaráðs frá því síðasta vor?

### Kviss bang hjá Bang og Olufsen

Stjórnarmaðurinn hefur alltaf verið mikill aðdáandi Bang & Olufsen raftækja.

**HANN LAS ÞVÍ** gaumgæfilega fréttir af því að félagið væri í söluferli. Samkvæmt forstjóranum er B&O of lítið til að lifa af á markaði í heljargreipum stærri aðila eins og Samsung og Sony.

**B&O HEFUR ÁTT** í miklum vandræðum undanfarin ár og bréf félagsins hríðfallið. Fyrirtækið var þekkt fyrir hönnun sína og tók vöruhönnun því margfaldan þann tíma sem stærri keppinautar lögðu í slíkt. Síðustu ár hefur tækniþróun verið þannig að þótt B&O vörur séu fallegar, þá hefur tæknin þar að baki hreinlega verið orðin úrelt áður en tækin koma í verslanir.

**VIÐ ÞETTA HAFA BÆST** misheppnaðar vörur sem ná áttu hylli yngri kynslóða, auk þess sem markaðssókn félagsins í Kína sigldi í strand. Stjórnarmaðurinn vonar að B&O, eins og Ísland, rísi nú úr öskustónni, enda hvort tveggja vörumerki sem fengu hárin til að rísa á árunum fyrir hrun.

@stjornarmadur


# Muna að drekka nóg af vatni

**Frábær vatnsvél fyrir fyrirtæki**




Með **Chiller+** vatnsvélinni frá Bravilor er hægt að fá sér frískandi, kalt vatn allan daginn - bæði venjulegt en einnig sódavatn. Allt í einni vél. Aðeins þarf að ýta á einn takka og þú færð eins mikið vatn og þú vilt - hvort sem er til að fylla eitt vatnsglas eða heila flösku. Vatnsvélin er tengd beint við vatnslögn.

Þægileg, umhverfisvæn og aðgengilegt vél.
Falleg og fáguð hönnun á vélinni sem er úr hvítu plasti.

- Kalt og frískandi vatn hvenær sem hentar
- Venjulegt vatn + sódavatn
- Tengist beint við vatnslögn
- Sparar pláss þar sem ekki þarf að hafa vatnsdunk tengdan vél
- Hægt að stilla hitastig vatns frá 5-20°C
- Ljós kemur þegar þrífa þarf vél eða skipta um filter

FASTUS
Veit á vandaða lausn

FASTUS_H_28.08.13

**Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00**
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is



20:05
**Á UPPLEIÐ**
Næsti viðmælandi Sindra Sindrasonar er Sigrún Jónsdóttir, yfirmaður hjá TK MAX í London en fyrirtækið rekur yfir 300 verslanir þar í landi.

# MAGNAÐIR **MIÐVIKUDAGAR**

20:55
**OLIVE KITTERIDGE**
Síðasti þáttur í vandaðri þáttaröð frá HBO um Olive og Henry sem hafa gengið saman í gegnum súrt og sætt.



22:00
**BONES**
Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.



22:00
**CAPTAIN PHILLIPS**
Sannsöguleg stórmynd um skipstjórann Richard Phillips og baráttu hans við sómalska sjóræningja árið 2009.



21:45
**ARROW**
Ungur milljónamæringur og glaumgosi snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og talinn af.



22:30
**COLD CASE**
Magnþrunginn mynda-flokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við að leysa úr gömlum, rykföllnum sakamálum.



18:00
**DÓRA LANDKÖNNUÐUR**
Við fylgjumst með Dóru og apanum hennar, Klossa, í ævintýrum þeirra um fjöll og firnindi.



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT! 365



## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | 7 | 4 | | | 3 | 9 | |
| 1 | 8 | 9 | 2 | | | | | 7 |
| 2 | | | | | 9 | | | 8 |
| | 9 | | | | 8 | 1 | | 6 |
| | 1 | | | | | | | 5 |
| | | | 5 | | 7 | 8 | | |
| | | 2 | 7 | 3 | | | | |
| | 5 | 8 | | 9 | | 6 | | |
| | | | | 4 | 6 | 2 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7 | 4 | | 3 | | |
| | | 4 | | | | | 8 | |
| 1 | 5 | | | 6 | 8 | | 4 | 7 |
| | 9 | | | 2 | 5 | | 1 | |
| 5 | 6 | | | 7 | | | 9 | 4 |
| 7 | 8 | | 4 | | | | | |
| 9 | | | | | 4 | | | |
| | | | | 8 | | 9 | | |
| | | | | | | | | 2 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | 5 | | 9 | | |
| 4 | | | | | 2 | | 1 | |
| | | | 8 | | 4 | 2 | | |
| 7 | | 6 | | | | 1 | | |
| | | | 3 | | | | | 7 |
| | 3 | | | 4 | | | 9 | |
| | | 9 | | | 1 | 5 | 7 | 6 |
| | | | 6 | | | | | |
| | | 8 | | | | | | 9 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 | 1 | 3 | 6 |
| 5 | 6 | 7 | 3 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 |
| 3 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 6 | 5 | 8 | 9 | 2 | 1 | 3 |
| 8 | 2 | 9 | 1 | 4 | 3 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 1 | 3 | 6 | 8 |
| 1 | 4 | 5 | 8 | 3 | 6 | 7 | 9 | 2 |
| 6 | 3 | 8 | 9 | 7 | 2 | 5 | 4 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 1 | 4 | 6 | 5 | 2 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 2 | 8 | 3 | 4 | 9 | 1 | 6 | 5 | 7 |
| 5 | 9 | 4 | 6 | 7 | 3 | 1 | 8 | 2 |
| 6 | 1 | 7 | 8 | 5 | 2 | 3 | 4 | 9 |
| 7 | 4 | 2 | 3 | 6 | 9 | 8 | 1 | 5 |
| 9 | 6 | 8 | 7 | 1 | 5 | 2 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 5 | 2 | 8 | 4 | 9 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 8 | 5 | 7 | 9 | 6 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 1 | 8 | 6 | 2 | 3 | 5 | 4 |
| 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 6 | 5 | 9 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | 7 | 4 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 |
| 8 | 3 | 6 | 7 | 9 | 5 | 4 | 2 | 1 |
| 5 | 1 | 4 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Aldur er eitthvað sem skiptir ekki máli, nema þú sért ostur."**

*Luis Bunuel.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** hreinsiefni, **6. 950, 8.** gras, **9.** fugl, **11.** Í röð, **12.** miklu, **14.** þrætur, **16.** tímabil, **17.** af, **18.** sólunda, **20.** persónufornafn, **21.** tikka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** samtals, **3.** hæð, **4.** ávaxtatré, **5.** þakbrún, **7.** andstaða, **10.** eldsneyti, **13.** rangl, **15.** rótartauga, **16.** hylli, **19.** frá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** lm, **8.** sef, **9.** lóm, **11.** rs, **12.** stóru, **14.** þrátt, **16.** ár, **17.** frá, **18.** sóa, **20.** ég, **21.** tifa.
**LÓÐRÉTT: 1.** alls, **3.** ás, **4.** perutré, **5.** ufs, **7.** mótþrói, **10.** mór, **13.** ráf, **15.** tága, **16.** ást, **19.** af.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

BÆTUM VIÐ VÖRUM DAGLEGA!

# STÓRA ÚTSALAN

## VARÐ ENN STÆRRI

### YFIR 1500 VÖRUR Á MÖGNUÐU TILBOÐI!

Nú má skoða útsöluvörurnar líka á byggtogbuid.is

## ÚTSÖLULOK UM HELGINA

# 20-70% afsláttur!

**KAFFIVÉLAR, ELDHÚSÁHÖLD, POTTAR OG PÖNNUR, VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR, DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL, BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR, BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR- OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR, HRAÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT, HITAKÖNNUR OG BRÚSAR, BAÐVOGIR OG MARGT FLEIRA!**

## ÚTSÖLULOK UM HELGINA

### KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

**Höfum bætt við hundruðum af vörum á útsöluna!**

**Dæmi:** Allar Rosenthal vörur á **20-50%** – Villeroy & Boch matarstell á **25%** - Waltherglas glervara **25%** - Sambonet hnífapör **20%** - Valdar pönnur á **50%** - Garmin leiðsögutæki **20%** og margt fleira.

Nú má skoða útsöluvörurnar líka á byggtogbuid.is

# byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid



**FLYTJENDURNIR** Eva Þyri og Pamela.

## Hinn ímyndaði kafbátur

Pamela De Sensi flautuleikari og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari koma fram á hádegistónleikum í hátíðasal HÍ í dag og flytja nýleg verk eftir Bill Douglas, Mike Mower, Adrienne Albert, Gary Schocker og Steingrím Þórhallsson. Um frumflutning er að ræða á verki Steingríms, Nautilus, sem vísar til hins fræga ímyndaða kafbáts úr sögu Jules Verne, Sæfaranum.

„Við höfum það sem meginreglu í þessari tónleikaröð að vera með frumsamið verk,“ segir Kristín Ása Einarsdóttir, viðburðastjóri hjá HÍ.

Enginn aðgangseyrir er að tónleikunum sem hefjast klukkan 12.30 og allir eru velkomnir. „Alveg upplagt tækifæri fyrir þá sem vilja gera eitthvað skemmtilegt í hádegishléinu sínu,“ bendir Kristín Ása á.

- gun



**ÚR OFSA** Sviðið er eins og útvarpsleikhús og mikið lagt upp úr hljóðmyndinni.

# Leikhúskaffi í Gerðubergi

**Aðstandendur sýningarinnar Ofsa mæta á leikhúskaffi í Gerðubergi í kvöld og lýsa ferlinu frá skáldsögu til uppsetningar. Þetta er fyrsta dagskráin af fjórum.**

„Leikhúskaffið verður fjórum sinnum nú á vormisseri, alltaf síðasta miðvikudag mánaðarins klukkan 20 og byrjar í kvöld,“ segir Stella Soffía Jóhannesdóttir, bókmenntafræðingur hjá Borgarbókasafninu. Hún segir dagskrána vera samstarfsverkefni safnsins og Þjóðleikhússins.

„Þær sýningar sem við fjöllum um eru í fyrsta lagi Ofsi sem leikhópurinn Aldrei óstelandi sýnir í Kassanum og er byggð á samnefndri bók Einars Kárasonar. Marta Nordal, leikstjóri og höfundur leikgerðar, kemur ásamt leikurum úr sýningunni þeim Eddu Björgu Eyjólfsdóttur og Stefáni Halli Stefánssyni ásamt höfundi bókarinnar. Þau skiptast á að segja frá því hvernig verkið var unnið og lýsa æfingaferlinu. Gestum gefst svo kostur á að bera upp spurningar.“

Stella Soffía upplýsir að í febrúar verði fjallað um Bjart í Sumarhúsum, þá komi Símon Birgisson dramatúrg og fái með sér Atla Rafn Sigurðarson sem leikur titilhlutverkið.



**„Þau skiptast á að segja frá því hvernig verkið var unnið og lýsa æfingaferlinu.**

„Svo er lengra í hin kvöldin en það er búið að ákveða að fjalla um Segulsvið, nýtt leikrit eftir Sigurð Pálsson rithöfund, í mars og síðasta verkið er Fjalla-Eyvindur.“ Þetta er í fyrsta skipti sem efnt er til leikhúskaffis í Gerðubergi að sögn Stellu Soffíu.

„Hugmyndin er að það verði á bókmenntalegum nótum og aðgangur er ókeypis og öllum heimill.“

gun@frettabladid.is








**BRYNDÍS HALLA** „Tæknilega séð var leikurinn svo gott sem fullkominn,“ segir í dómnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vel spilað en dauft

TÓNLIST ★★★☆☆

**Bach: Sellósvítur nr. 3, 4 og 5**
Í flutningi Bryndísar Höllu Gylfadóttur
**NORÐURLJÓSUM Í HÖRPU**
**SUNNUDAGINN 25. JANÚAR**

Sellósvítur Bachs, sem Bryndís Halla Gylfadóttir flutti á tónleikum Kammermúsíkklúbbsins á sunnudagskvöldið, eru magnaðar tónsmíðar. Þó er vandasamt að flytja þær og ekkert annað á tónleikum. Þetta er innhverf, einmanaleg tónlist án nokkurs undirleiks. Það að aðeins einn sellóleikari spili getur því virkað einhæft, jafnvel fráhrindandi. Sellóið er vissulega dásamlegt hljóðfæri en það býr ekki yfir sömu breidd og píanó eða orgel. Þar af leiðandi reynir mikið á sellóleikarann. Hann þarf að geta galdrað fram svo margar ólíkar stemningar og litbrigði með tiltölulega fáum tólum. Ef það tekst ekki verður tónlistin leiðigjörn.

Bach í heild sinni þótti reyndar lengi hundleiðinlegur. Hann naut virðingar á meðan hann lifði en eftir dauða hans féll hann í gleymsku. Rétt eins og Þyrnirós lá hann í dvala í hundrað ár. Sum verka hans voru hulin eyrum almennings enn þá lengur. Þannig var farið um sellósvíturnar, sem voru taldar þurrar og akademískar.

Sá sem uppgötvaði svíturnar og kom þeim fram í dagsljósið var sellóleikarinn Pablo Casals, sem þá var þrettán ára. Hann var við nám í Barcelona. Pabbi hans var í heimsókn og var nýbúinn að kaupa handa honum selló í fullri stærð. Þeir fóru í göngutúr um borgina og rákust á fornbókabúð sem innihélt tónlistarnótur. Þar fundu þeir bók með svítunum. Pablo heillaðist strax af verkunum og hann fór að æfa þau baki brotnu. Það tók hann um áratug að melta tónlistina áður en hann dirfðist að flytja hana á tónleikum. En þá sló hún rækilega í gegn og er reglulega flutt á tónleikum enn þann dag í dag.

Bryndís Halla hljómaði sjálf eins og hún væri búin að æfa svíturnar í áratug, svo örugg var hún. Hún lék þrjár svítur, nr. 3, 4 og 5. Tæknilega séð var leikurinn svo gott sem fullkominn. Bryndís er afburða hljóðfæraleikari. Tónarnir hennar voru mótaðir af kostgæfni, hljómurinn í sellóinu var dásamlega fagur og breiður.

Samt komu svíturnar ekkert sérstaklega vel út. Þær voru jú frábærlega leiknar, en skáldskapurinn greip mann ekki. Hvað var að?

Kannski var Bryndís bara ekki í sínu besta formi á tónleikunum. Hún byrjaði þó ágætlega; mesti sannfæringarkrafturinn var í fyrstu svítunni. En svo missti hún flugið. Tónlistin hljómaði einsleit, þrátt fyrir að hún samanstæði af ólíkum þáttum. Snerpuna vantaði, Bryndís var of mikið á sjálfsstýringunni. Almennt talað skorti innlifun og einlægni í músíkina. Það var lítill ferskleiki í henni. Þetta er synd, því eins og áður segir er Bryndís magnaður sellóleikari og einn af fremstu hljóðfæraleikurum landsins. Hún getur gert betur en þetta.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Tæknilega fullkomið, en túlkunin missti marks.


MAX ÚTSALA
ALLAR VÖRUR Á LÁGMAX VERÐI!
max.is
ÚTSÖLULOK UM HELGINA
MAX ÚTSALAN ER Á FULLU!
Stærri en nokkru sinni fyrr með lægri VSK og fullt af vörum nú án vörugjalda!
ÚTSÖLULOK UM HELGINA
Sjá allt úrvalið á max.is
MAX RAFTÆKI
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
SÍMI 412 2200
BEINT Á MÓTI IKEA

## TÍST VIKUNNAR ÓVEÐUR, ALDURSKOMPLEXAR OG HANDBOLTASOLDÁNAR.



**Unnur Eggertsdóttir**
@UnnurEggerts
Stærsti snjóstormur síðustu ára á að lenda í NY á morgun og mamma er ekki enn þá búin að tékka á mér. #feelingloved



**Halldór Halldórsson**
@DNADORI
Næsta HM í handbolta verður haldið í kyrrþey. Það er ósk soldánsins af Brúnei sem ætlar að borga brúsann.



**Brynhildur Bollad.**
@brynhildurbolla
Ó NEI! Er farin að haka í „26-30 ára" þegar spurt er um aldur.



**Árni Vilhjálmsson**
@Cottontopp
Ég fav oft eigin tíst bara til þess að ná sléttri tölu. #játning #ocd



**Þorsteinn Guðmunds**
@ThorsteinnGud
Jæja, kominn tími til að smyrja gönguskíðin og hlaða haglabyssuna ef það skyldu einhverjir ísbirnir fylgja þessu hreti.

# Bleikt, blóm og bert á milli

**Tískukóngurinn Karl Lagerfeld sýndi hátískulínu Chanel fyrir haust/vetur 2015 í Grand Palais í París í gær. Umhverfið á tískupöllunum var einstaklega fallegt, hvítur frumskógur með blómum sem opnuðust og í ljós komu fallegir bleikir og gulir litir. Bleiki liturinn var allsráðandi og var vinsælt að hafa bert á milli.**



**Klassík** Hefðbundin svört og hvít Chanel-dragt.



**Bert á milli** Áberandi á sýningu Chanel.



**Blómlegur brúðarkjóll** Sýningunni lauk með þessum fallega brúðarkjól.



**Skemmtilegt nýjung** Margar fyrirsæturnar voru með lítið slör fyrir andlitinu sem fest var í húfu. Skemmtileg viðbót sem hefur verið vinsæl síðasta árið.



**Nýtt tvist** Klassíska Chanel-dragtin en með bert á milli.



**Hressandi hattur** Sætur svartur kjóll og skrautlegur



**Blómabomba** Litríkur blómakjóll.



**Bleikt við bleikt** Bleik dragt með pallíettupilsi.



**Svört og svöl** Flott dress og hatturinn setur punktinn yfir i-ið.

# Kominn tími á sætara þema

Ljóðaslammið verður haldið í Borgarbókasafninu sjötta febrúar næstkomandi.

„Það er magnað að sjá hvað ungt fólk er opið og tilbúið til þess að hella sér út í að gera skemmtilega og skrítna hluti. Ekki var ég svona lífleg á þessum aldri," segir Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur.

Hún er einn skipuleggjenda áttunda Ljóðaslamms Borgarbókasafns Reykjavíkur sem fer fram sjötta febrúar. Á Ljóðaslammi flytur fólk frumsamin ljóð þar sem áherslan er ekki síður lögð á flutninginn en á ljóðið sjálft. „Fyrsta slammið var hið fræga ár 2008 þegar stúlkan sem sigraði söng um verðbréfadrenginn sem var að fara á hausinn. Það var í febrúar, svona skemmtileg forspá, eða kannski ekki skemmtileg en sniðugt hvernig hittist á," segir Úlfhildur. Nýtt þema er valið á hverju ári og þemu undanfarinna ára hafa til dæmis verið spenna, hrollur, væmni og bilun.

Þemað í ár er sykur. „Ég er myrkraverkamanneskja og hrollvekjuaðdáandi þannig að þemun hafa oft verið svolítið dimm. Fólki fannst nóg um og kominn tími á að prófa eitthvað nýtt, eitthvað aðeins sætara," segir Úlfhildur hlæjandi. Skráning er hafin í gegnum netfangið ljodaslamm@borgarbókasafn.is.

- gló

> **Ég er myrkraverkamanneskja og hrollvekjuaðdáandi þannig að þemun hafa oft verið svolítið dimm.**



**ÚLFHILDUR** Skipuleggur Ljóðaslamm á vegum Borgarbókasafns Reykjavíkur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**TRÚLOFUÐ** Sofia Vergara ásamt Joe Manganiello á Screen Actors Guild.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Brúðkaupið fjölmennt

Sofia Vergara úr sjónvarpsþáttunum Modern Family segir að fyrirhugað brúðkaup sitt og leikarans Joe Manganiello verði fjölmennt. Stutt er síðan Vergara og Manganiello trúlofuðust og sýndi hún nýja hringinn sinn á Screen Actors Guild-hátíðinni á sunnudagskvöld.

„Ég held að við höldum brúðkaupið fyrr en síðar og það verður mjög fjölmennt," sagði Vergara og bætti við að þau hefðu átt mjög erfitt með að takmarka gestafjöldann.



**BJÖRK** Tónlistarkonan gaf nýlega út plötuna Vulnicura.

## Gott að platan var tilbúin

Björk ræddi lekann á nýjustu plötunni sinni, Vulnicura, við útvarpsmanninn Zane Lowe hjá BBC. Leki plötunnar á netið varð til þess að hún ákvað að gefa hana út fyrr en áætlað var.

„Það er erfitt að segja til um hvernig maður á að bregðast við," sagði Björk. „Í mínu tilfelli hjálpaði mér eitt – platan var fullkláruð og alveg tilbúin. Ég veit ekki hvernig ég hefði brugðist við ef henni hefði verið lekið fjórum mánuðum fyrr. Það hefði getað orðið subbulegra."

FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Gott. Betra. Bosch.

**Hjá Bosch er hvert smáatriði gaumgæft.** Þess vegna prófar Bosch allar vörur sínar vel og vandlega. Og svo prófa þeir þær aftur. Síðan prófa aðrir þær, til dæmis Råd & Rön og hliðstæðar prófunarstofnanir í löndum víða í Evrópu.

Árangurinn? Sigursælt vörumerki!

**Gæðin endurspeglast af hverju smáatriði.**



**Hér fyrir neðan eru nokkur dæmi um viðurkenningar sem Bosch hefur fengið fyrir heimilistæki sín.**




**Uppþvottavél**
SMU 53M72SK




**Uppþvottavél**
SMU 53M72SK



**Spanhelluborð**
PIE 645F17E
Hæsta einkunn fyrir hraða og viðurkenning fyrir gæði og góða frammistöðu hjá sænska prófunar- og rannsóknarsetrinu Testfakta, september 2013.



**Straujárn**
TDA 702421E




**Kæli- og frystiskápur**
KGN 36AW32




**Hrærivél**
MUM 52120




**Hraðsuðukanna**
TWK 8611



**Vínglasahalda í uppþvottavélar**
SMZ 5300

Opið virka daga frá kl. 11 - 18
og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

# Muse sendir frá sér Drones

Svo virðist sem sjöunda plata ensku hljómsveitarinnar Muse muni heita Drones.



NORDICPHOTOS/GETTY

MATT BELLAMY

Í myndbandsbroti sem hljómsveitin sendi frá sér og var tekið upp í hljóðveri kemur titillinn við sögu.

Platan er væntanleg einhvern tíma á þessu ári en sú síðasta, The 2nd Law, kom út fyrir þremur árum.

„Ég hef sterka tilfinningu fyrir því að á næstu plötu munum við skera niður þá aukahluti sem við höfum gert tilraunir með á síðustu tveimur plötum. Hluti eins og elektróník og strengjahljóðfæri,“ sagði söngvarinn Matt Bellamy.

# Samfelldur mánudagur

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Það er leiðindatíð, rigning og rok á milli þess sem gengur á með hríðarbyl og frosti. Hagl og slydda lemja á mér til skiptis úr öllum áttum og fjallvegir verða ófærir trekk í trekk. Ég hef misst töluna á hversu margar stormviðvaranir hafa verið gefnar út þennan veturinn. Nenni ekki að drösla grillinu inn í stofu alltaf hreint. Greinarnar á gullregninu slást utan í svefnherbergisgluggann svo ég festi ekki blund og get því hlustað á ruslatunnurnar skella lokum í rokinu fram eftir nóttu. Ég verð úrill. Þetta tíðarfar ætlar engan endi að taka og yfir skapið. Mér finnst eins og það hafi verið einn samfelldur mánudagur frá áramótum.

**FÖGUR** fyrirheit um nýjan lífsstíl á nýju ári hafa þar af leiðandi ekki verið haldin, það er ekki hægt við þessar aðstæður. Ég er búin að baka minnst tíu dísætar sükkulaðikökur frá því árið 2015 gekk í garð. Velti sænskum kókosbollum upp úr sykri og helli sírópi yfir pönnukökurnar morgun eftir morgun. Set rjóma í kaffið, poppa á kvöldin og fæ mér ís.

**ÉG HEYRI** reyndar út undan mér að ég er ekki ein um að finnast þessi janúar fúll og leiðinlegur. Við kaffivélina horfi ég framan í álíka úrill andlit og mætti mér í speglinum í morgun. Fer ekki að birta bráðum? segir fólk. Fer ekki að hlýna? Fer ekki að koma vor?! Merkilegar vangaveltur út af fyrir sig, miðað við dagsetningu og legu lands á hnettinum. Við ættum að vera farin að þekkja þetta. Vorið lætur yfirleitt ekki sjá sig á þessu hrollkalda skeri fyrr en í maí. Það eru minnsta kosti þrír mánuðir í það enn. Þrír.

**SVO SKÍN** allt í einu upp. Allt dettur í dúnalogn fyrir utan gluggann og vetrarsólin brýst út úr muggunni. Hún baðar allt í appelsínugulum bjarma og ég verð alveg hissa á hvað það er bjart yfir þótt langt sé liðið á daginn. Það skyldi þó ekki vera að koma vor?

# Sýna fólki hvað þær borða

Erna Vala og Lilja Líf hafa haldið úti hráfæðisvegan-vefsíðu í eitt og hálft ár. Þær fóru á matarhátíð í fyrra.

„Við höfum báðar mjög mikinn áhuga á mat og vorum að deila uppskriftum á milli okkar og ákváðum að gera blogg saman svo við gætum sýnt fólki, sem var að spyrja að því, hvað í ósköpunum við værum að borða,“ segir Lilja Líf Magnúsdóttir sem ásamt vinkonu sinni, Ernu Völu Arnardóttur, heldur úti vefsíðunni Joyfulfruitlovers.com.

Lilja og Erna, sem eru báðar nítján ára, settu vefsíðuna sjálfar upp og taka allar myndirnar. Síðunni hafa þær haldið úti í rúmlega eitt og hálft ár og birta þar eigin uppskriftir en þær eru báðar vegan.

„Við rákumst á þetta á svipuðum tíma, stuttu eftir það kynntumst við og fannst gaman að finna manneskju sem hafði sama áhugamál. Við erum bara búnar að vera eins og flís við rass síðan,“ segir Lilja glöð í bragði.

Síðastliðið sumar fóru þær saman á hráfæðismatarhátíðina Woodstock Fruit Festival í Bandaríkjunum og gerðust í kjölfarið hráfæðisvegan.

Þeim finnst skemmtilegast að borða heima þótt þær heimsæki einnig salatbari og veganveitingastaði. „Okkur finnst skemmtilegast að borða heima saman af því okkur finnst svo gaman að búa til sjálfar í eldhúsinu.“ - glö



**VINKONUR** Erna og Lilja hafa gaman af því að prófa sig áfram í eldhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Kaki- og mangósalat

3 kakiávextir
1 stórt mangó eða 2 lítil
½ granatepli
Handfylli ferskt kóríander
Handfylli ferskt dill
Safi úr hálfri sítrónu

Skerðu ávextina í bita, hreinsaðu fræin úr granateplinu og blandaðu saman í stórri skál. Saxaðu kryddjurtirnar og blandaðu með. Kreistu hálfa sítrónu yfir og láttu standa í smá stund til að leyfa bragðinu að blandast.



**LITRÍKT** Salatið er fljótlegt og girnilegt.
MYND/ERNAVALA

# Ísland snýr aftur á Wacken-hátíðina

Opnað hefur verið fyrir skráningu í hljómsveitakeppnina Wacken Metal Battle. Ísland tók síðast þátt 2013.

Opnað hefur verið fyrir skráningu í hljómsveitakeppnina Wacken Metal Battle 2015.

Á hverju ári stendur Wacken fyrir hljómsveitakeppninni Metal Battle og verður hún haldin í sjötta sinn á Íslandi í ár. Sex sveitir keppa um stóra hnossið: Að komast á tónlistarhátíðina Wacken Open Air í Þýskalandi og taka þátt í lokakeppni Wacken Metal Battle.

Ísland snýr aftur í keppnina eftir árs pásu en á síðasta ári komust íslenskir þungarokkarar ekki að. Einungis var pláss fyrir 30 þjóðir í lokakeppninni en um 40 þjóðir eru í pottinum. „Það er rosalega gaman að taka aftur þátt í þetta er skemmtileg hátíð,“ segir skipuleggjandinn, Þorsteinn Kolbeinsson. „Það voru margir sem spurðu mig í fyrra af hverju keppnin hefði ekki verið haldin hér heima, þannig að það eru örugglega mjög margir spenntir núna.“

Sérstök dómnefnd, skipuð bæði innlendum og erlendum dómurum, sér um að velja sigurvegarann hér á landi og eins og áður verður fjölda erlendra gesta; blaðamönnum og tónlistarfólki, boðið til landsins. Auk þess hafa áhorfendur atkvæðisrétt og geta valið sínar uppáhaldssveitir.

Hægt er að skrá sig í keppnina með því að senda kynningarpakka á netfangið thorokol@gmail.com. Reglur keppninnar má finna á Metal-battle.com. Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar. - fb



**OPHIDIAN 1** Sigurvegari íslensku hljómsveitakeppninnar 2013, Ophidian I, á sviðinu á Wacken.


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

MORTDECAI

SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| MORTDECAI | KL. 8 - 10.25 | 12 |
| MORTDECAI LÚXUS | KL. 10.25 | 12 |
| WEDDING RINGER | KL. 5.40 - 8 | 12 |
| BLACKHAT | KL. 10.20 | 16 |
| TAKEN 3 | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| TAKEN 3 LÚXUS | KL. 8 | 16 |
| THE HOBBIT 3 3D 48R | KL. 5 - 8 | 12 |
| THE HOBBIT 3 LÚXUS 3D 48R | KL. 5 | 12 |
| PADDINGTON ÍSL TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| WEDDING RINGER | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| TAKEN 3 | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| PADDINGTON ÍSL TAL | KL. 5.30 | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 5.30 | L |
| AF ÖLLUM KRÖFTUM | KL. 6 / ENSK. TEXTI | L |
| BÉLIER FJÖLSKYLDAN | KL. 8 / ENSK. TEXTI | L |
| HEIMILISLÍFIÐ | KL. 6 / ENSK. TEXTI | L |
| LULU NAKINN | KL. 8 / ENSK. TEXTI | L |
| LYKTIN AF OKKUR | KL. 10 / ENSK. TEXTI | 16 |
| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL. 10 / ÍSL. TEXTI | L |

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI

ÆVINTÝRALEGA SKEMMTILEG MYND FRÁ FRAMLEIÐANDA HARRY POTTER

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| MORTDECAI | 8, 10:15 | 12 |
| PADDINGTON ISL TAL | 6 | L |
| PADDINGTON ENSKT TAL | 6 | L |
| BLACKHAT | 8 | 16 |
| TAKEN 3 | 10:35 | 16 |
| HOBBIT 3 3D (48R) | 6, 9 | 12 |

SAMBÍÓIN

TILNEFND TIL 8 ÓSKARSVERÐLAUNA
M.A. BESTA MYNDIN – BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI
BESTA LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI – BESTI LEIKSTJÓRI

"BENEDICT CUMBERBATCH IS OUTSTANDING" "AN INSTANT CLASSIC"
INSPIRING "THE BEST FILM OF THE YEAR" "AN INCREDIBLY MOVING STORY" "FASCINATING & THRILLING" "EXCEPTIONAL" "THE BEST BRITISH FILM OF THE YEAR"
BENEDICT CUMBERBATCH KEIRA KNIGHTLEY
THE IMITATION GAME

6 ÓSKARSTILNEFNINGAR
m.a. BESTA MYND ÁRSINS
Besti Leikari í aðalhlutverki - Bradley Cooper

"BESTA MYND EASTWOODS Í MÖRG ÁR" TIME
"BESTA MYND ÁRSINS" NEW YORK POST
AMERICAN SNIPER

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| SEARCH PARTY | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | |
| AMERICAN SNIPER | KL. 5 - 8 - 10:10 - 10:45 | |
| AMERICAN SNIPER VIP | KL. 5 - 8 - 10:45 | |
| UNBROKEN | KL. 8 | |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 - 8 | |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 10:50 | |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| AMERICAN SNIPER | KL. 5 - 8 - 9 - 10:45 | |
| BLACKHAT | KL. 6 - 10:20 | |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 | |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| KÁTA EKKJAN ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 6 | L |
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:10 | |
| SEARCH PARTY | KL. 8 - 10:30 | |
| AMERICAN SNIPER | KL. 5:15 - 9:15 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE IMITATION GAME | KL. 8 - 10:20 | |
| SEARCH PARTY | KL. 8 | |
| AMERICAN SNIPER | KL. 10:10 | |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE IMITATION GAME | KL. 8 | |
| SEARCH PARTY | KL. 5:50 - 10:10 | |
| AMERICAN SNIPER | KL. 8 - 10:45 | |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |

SAMbio.is




BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Girlhood .................... 18.00
Whiplash ........... 18.00, 22.30
Hross í oss ENG SUB .............. 18.00
Mommy .................. 20.00
Winter sleep ............... 20.00
A most wanted man ...... 20.15
Turist ........................ 22.30




Barnaheill Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Það er bannað að hrista börnum eftir lítar hætti



# Lebowski Bar menu

1. **LEBOWSKI Ostborgari** 150g **990 kr.**
   *Með frönskum og gosi 1450 kr.*

2. **WALTER Beikonborgari** 150g **1290 kr.**
   *Með frönskum og gosi 1750 kr.*

3. **DONNY Bernaiseborgari** 150g **1290 kr.**
   *Með frönskum og gosi 1750 kr.*

4. **THE OTHER LEBOWSKI Steikarborgari** 150g **1590 kr.**
   Búinn til úr nautalund.
   *Með frönskum, bernaise og gosi 2090 kr.*

5. **BUNNY LEBOWSKI Kjúklingaborgari 1290 kr.**
   Með gráðaostasósu og BBQ sósu.
   *Með frönskum og gosi 1750 kr.*

6. **HONEY BOO Beikonborgari** 150g **1290 kr.**
   Hunangsgljáð beikon, BBQ sósa og japanskt mæjónes.
   *Með frönskum og gosi 1750 kr.*

7. **THE NIHILISTS Kjúklingavængir 10stk. 1390 kr.**
   Gráðaostasósa og BBQ sósa.

8. **PIZZA 10" 1490 kr.**
   *Með gosi 1790 kr.*

9. **LAUKHRINGIR 1290 kr.**

10. **OSTASTANGIR 1290 kr.**

11. **JALAPENOBELGIR 1290 kr.**

OPEN FROM 11 AM EVERY DAY

Lebowski BAR



Laugavegi 20a 101 RVK 552-2300 lebowskibar.is

## Stórleikurinn verður á mánudaginn

**KÖRFUBOLTI** KKÍ hefur ákveðið leikdaga og leiktíma í undanúrslitum Powerade-bikars karla og kvenna sem fara fram um næstu helgi en þar verður keppt um sæti í bikarúrslitaleikjunum sem verða 21. febrúar næstkomandi.

Tvö efstu liðin í Dominos-deildunum mætast í bæði karla- og kvennaflokki og þeir gerast því varla stærri bikarleikirnir. Keflavík tekur á móti toppliði Snæfells í Powerade-bikar kvenna klukkan 16.30 á laugardaginn en leikur Grindavíkur og Njarðvíkur fer fram í Grindavík klukkan 19.15 á mánudagskvöldið 2. febrúar.

Skallagrímur fær Stjörnuna í heimsókn í Powerade-bikar karla klukkan 19.15 á sunnudagskvöldið en sólarhring síðar tekur topplið KR á móti spútnikliði Tindastóls í Frostaskjólinu.



- óój

## Dagur Sigurðsson gefur mömmu skýrslu eftir hvern leik

**HANDBOLTI** Danmörk mætir í dag heimamönnum í Katar í 8-liða úrslitum á HM í handbolta. Þjóðverjar, undir stjórn Dags Sigurðssonar, hafa spilað frábærlega á mótinu og fóru létt með Egyptaland í 16-liða úrslitunum.

„Sá leikur var bara í 40 mínútur," sagði Dagur á blaðamannafundi sínum í Doha í gær. Hann var spurður hvort hann hefði áhyggjur af því að Katar hefði fengið aukadag til að hvíla sig fyrir leikinn í dag. „Nei, við erum alveg nógu ferskir. Við hvíldumst vel fyrir leikinn gegn Sádi-Arabíu og það eru einfaldlega allir ferskir og heilir heilsu."

Dómgæslan í leik Katars og Austurríkis í 16-liða úrslitunum var harkalega gagnrýnd en króatískir dómarar leiksins þóttu dæma heimamönnum heldur mikið í hag. „Ég hef engar áhyggjur af dómgæslunni. Við einbeitum okkur að jákvæðum hlutum. Við erum að spila vel, það er góð stemning í hópnum og sólin skín." Hann var spurður hvort hann hefði fengið viðbrögð að heiman eftir gott gengi. „Ég er alltaf í sambandi við mömmu eftir hvern leik og þarf alltaf að gefa henni ítarlega skýrslu. En annars er allt með eðlilegum hætti," sagði hann og brosti.

- esá



**SÓLIN SKÍN** Það er létt yfir Degi Sig. þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

**HM Í HANDBOLTA** Katar 2015

## ÚRSLIT

**LEIKUR UM 17. SÆTI**
**H. Rússland - Tékkland 28 - 28** (13-14) 3-4 í vítakeppni.
**LEIKUR UM 19. SÆTI**
**Bosnía - Rússland 28 - 42** (16-20)
**LEIKUR UM 21. SÆTI**
**Íran - Sádí-Arabía 26 - 22** (14-10)
**LEIKUR UM 23. SÆTI**
**Síle - Alsír 27 - 27** (10-16) 3-1 í vítakeppni.

## LEIKIR DAGSINS 8 LIÐA ÚRSLIT

| | | |
|---|---|---|
| **Króatía - Pólland** | kl. 15:30 | Sport |
| **Katar - Þýskaland** | kl. 15:30 | RÚV |
| **Danmörk - Spánn** | kl. 18:00 | RÚV |
| **Slóvenía - Frakkland** | kl. 18:00 | Sport |



**16 MARKA KONA** Kristín Guðmundsdóttir fór hamförum í liði Vals í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## OLÍS DEILD KVENNA

**ÍBV - FYLKIR 33-34**
**Markahæstar:** Ester Óskarsdóttir, ÍBV 10. Patricia Szölösi, Fylki 13.

**KA/ÞÓR - HK 26-31**
**Markahæstar:** Martha Hermannsdóttir, Akureyri 9. Sigríður Hauksdóttir, HK 7.

**SELFOSS - STJARNAN 19-26**
**Markahæstar:** Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, Selfossi 6. Nataly Valencia, Stjörnunni 7.

**HAUKAR - GRÓTTA 25-27**
**Markahæstar:** Marija Gedroit, Haukum 6. Laufey Ásta Guðmundsdóttir, Gróttu 12.

**FH - ÍR 17-17**
**Markahæstar:** Ingibjörg Pálmadóttir, FH 4. Brynhildur Kjartansdóttir, ÍR 6.

**FRAM - VALUR 23-26**
**Markahæstar:** Hulda Dagsdóttir, Fram 7. Kristín Guðmundsdóttir, Val 16.

# Þakklátur fyrir að standa hér

Rasmus Lauge spilar í einu besta félagsliði heims og einu besta landsliði heims. Bæði eru þjálfuð af Íslendingum og hann segir skemmtilegt, en ólíkt, að spila fyrir þá Guðmund Guðmundsson og Alfreð Gíslason.




**Eiríkur Stefán Ásgeirsson í Katar**
eirikur@frettabladid.is


**HANDBOLTI** Fyrir rétt tæpum ellefu mánuðum sleit danski leikstjórnandinn Rasmus Lauge krossband í hné í leik með liði sínu, Þýskalandsmeisturum THW Kiel, í þýsku úrvalsdeildinni. Lauge er nú kominn aftur á fullan skrið og lék íslenska liðið sundur og saman í 16-liða úrslitum á HM í handbolta í fyrradag.

„Það var margt sem ég gerði í gær sem gekk vel. Boltinn fór inn og ég fann samherja mína vel. Það gekk margt upp í gær," sagði Lauge í samtali við Fréttablaðið sem settist niður með honum á Hilton-hótelinu í Doha í Katar.

Lauge fékk mikið lof fyrir frammistöðu sína og Bent Nyegaard, sérfræðingur TV2-sjónvarpsstöðvarinnar, gaf honum hæstu einkunn. Hann sagði Lauge hafa leikið sinn besta leik á ferlinum.

„Þeir [íslensku varnarmennirnir] skildu eftir mikið pláss fyrir mig því Mikkel [Hansen] fær mikla athygli sem gefur mér ákveðið svigrúm. Ég gat nýtt mér það og það var góð tilfinning að það gekk upp."

### Erfitt að treysta hnénu

Hann viðurkennir að það hafi verið erfitt að treysta hnénu þegar hann hóf að æfa og spila á nýjan leik í haust.

„Í fyrsta leiknum mínum var ég mjög taugaóstyrkur og ég treysti hnénu ekki vel. Þessi ákveðna hreyfing þar sem meiðslin áttu sér stað loðir enn við hugann og maður óttaðist aðeins að hún myndi endurtaka sig," sagði hann.

„En eftir því sem ég æfði meira og spilaði fleiri leiki, þeim mun auðveldara varð þetta. Ég hugsa ekki um þetta þegar ég er að spila í dag. Ég hugsa um þetta þegar ég sit á bekknum og íhuga hvernig mér líður í hnénu. Ég vil ekki setja of mikið álag á það og kýs því frekar að hvíla þegar ég er þreyttur en að reyna of mikið á það."

Hann segist vera þakklátur öllum sínum þjálfurum fyrir stuðninginn sem hann fékk í gegnum endurhæfingarferlið. „Ég er þakklátur fyrir að vera hér og geta spilað á þessu getustigi. Það er yndisleg tilfinning að vera kominn aftur. Ég ætla að gefa allt mitt í þetta mót og við sjáum svo til hverju það skilar."

### Blóð á hnjám og olnbogum

Þjálfari Lauge hjá Kiel er Alfreð Gíslason en Guðmundur Guðmundsson stýrir danska landsliðinu. Alfreð og Guðmundur voru lengi vel herbergisfélagar í íslenska landsliðinu á sínum tíma en það vissi Lauge ekki.

„Er það virkilega?" segir hann og brosir. „Það hefur þá verið fyrir mjög löngu," bætir hann við og hlær.

Lauge segir að sá mikli baráttuvilji og dugnaður sem einkenni íslenska handboltaþjálfara eigi við þá báða. „Þeir eru líkir að því leyti að þeir leggja ofurkapp á að undirbúa liðin vel, horfa mikið á myndbönd og ítreka fyrir leikmönnum að berjast allan leikinn. Þeir vilja helst sjá blóð á hnjám og olnbogum. Ef við vinnum ekki leikinn – þá skal það vera vegna þess að hitt liðið var gríðarlega gott."

En hann segir að það sé oft ekki nóg. „Þeir finna alltaf eitthvað sem hægt er að bæta," segir hann. „En þegar það kemur að sjálfri leikfræðinni og uppleggi þá eru þeir ólíkir. Og þess vegna er gaman að spila fyrir þá báða og taka þátt í hálfgerðum leik innan leiksins."

En hvor skyldi vera betri þjálfari? „Ég verð að vera klókur núna. Ég get ekki svarað því."

Danmörk mætir heimsmeisturum Spánar í 8-liða úrslitum á HM í handbolta klukkan 18.00 í kvöld.



**ÖFLUGUR LEIKSTJÓRNANDI** Rasmus Lauge í leik með Dönum. Á innfelldu myndunum er þjálfararnir Guðmundur og Alfreð. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK OG GETTY

# Íslandsbanar aldrei heimsmeistarar

Sex lið hafa slegið Ísland út á HM en ekkert þeirra hefur náð að fara alla leið

**HANDBOLTI** Danir sendu íslenska handboltalandsliðið heim af HM í Katar með fimm marka sigri í sextán liða úrslitunum í fyrrakvöld. Þetta er í sjötta sinn sem strákarnir okkar eru slegnir út í útsláttarkeppni heimsmeistaramótsins í handbolta en það hefur þó aldrei boðað gott fyrir viðkomandi lið að senda íslenska liðið heim.

Engu liði sem hefur unnið Ísland í útsláttarkeppni HM hefur tekist að fara alla leið og verða heimsmeistari og í raun hefur Íslandsbönum aðeins tekist að vinna einn af fimm leikjum sínum í næsta leik eftir sigurinn á Íslandi.

Eina liðið sem hefur náð að fylgja eftir sigri á Íslandi í útsláttarkeppni HM með sigri var lið Júgóslavíu á HM í Frakklandi fyrir fjórtán árum. Júgóslavar unnu þá Spánverja í átta liða úrslitum en töpuðu síðan fyrir Svíum í undanúrslitum.

Það reynir á þessa hefð í kvöld þegar Danir mæta heimsmeisturum Spánverja í átta liða úrslitum HM í Katar. Hvort það verður sama uppskrift og á Spáni fyrir tveimur árum verður að koma í ljós.

- óój



**MIKKEL HANSEN**

### Gengi allra Íslandsbana á HM í handbolta

**Rússland** **16 liða á HM 1995**
tapaði næsta leik á móti Þýskalandi
***Lokastaðan: 8 liða úrslit***

**Ungverjaland** **8 liða á HM 1997**
tapaði næsta leik á móti Svíþjóð
***Lokastaðan: 4. sæti***

**Júgóslavía** **16 liða á HM 2001**
vann næsta leik á móti Spáni
***Lokastaðan: 3. sæti***

**Danmörk** **8 liða á HM 2007**
tapaði næsta leik á móti Póllandi
***Lokastaðan: 3. sæti***

**Frakkland** **16 liða á HM 2013**
tapaði næsta leik á móti Spáni
***Lokastaðan: 8 liða úrslit***

**Danmörk** **16 liða á HM 2015**
mætir Spánverjum í kvöld í átta liða úrslitum á heimsmeistaramótinu í Katar.


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


Showmenn
— íslenskir erum við —
Ragnar Bjarnason og Ómar Ragnarsson
ásamt Þorgeiri Ástvaldssyni
Brandenburg
Ekki missa af ógleymanlegri kvöldstund með helstu skemmtikröftum þjóðarinnar
Stórskemmtilegir sögutónleikar í Salnum með félögunum Ragga Bjarna, Ómari Ragnarssyni og Þorgeiri Ástvaldssyni. Þeir syngja öll sín vinsælustu lög og segja sögurnar á bak við þau — og þær eru þó nokkrar!
Miðasala á midi.is, salurinn.is, í miðasölu Salarins og í síma 441 7500.
Föstudagur, 20. febrúar kl. 20
Laugardagur, 21. febrúar kl. 20
Sunnudagur, 22. febrúar kl. 16
DÆGURFLUGAN

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 kl. 20.05
**Á uppleið**

Nýr vandaður íslenskur sjónvarpsþáttur í umsjón Sindra Sindrasonar. Í hverjum þætti kynnumst við íslenskum konum, vel menntuðum, metnaðargjörnum og frábærum fyrirmyndum sem lifa drauminn í London.





**A to z**

**STÖÐ 2 KL. 20.30** Frábærir nýir rómantískir gamanþættir þar sem við fylgjumst með Andrew sem starfar á stefnumótasíðu og hans helsti draumur er að hitta draumakonuna.



**Jamie & Jimmy's Food fight club**

**STÖÐ 3 KL. 19.45** Sjónvarpskokkarnir geðþekku og æskuvinirnir Jamie Oliver og Jimmy Doherty leiða saman hesta sína í stórskemmtilegum þætti.



**The Tonight Show**

**SKJÁR EINN KL. 22.50** Spjallþáttasnillingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsæla þætti Tonight Show.

### X 977 kl. 07.00
**Morgunþátturinn Ómar**

Ómar með gott rokk í morgunsárið.







3ja rétta seðill
5.900.-

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

eða

NAUTALUND
með laukkremi, gulrót, sveppum, kartöfluflani, svínasíðu og Bourguinon sósu

SÚKKULAÐI MÚS
með kókos, skyri og hvítu súkkulaði, hafra mulningi, möndlukexi og bláberjasorbet

4ra rétta á 7.390.-

PERLAN
Veitingahúsið Perlan
S:5620200
perlan@perlan.is
www.perlan.is

BAKKUS FRONTERA Icepack LINDSAY Kaffitár Kjötsmiðjan SS ÍSFUGL Garri Lambhagi Globus PERLUKAUP Ekran Gull Humarsalan INNNES SÓLARFILMA FASTUS SJÓFISKUR GuðjónÓ


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Wonder Years
**08.30** I Hate My Teenage Daughter
**08.55** Mindy Project
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Spurningabomban
**11.05** Touch
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Dallas
**13.45** Gatan mín
**14.05** Fairly Legal
**14.50** Veistu hver ég var?
**15.35** Victorious
**16.00** Grallararnir
**16.25** The Goldbergs
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** The Simpsons
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Anger Management
**19.40** The Middle
**20.05** Á uppleið
**20.30** A to Z
**20.55** Olive Kitteridge
**22.00** Bones
**22.45** Getting On
**23.15** NCIS
**00.00** Person of Interest
**00.45** Crimes That Shook Britain
**01.35** Burden of Evil
**03.10** Holy Rollers
**04.40** The Middle
**05.00** Á uppleið
**05.25** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.30** Chelsea - Liverpool
**09.10** Spánn - Túnis
**10.25** Ísland - Danmörk
**11.45** Þýskaland - Egyptaland
**13.15** HM-þáttur
**13.45** Tottenham - Sheffield Utd.
**15.25** Króatía - Pólland Bein útsending
**17.00** NBA - Rodman Revealed
**17.25** World's Strongest Man 2014
**17.55** Slóvenía - Frakkland B
**19.35** Sheffield Utd. - Tottenham B
**21.40** Chelsea - Liverpool
**23.20** Katar - Þýskaland
**00.40** Danmörk - Spánn.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.00** Burnley - Crystal Palace
**15.40** Messan
**16.55** Football League Show 2014/2015
**17.25** Tottenham - Sunderland
**19.10** Man. Utd. - Arsenal 28.08.11
**19.40** Everton - WBA
**21.20** Newcastle - Southampton
**23.05** Premier League World 2014
**23.35** Swansea - Chelsea

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp **21.30** Frá Haga í maga

## STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.40** Are You There, Chelsea?
**19.00** Hart of Dixie
**19.45** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**20.35** Baby Daddy
**21.00** Flash
**21.45** Arrow
**22.25** Sleepy Hollow
**23.10** Supernatural
**23.50** Hart of Dixie
**00.35** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**01.25** Baby Daddy
**01.45** Flash
**02.30** Arrow
**03.10** Sleepy Hollow
**03.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Latibær **08.47** Strumparnir **09.12** Kalli á þakinu **09.34** Tommi og Jenni **09.40** Ævintýraferðin **09.53** Tommi og Jenni **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Latibær **12.46** Ævintýraferðin **13.00** Strumparnir **13.25** Kalli á þakinu **13.47** Tommi og Jenni **13.53** Tommi og Jenni **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Elías **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Latibær **16.46** Ævintýraferðin **17.00** Strumparnir **17.25** Kalli á þakinu **17.47** Tommi og Jenni **17.53** Tommi og Jenni **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Astro boy **20.35** Sögur fyrir svefninn.

## GULLSTÖÐIN

**18.00** Strákarnir
**18.25** Friends
**18.50** Mom
**19.15** Modern Family
**19.35** Two and a Half Men
**20.00** Heimsókn
**20.20** Eitthvað annað
**21.00** The Following
**21.45** Chuck
**22.30** Cold Case
**23.10** Ally McBeal
**23.55** Vice
**00.20** Heimsókn
**00.40** Eitthvað annað
**01.20** The Following
**02.00** Chuck
**02.45** Cold Case
**03.30** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.55** Chasing Mavericks
**12.50** That Thing You Do!
**14.35** The Other End of the Line
**16.25** Chasing Mavericks
**18.20** That Thing You Do!
**20.10** The Other End of the Line
**22.00** Captain Phillips
**00.15** Room in Rome
**02.00** The Heat
**03.55** Captain Phillips

## RÚV

**13.00** Víkingalottó
**15.20** HM í handbolta karla *(Katar - Þýskaland)*
**17.30** Táknmálsfréttir
**17.40** HM-stofan
**18.00** HM í handbolta karla *(Spánn-Danmörk)*
**19.30** Fréttir
**19.53** Íþróttir
**19.55** Veðurfréttir
**20.00** Gettu betur Spurningakeppni framhaldsskólanna sem einkennist af stemningu, spennu og virkri þátttöku allra sem að koma. Spyrill er Björn Bragi Arnarsson, spurningahöfundar og dómarar eru Margrét Erla Maack og Steinþór Helgi Arnsteinsson.
**21.15** Kiljan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** HM-stofan
**22.45** Raquela drottning
**00.05** Scott og Bailey
**00.50** Kastljós
**01.10** Fréttir
**01.25** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**13.55** Cheers
**14.20** Jane the Virgin
**15.00** Parenthood
**15.40** Minute to Win It
**16.25** The Biggest Loser - Ísland
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** The Millers
**20.10** Svali & Svavar
**20.45** Survivor
**21.20** Madam Secretary
**22.05** Blue Bloods Vinsæl þáttaröð með Tom Selleck í aðalhlutverki um valdafjölskyldu réttlætis í New York borg.
**22.50** The Tonight Show
**23.35** Scandal
**00.20** How to Get Away with Murder
**01.05** Madam Secretary
**01.50** Blue Bloods
**02.35** The Tonight Show
**03.20** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2015
**11.00** Golfing World 2015
**11.50** European Tour 2015
**15.50** PGA Tour 2015
**18.50** Golfing World 2015
**19.40** PGA Tour 2015 - Highlights
**20.35** Golfing World 2015
**21.25** PGA Tour 2015 - Highlights
**22.20** PGA Tour 2015

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


WWW.KFC.IS
Eldheitur og rjúkandi
BLAZIN'
BOXMASTER™
Mættur aftur!
1.079 kr.
1.849 kr.
Fáðu þér boxmáltíð:
Blazin' Boxmaster, 3 Hot Wings, franskar gos og Lakkrísdúndur
Blazin' Boxmaster:
Zinger kjúklingabringa, brakandi beikon, ostur, kál, kartöfluskífa, bragðmikið salsa, toppað með sjóð-heitri chipotle-sósu.
KFC
svooogott™

## MORGUNMATURINN



**„Ég fæ mér oftast hafragraut með kanil og pínu hunangi, stórt glas af vatni og kaffibolla."**

Sigríður Huld Ingvarsdóttir myndlistarnemi.

# Viðtal í Bítinu breytti lífi hans

Lögreglumaðurinn Gestur K. Pálmason var á leið í vinnu þegar líf hans breyttist.

„Ég var í bílnum á leiðinni í vinnuna einn morguninn, var að keyra hjá Perlunni, þegar ég heyri viðtal við konu í Bítinu á Bylgjunni. Þetta viðtal breytti lífi mínu," segir lögreglumaðurinn Gestur K. Pálmason.

Í viðtalinu var rætt við konu sem var markþjálfi. „Ég hafði ekki hugmynd um hvað þetta var og mig langaði að skoða þetta betur, svo ég fór og gúgglaði þetta um leið og ég kom í vinnuna. Það vildi svo skemmtilega til að þá var akkúrat að byrja nám í markþjálfun í HR, svo ég ákvað bara að skrá mig," segir Gestur.

Hann segir námið hafa valdið töluverðri breytingu á högum sínum, námið hafi átt einstaklega vel við hann og breytt lífi hans til hins betra. „Þetta varð til þess að ég fann alveg nýja ástríðu fyrir starfi mínu. Öll samskipti tóku breytingum til batnaðar, ég sem hélt að ég væri með allt á hreinu. Nú hef ég mun meiri áhuga á öðru fólki en sjálfum mér," segir hann.

**„ Þetta varð til þess að ég fann alveg nýja ástríðu fyrir starfinu mínu. Öll samskipti tóku breytingum til batnaðar, ég sem hélt að ég væri með allt á hreinu.**

Gestur segist hafa lært heilmikið af þessu. „Ég get með sanni sagt að þetta viðtal í Bítinu hafi verið „lifechanging"," segir lögreglumaðurinn. -asi



**GESTUR** Fann nýja ástríðu fyrir starfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**SYSTKINASYNIR** Steinarr Lár og Lárus Guðbjartsson eiga KúKú Campers.

MYND/AÐSEND

# Héldu að beiðnin væri Nígeríusvindl

Íslenska fyrirtækið KúKú Campers er notað í stærðar auglýsingu á vegum tæknirisans Google. Hún verður sýnd um heim allan og er mikil landkynning.

„Google hafði samband en ég hélt að þetta væri bara eitthvert Nígeríusvindl," segir Steinarr Lár, sem á vefsíðuna KúKú Campers ásamt Lárusi Guðbjartssyni. Þar er lögð áhersla á að sýna ferðamönnum að hægt sé að keyra hringinn í kringum Ísland án þess að það kosti allt of mikla peninga.

Tæknirisinn Google hafði samband við þá félaga og vildi fá að nota heimasíðu fyrirtækis þeirra í heljarinnar auglýsingu sem komin er í loftið. Hingað til lands kom fjöldi fólks í október, meðal annars frá Los Angeles og London til þess að taka upp auglýsinguna en hún var unnin í samstarfi við Pegasus.

„Það voru um 40 manns víðs vegar að úr heiminum sem tóku þátt í að búa til þessa auglýsingu. Hún var tekin upp á Suðurlandi, við suðurströndina og einnig á Reykjanesinu og í Hvalfirði. Þetta er bæði mikil kynning fyrir fyrirtækið okkar og Ísland yfirhöfuð," segir Steinarr. Auglýsingin verður sýnd í sjónvarpi og á netinu og eru þeir félagar mjög ánægðir með útkomuna.

Samstarf Google og KúKú Campers hófst þó töluvert áður en umrædd auglýsing fór í vinnslu. „Í upphafi höfðu þeir áhuga á að gera svokallaða tilviksrannsókn [e. case study] um okkar síðu. Google vill vera fremsta fyrirtækið á netinu og til þess að verða fremstir fylgjast þeir með hvaða síður eru að gera það gott, það er að segja hvaða síða er með mikla traffík, lengd heimsóknartíma og þess háttar," útskýrir Steinarr. „Þeir vildu því taka okkar síðu og greina hana, af hverju traffíkin var svo mikil á okkar síðu, við vorum upp með okkur."

Google gerir slíkar tilviksrannsóknir fyrir heimasíður um allan heim sem fyrirtækinu þykir áhugaverðar og því mikil viðurkenning að hljóta slíkt.

➜ Hingað til lands kom fjöldi fólks, meðal annars frá Los Angeles og London, til þess að taka upp auglýsinguna.

KúKú Campers var stofnað árið 2012 og hefur fyrirtækið vaxið hratt. „Þegar fjöldi iðnaðarmanna yfirgaf landið í kringum hrun var fjöldi sendibíla settur á sölu. Við byrjuðum á að kaupa einn slíkan og breyta honum í húsbíl og bjuggum til heimasíðuna í kjölfarið. Það gekk svo vel og bókanirnar hrönnuðust upp," segir Steinarr. Nú er fyrirtækið með um 200 húsbíla á sínum snærum, af öllum stærðum og gerðum og er jafnframt stærsta húsbílaleiga landsins.

KúKú Campers er jafnframt mikið fjölskyldufyrirtæki þar sem Lárus og Steinarr eru systkinasynir og móðir Steinars sér um bókhaldið og móðir Lárusar sér um að sauma hitt og þetta fyrir fyrirtækið.

gunnarleo@frettabladid.is

# Með vinnustofuna í gömlu fjósi

Hulda Ólafsdóttir tók ákvörðun um að þora og stofnaði fyrirtækið Hjartalag.

„Þetta byrjaði á þessum ljóðum og textum sem ég vissi ekki hvað ég átti að gera við. Setti þau inn í dagbækurnar mínar og geymdi. Svo ákvað ég að prufa að setja textana á myndir, setti þær í sölu og það gekk rosalega vel," segir Hulda Ólafsdóttir, grafískur hönnuður, sem stofnaði fyrirtækið Hjartalag árið 2013.

Hulda selur einnig tækifæriskort, dagatöl, hjörtu úr plexígleri, hjartalaga kertabera úr lituðu plexígleri og fleira. Hún segir hugrekki hafa þurft til að opinbera ljóðin. „Þess vegna byrjaði ég rosalega varlega með þessum myndum og fékk svo ótrúlega góð viðbrögð að ég ákvað að þora," segir hún og bætir við: „Sumum líkar og öðrum ekki, ég er ekkert að reyna að höfða til allra." Hún segist alltaf hafa haft gaman af handverki en ljóðaáhuginn er fremur nýtilkominn. „Ljóð hafa aldrei áður höfðað til mín, mér datt aldrei í hug að lesa ljóð án þess að vera neydd til þess." Hulda hafði lengi átt sér þann draum að vinna fyrir sér með hönnun sinni en vinnustofa hennar er í gömlu fjósi í kjallara heimilis hennar. „Draumurinn átti alltaf að rætast, það var bara spurning um hvenær það hefðist." -gló



**HULDA** Vinnustofa Huldu er gamalt fjós sem hún gerði upp ásamt börnum sínum. MYND/AUÐUNNNÍELSSON


ÚRVAL ÚTSÝN
Gljaðu þér
VIÐ AÐ BÓKA FERÐ TIL MALLORCA
APARTMENTOS VISTA CLUB
Hótelið er í 300 m. fjarlægð frá miðbæ Santa Ponsa.
Barnaklúbbur og skemmtidagskrá.
SÓLARDAGAVERÐ: 77.400 KR.
mv. 2+3 Í ÍBÚÐ MEÐ 2 SVEFNHERBERGJUM | 9.-16. júní
FONTANELLAS PLAYA
Gott íbúðarhótel á Playa de Palma, frábær staðsetning,
hjólaleiga og barnaklúbbur.
SÓLARDAGAVERÐ: 92.900 KR.
mv. 2+2 Í ÍBÚÐ MEÐ 1 SVEFNHERBERGI | 9.-16. júní
FERGUS TOBAGO
Mjög gott hótel á besta stað í Palmanova, við ströndina.
Barnaklúbbur og skemmtidagskrá.
SÓLARDAGAVERÐ: 98.900 KR.
mv. 2+2 Í FJÓRBÝLI MEÐ HÁLFU FÆÐI | 2.-9. júní
FERGUS CALA BLANCA SUITES
Glæsilegt hótel, svítur, barnaklúbbur, ponyhestasýning,
skemmtidagskrá, einkaströnd, sannkallaður lúxus.
SÓLARDAGAVERÐ: 120.100 KR.
mv. 2+2 Í SVÍTU MEÐ MORGUNVERÐI | 26. MAÍ-2. júní
SÓLARDAGAR
ÚRVALS ÚTSÝNAR
BETRA VERÐ TIL MALLORCA
Næstu 10 daga, 28. janúar - 6. febrúar verða Sólardagar hjá Úrval Útsýn.
Þá bjóðum við ferðir til fjölskylduparadísarinnar Mallorca á betra verði.
Dagflug, íslensk fararstjórn og góð hótel í strandbæjunum Palmanova, Santa Ponsa
og Playa de Palma þar sem öll fjölskyldan getur fundið eitthvað við sitt hæfi.
PANTAÐU NÚNA OG TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Í SÓLINA!
PIPAR/TBWA SÍA
Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is
Innifalið í verði hjá Úrvali Útsýn er flug, gisting, íslensk fararstjórn,
flugvallaskattar, 20 kg ferðataska og handfarangur.

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

WOWAIR.IS

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tónlist við ofurhetjustiklu

Fyrsta stiklan úr ofurhetjumyndinni Fantastic Four var frumsýnd á netinu í gær en hún er væntanleg í bíó í haust. **Ólafur Arnalds** samdi tónlistina við stikluna en hann hefur undanfarið vakið athygli fyrir tónlist sína í bresku sjónvarpsþáttaröðinni Broadchurch. Tónlist hans hljómaði einnig í stiklu spennumyndarinnar Looper, auk þess sem hann átti lag í fyrstu Hunger Games-myndinni. Fram undan hjá Ólafi er spilamennska á Hlustendaverðlaununum sem fara fram í byrjun febrúar. - fb



### Skemmtir í Gautaborg

Leikarinn og grínarinn Þorsteinn Guðmundsson kemur fram með Mið-Íslandi næstkomandi laugardag. Spéfuglinn Ari Eldjárn verður fjarverandi því sama kvöld verður hann staddur í Svíþjóð þar sem honum er ætlað að stýra verðlaunaafhendingunni á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Gautaborg. Ari sinnti sama verkefni á síðasta ári og hlakkar til að endurtaka leikinn. „Það tókst ágætlega í fyrra en það er samt nett spenna í manni þar sem þetta er stór hátíð,“ segir Ari. - fbj



### Mest lesið VÍSIR

1 Guðjón: Auðvitað gerir læknirinn hrikaleg mistök í máli Arons
2 Yfir sex þúsund manns hafa sótt íslenskt kynlífsmyndband: „Ég bað hann um að hætta“
3 Bróðir konunnar segir að um hræðilegt slys hafi verið að ræða
4 Fékk nóg af erlendum svindlurum: Heldur þeim í símanum eins lengi og hún getur

ÚTSALA
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR
Sjónvarpsmiðstöðin
SÍÐUMÚLA 2 SÍMI 568 9090 • www.sm.is

WOW...
ÞESSI KEMUR STERKUR INN!


KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS
Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, 999 kr. bókunargjald - og töskugjald ekki innifalið.